

# Iðjubjálfinn

Fagblað iðjuþjálfa



## Til hamingju

# Iðjubjálfafélag Íslands í 30 ár



Fortíð



Nútíð



Framtíð



icepharma



Lynghálsi 13 · 110 Reykjavík · Sími 540 8000 · Fax 540 8001 · [www.icepharma.is](http://www.icepharma.is)

# Frá ritnefnd

## Kæru lesendur.

Afmælisárið er runnið upp, Iðjuþjálfafélag Íslands er 30 ára! Ritnefnd óskar félaginu innilega til hamingju.

Iðjuþjálfinn ber að þessu sinni augljós merki þess að 30 ár eru liðin frá stofnun félagsins. Hægt er að fræðast um sögu félagsins í máli og myndum, sjá stöðu iðjuþjálfunar í samfélaginu, hve margir iðjuþjálfar eru starfandi, hvernig skiptist fjöldinn á landið og margt fleira.

Margar áhugaverðar greinar eru í blaðinu, sem og viðtöl, kannanir og kynningar á hinum ýmsu fag-/ og áhugahópum.

Ritnefnd þakkar félagsmönnum kærlega fyrir góðar undirtektir með greinaskrif og góðar undirtektir í könnun nefndarinnar.

**Með bestu óskum um gleðilegt sumar,  
ritnefnd Iðjuþjálfans 2006.**



## Efnisyfirlit

Pistill formanns .....	4
Viðtal við Snæfríði	
Egilsson .....	5
Faghópur um iðjuþjálfun barna .....	7
How Full is Your Backpack? .....	8
Iðjuþjálfar - skoðanir og reynsla nema í sérskipulögðu B.Sc. námi .....	10
Viðtal við Hope Knútsson .....	16
Áhugahópur iðjuþjálfar starfandi með öldruðum .....	18
Faghópur iðjuþjálfa á geðsviði – Giðjurnar ...	19
Molar úr sögu félagsins ..	20
Staða iðjuþjálfunar á Íslandi og þróun á 30 árum - könnun .....	24
Leikni í að nota hjólastól - könnun .....	26
Bókakynning .....	31
„Ég hef alltaf verið að fikra mig áfram hvernig ég á að eignast vini og svona en ég hef aldrei eignast vini“ Rannsókn á félagslegri þátttöku unglings með hreyfifrávik .....	32
Handleiðsla .....	36
Faghópur iðjuþjálfa í heilsugæslu .....	37
Iðjuþjálfun á bráðasjúkrahúsi .....	38
Vettvangsteymi Barna- og unglingsageðdeildar LSH 40	
Starfsendurhæfing á Norðausturlandi .....	42
Sjúkrakennsla .....	45
Ágrip úr verkefnum útskriftarnema í iðjuþjálfun frá Háskólanum á Akureyri 2006 .....	47
Pistill frá Siðanefnd .....	50



## Að lifa, vinna og njóta lífsins

### Tengsl iðju og heilsu

Ráðstefna á Hótel Nordica í Reykjavík  
29. og 30. september 2006  
Stórfenglegt afmælishóf verður að kvöldi 30. september

Ráðstefnugjald báða dagana ásamt afmælishófi kr. 20.000.-  
Ráðstefnugjald báða dagana kr. 16.000.-  
Ráðstefnugjald annan daginn kr. 11.000.-  
Nemendagjald báða dagana kr. 11.000.-  
Stakur miði á afmælishóf kr. 6.000.-

## Iðjuþjálfinn

Fagblað iðjuþjálfá

### Stjórn IPÍ

Lilja Ingvarsson, formaður  
Birgit Schov, gjaldkeri  
Sigrún Ásmundsdóttir  
Sigbrúður Loftsdóttir  
Sigurbjörg Hannesdóttir  
Fanney Karlisdóttir, varamaður  
Rósa Hauksdóttir, varamaður

### Umsjón félagaskrár

Pjónustuskrifstofa SIGL

### Ritnefnd (ritnefnd.ii@sigl.is)

Ása Lind Porgeirs dóttir  
Edda Björk Skúladóttir  
Harpa María Örlygsdóttir  
Hólmdís Freyja Methúsalemsdóttir  
Kristbjörg Rán Valgarðsdóttir

### Ritstjóri

Ása Lind Porgeirs dóttir

### Prentvinnsla

Prents miðjan Svansprent

**Forsíðumyndin** er af Snæfríði Egilson, doktor í iðjuþjálfun.

**Ritnefnd áskilur sér rétt til að stytta texta og færa til betri vegar. Vitna má í texta blaðsins ef heimildar er getið.**

# Pistill formanns



■ *Lilja Ingvarsson, formaður Iðjuþjálfafélags Íslands*

Aðalfundi Iðjuþjálfafélags Íslands í lok mars tilkynnti dómnefnd niðurstöður úr samkeppni um slagorð um iðjuþjálfun. Setningin sem var valin best er: **Iðjuþjálfun – bjargráð í brennidepli.** Iðjuþjálfun snýst um að virkja skjólstæðinginn til að taka ábyrgð á eigin lífi og leita lausna á iðjuvanda sínum, finna þau bjargráð sem virka fyrir hann.

Á þessu ári eru 30 ár síðan Iðjuþjálfafélag Íslands var stofnað af 10 framsýnum iðjuþjálfum. Strax var byrjað að vinna að því að starfsheitið yrði lögverndað og varð það að raunveruleika árið 1977 þegar lög um iðjuþjálfun voru samþykkt á Alþingi. Eitt af markmiðum félagins var að kom á námi í iðjuþjálfun á Íslandi, enda sáu frumkvöðlarnir að fjölgun í faginu yrði ekki nægilega hröð til að fullnægja þörf fyrir þjónustu iðjuþjálfa nema að mögulegt væri að lera fagið á Íslandi. Árið 1997 hófst nám í iðjuþjálfun við Heilbrigðisdeild Háskólans á Akureyri og fyrstu iðjuþjálfarnir útskrifuðust vorið 2001. Þá voru iðjuþjálfar um 100 talsins, flestir starfandi á höfuðborgarsvæðinu og í stærri þéttbýliskjörnum. Nú eru þeir hins vegar orðnir um 180 og dreifðir um allt land.

Með fjölgun iðjuþjálfra hafa verkefnin orðið fjölbreyttari, nýjar lendur verið unnar, t.d. þjónusta við fólk í heimahúsum á vegum bæjarfélaga, þjónusta við geðsjúka í gegn um valdeflingu og þjónusta við skólabörn. Þessi þjónusta hefur vaxið mest á landsbyggðinni í minni bæjarfélögum en erfiðara hefur reynst að koma á breytingum í stærra þjónustukerfi eins og er á höfuðborgarsvæðinu.

Á þessu ári er efnt til margra spennandi viðburða í tilefni af afmælinu. Hátindur ársins verður án efa tveggja daga ráðstefna í lok september þar sem verða fjölmörg erindi frá iðjuþjálfum, erindi frá notendum þjónustu iðjuþjálfa, sýning á hjálpartækjum og fleira. Ráðstefnunni lýkur síðan með veglegri afmælishátið, þar sem verður tækifæri til að styrkja vináttuböndin og gleðjast saman.

Iðjuþjálfar til hamingju með afmælið. Iðjuþjálfun er fag í vexti með bjarta framtíð. Haldir áfram því góða starfi sem þið vinnið og haldir ótrauð áfram að vinna nýjar lendur.

*Lilja Ingvarsson, formaður.*



# Snæfríður Þóra Egilson fyrsti íslenski iðjuþjálfinn með doktorspróf

- **Nafn:** Snæfríður Þóra Egilson
- **Fæðingarár:** 13. október, 1956
- **Heimili:** Sæviðarsund 39, 104 Reykjavík
- **Fjölskylduhagir:** Gift og á tvö uppkomin börn
- **Menntun:** Meistaránam í iðjuþjálfun, doktorsnám í uppeldis- og menntunarfræði
- **Vinnustaður:** Háskólinn á Akureyri
- **Helstu áhugamál:** Fjölskyldan, fagið, fjallgöngur og ferðalög, klassísk tónlist – sér í lagi kórsöngur. Það er af mörgu að taka...
- **Lífsmottó:** Að lifa, skapa og njóta í sátt við sjálfa mig og umhverfi mitt.
- **Framtíðarsýn iðjuþjálfans:** Þátttaka, virkni og vellíðan í íslensku samfélagi – Iðjuþjálfun vísar veginn!

**F**östudaginn 25. nóvember 2005 fór fram doktorsvörn við félagsví sindadeild Háskóla Íslands. Snæfríður Þóra Egilson lektor í iðjuþjálfun varði doktorsritgerð sína: School participation: Icelandic students with physical impairments (Þátttaka nemenda með hreyfihömlun í skóla-starfi) og varð þar með fyrst íslenskra iðjuþjálfa til að ljúka doktorsprófi. Andmælendur voru dr. Gwynnyth Llewellyn, prófessor við University of Sydney og dr. Grétar Marinósson, prófessor við Kennaraháskóla Íslands. Aðalleiðbeinandi verkefnisins var dr. Rannveig Traustadóttir prófessor við uppeldis- og menntunarfræðiskor Háskóla Ísland en auk hennar sátu dr. Ingvar Sigurgeirsson prófessor við Kennaraháskóla Íslands og dr. Jón Torfi Jónasson prófessor við uppeldis- og menntunarfræðiskor Háskóla Íslands í doktorsnefnd. Tveir erlendir sérfraðingar störfuðu með doktorsnefndinni, þau dr. Wendy Coster prófessor við Boston University og dr. Michael Giangreco prófessor við University of Vermont.

Snæfríður Þóra Egilson lauk stúdentsprófi frá Menntaskólanum í



■ Snæfríður Þóra Egilson.

**Hamrahlið árið 1975, iðjuþjálfaprófi** frá Ergoterapiskolen i Oslo árið 1981 og meistaraprófi í iðjuþjálfun frá San Jose State University í Kaliforníu árið 1994. Snæfríður starfaði um árabil sem iðjuþjálfí með fötluðum börnum og fjölskyldum þeirra. Frá árinu 1997 hefur hún starfað við heilbrigðisdeild Háskólangs á Akureyri, fyrst sem lektor og nýlega hlaut hún framgang í dósentstöðu.

## Hvers vegna ákvaðst þú að fara í doktorsnám?

Árið 1999 ákvað ég að dýpka þekkingu mína á eigindlegum rannsóknaraðferðum og innritaðist því í aðferðafræðinámskeið í Félagsví sindadeild HÍ. Námskeiðið reyndist óhemju skemmtilegt og næstu mánuði safnaði ég gögnum og greindi þau undir styrkri handleiðslu Rannveigar Traustadóttur, leiðbeinanda míns. Það var svo síðla árs 2000 að ég gerði mér grein fyrir því að ég væri með það mikil og áhugavert efni í höndunum að líkast til stefndi í doktorsverkefni. Þetta var því ekki

meðvituð ákvörðun í upphafi heldur ferli og þróun sem tók völdin.

## Um hvað fjallaði doktorsverkefnið þitt?

Verkefnið fjallaði um þátttöku nemenda með hreyfihömlun, 6-12 ára, sem stunda nám í almennum grunnskólum. Kannað var að hve miklu leyti börnin töku virkan þátt við ýmsar aðstæður í skólanum og jafnframt hvaða þættir stuðluðu að eða drógu úr þátttöku þeirra og virkni. Áður hafði ég starfað um árabil sem iðjuþjálfí með fötluðum börnum og fjölskyldum þeirra, meðal annars í nánum tengslum við skólakerfið. Ég var því að rannsaka svið sem ég þekkti frá fornu fari.

## Hvernig upplifun var það að verja doktorsverkefnið fyrir fullum sal af fólk?

Auðvitað var tilhugsunin um vörningina svoltið stressandi, sér í lagi þar sem allt fór fram á ensku. Þegar á hólminn kom reyndist þetta hins vegar gaman og hvetjandi - frábær lok á löngu ferli. Ég fann mikinn stuðning og áhuga frá



■ Það var margmenni á doktorsvörninni í hátiðarsal Háskóla Íslands.

fjölskyldu, vinum og samstarfsfólkí í salnum og naut dagsins.

#### **Hvernig er að vera fyrsti iðjupjálfinn með doktorsgráðu á Íslandi?**

Það verður að segjast eins og er að ég leiði nú hugann ekki mikið að því. Auðvitað hef ég metnað fyrir eigin hönd og fagsins en allt á sinn tíma. Þetta var mikið lærðomsferli. Þegar vörnin var afstaðin sneri ég mér hins vegar að næstu verkefnum og málum sem biðu úrlausnar. Stundum hef ég hreinlega þurft að minna mig á að þetta sé afstaðið.

Það skiptir miklu fyrir fagið að við séum virk og sýnileg í fræðasamfélögini. Ég vona því að fleiri feti sömu braut, enda eflir slík menntun og veitir jafnframt mikilvæga innsýn og ögun í vinnubrögðum. Ég lærdi margt af rannsóknarferlinu, meðal annars hvað gefst vel og hvað ber að varast. Einnig lærdi ég ýmislegt um mig sjálfa sem manneskju og rannsakanda.

#### **Hvers vegna kaustu að gera þetta á ensku?**

Það voru tvær meginástæður fyrir því. Í fyrsta lagi var viðfangsefnið mjög

sérhæft og það reyndist erfitt að manna doktorsnefndina mína með íslenskum fræðimönnum. Það hefði orðið snúið að finna two íslenska andmælendur með innsýn í viðfangsefnið og aðferðafræðina. Það lá því nokkuð beint við að skrifa á ensku. Í öðru lagi fannst mér brýnt að taka þátt í alþjóðlegri umræðu um málefnið og það er auðveldara ef verkið er mótað og skrifað á ensku.

Ég valdi þá leið að greina gögnin á íslensku en skrifa um niðurstöður á ensku. Í reynd flakkaði ég þó töluvert milli tungumálanna tveggja. Þetta fól í sér töluverðan tvíverknað og seinkaði ferlinu, en ég held þó að það hafi orðið til þess að bæta verkið þar eð ég nálgadist efnið frá enn fleiri hliðum.

#### **Er eitthvað sem þú vilt bæta við?**

Ég er stolt af því að vera iðjupjálfí á Íslandi enda veita fagið og starfið ótal möguleika. Við höfum mikið fram að færa, bæði hugmyndir og leiðir, sem geta gagnast skjólstæðingum okkar og samféluginu í heild. Hins vegar megum við ekki sofna á verðinum og þurfum því stöðugt að gera kröfur til okkar og annarra ef við viljum veita gæðajónustu í dag og í framtíðinni.

*F.h. ritnefndar  
Hólmdís Freyja Methúsalemsdóttir,  
iðjupjálfí.*



■ F.v. dr. Ólafur Harðarson, forseti félagsvísindadeilda, dr. Gwynnyth Llewellyn, prófessor við University of Sydney, Snæfríður Þóra Egilson, dr. Kristin Ingólfssdóttir rektor við Háskóla Íslands og dr. Grétar Marinósson, prófessor við Kennaraháskóla Íslands.

# Faghópur um iðjuþjálfun barna

Undanfarin ár hafa iðjuþjálfar sem vinna með börnum og ungmennum starfrækt faghóp innan Iðjuþjálfafélags Íslands (IPÍ). Faghópurinn hefur verið virkur í um það bil 15 ár og heldur fundi reglulega. Markmiðin með starfsemi eru helst þau að miðla þekkingu um barnaiðjuþjálfun innan hópssins sem utan og að stuðla að lifandi umræðu um áherslur í þjónustu iðjuþjálfa við börn og ungmenni og fjölskyldur þeirra.

Ötullega hefur verið unnið að því að setja saman, þýða og efla notkun matstækja og má þar nefna Spurningalistu um færni barna við daglega iðju (FBDI), SkólaFærniAthugun (SFA) og Pediatric Evaluation of Disability Inventory (PEDI), en sú þýðing var unnin í samstarfi við barnasjúkraþjálfara. Að auki hafa starfandi iðjuþjálfar komið að þýðingum og rannsóknunum á Sensory Profile matslistunum (SP), Upplifun nemenda af skólaumhverfi (UNS) og Mat barna á eigin iðju (Child Occupational Self Assessment, COSA) svo eitthvað sé nefnt. Pessi vinna hefur bæði farið fram í tengslum við störf og nám iðjuþjálfa og iðjuþjálfanema við Háskólann á Akureyri. Iðjuþjálfar innan faghópsins hafa gegnum tíðina sótt sér og miðlað þekkingu hér á landi sem og erlendis. Faghópurinn hefur tekið þátt í að skipuleggja námskeið með kunnum erlendum iðjuþjálfum á bord við Anita Bundy, Wendy Coster og Winnie Dunn.

Petta starfsárið var ákveðið að helga fundina stuttum kynningum á lokaverkefnum í sérskipulögðu BSc námi og umræðu um hvaða merkingu þær niðurstöður hafa fyrir áherslur í þjónustu iðjuþjálfa í nútíð og framtíð. Fyrirhugað er að kynna þessar niðurstöður víðar, svo sem í Iðjuþjálfanum og Glæðum (blaði sérkennara). Verið er að leita fleiri leiða til að koma niðurstöðum á framfæri við þá sem koma að málum barna og ungmenna hér á landi. Fundir faghópsins, sem ýmist eru haldnir í hádegi eða að kveldi, eru opnir öllum iðjuþjálfum og iðjuþjálfanemum sem áhuga hafa á þessu sérsviði innan iðju-

þjálfunar. Í dag telur hópurinn 30 skráða meðlimi. Þar af eru tveir sem skipta framkvæmdanefnd, en í hennar hlut fellur að halda utan um fundarboðun og fundargerðir auk annars skipulags sem til fellur.

Nýlega var stofnuð Norðurlandsdeild innan faghópsins, en iðjuþjálfum sem sinna þjónustu við börn og ungmenni norðan heiða hefur fjölgat til muna með tilkomu námsbrautar í iðju-

þjálfun við Háskólann á Akureyri. Tengiliður Norðurlandsdeilda er Sara Stefánsdóttir, sem starfar í Síðuskóla, Akureyri, netfang: sarastef@internet.is.

Framkvæmdastýrur faghópsins eru þær Erla B. Sveinbjörnsdóttir, sem starfar í Meðferðarteymi barna við Heilsugæsluna í Grafarvogi, netfang: erla.bjork.sveinbjornsdottir@grvog.hr.is og Sigríður Kr. Gísladóttir, iðjuþjálfí á Miðstöð heilsuverndar barna, netfang: sigridur.kr.gisladottir@hr.is. Þeir sem hafa áhuga á að vera með í faghópnum eða vilja fræðast nánar um starfsemina er bent á að hafa samband við þær.

*Fyrir hönd faghópsins,  
Erla B. Sveinbjörnsdóttir  
og Sigríður Kr. Gísladóttir*



## Kynnum nýja vinnustóla fyrir börn!

I febrúar 2006 skrifluðu A.Karlsson og Tryggingastofnun Ríkisins undir samning um vinnustóla og ónnur hjálpartaeki. Fyrir áhugasama er haegt að fá vinnustóla lánaðan til prfu. Hafið samband og við þjónustum þig.

**A. KARLSSON**  
SÍÐAN 1975

Brautarholti 28 · 105 Reykjavík · Sími 5 600 900 · Fax 5 600 901  
[www.akarlsson.is](http://www.akarlsson.is) · [ak@akarlsson.is](mailto:ak@akarlsson.is)

# How Full is Your Backpack?



■ Karen Jacobs, Ed.D., OTR/L, FAOTA  
Clinical Professor  
Boston University

Department of Occupational Therapy &  
Rehabilitation Counseling  
635 Commonwealth Ave.  
Boston, MA 02215 USA

■ **Sem svar við kalli náttúrunnar, er ég að skipuleggja vikulangt ævintýri á Hornstrandir. Hornstrandir, eins og þið vitið, eru nyrsti hluti Vestfjarða og eru vægast sagt mjög afskekktur staður. Þegar ég undirbý mig fyrir þetta ævintýri, þá kemur mér á óvart hversu líkir þeir hlutir sem ég hef meðferðis: bakkoki, svefnþoki, primus, matur, vatn, áttaviti, stígvél og fót, eru þeim hugtökum, þekkingu og styrk, sem eru mikilvægir fyrir frama iðjupjálfunar á Íslandi næstu 30 árin. Við verðum að vera framsýn og velja þá framtíð sem við óskum okkar starfsstétt. Hversu vel við skipuleggjum þessa framtíð mun hafa áhrif á hvernig iðjupjálfun mun blómstra í umhverfi sem verður sífellt þróaðra, í meiri fjárhagslegri samkeppni og þar sem pólitisk ábyrgð eykst stöðugt.**

■ **LYKILORD**  
Advocacy, negotiation skills,  
occupation

**H**eeding the call of the wild, I am planning a week-long wilderness adventure to Hornstrandir. Hornstrandir, as you know, is the most northern part of the Westfjords and is very isolated. As I prepare for this trek, I am struck by how closely the items I am selecting such as a backpack, sleeping bag, cooking equipment, food, water, navigational tools, boots & clothing, represent those items, skills, and resources that will be crucial for the growth of occupational therapy in Iceland over the next 30 years. We must be farsighted and choose the future we desire for our profession. How effectively we prepare for this future will have an impact on occupational therapy's ability to flourish in a terrain that will be more technologically complex, economically competitive, and politically accountable.

## Selecting a Well-Designed Backpack

The backpack seems a particularly apt metaphor for the structure that will carry the resources and tools of our profession into its new era, and can be used to promote our vision that occupation is essential to individuals' and society's health and well being. Selecting a backpack is the first step in preparing for our trek. It must be designed appropriately, and should be tailored to size and capabilities of the wearer-of the individual practitioner and of our profession as a whole. Our backpack should be sturdily constructed with well-padded shoulder straps, waist and pelvic belts and padded back panels to prevent abrasion and to enhance stability, and should include reflective trim for increased visibility. We must work diligently, individually and collectively, to ensure that occupation, be recognized as method, outcome, and core of occupational therapy through infusion in education, research, and practice. We must also be aggressive in our support of and advocacy for scientific inquiry and pragmatic investigation that builds the occupational

therapy profession's evidence-based body of knowledge. We must participate in strategic partnerships to achieve communities where human occupation is recognized as fundamental to quality of life and social participation, as well as central to social, educational, and health care policies in Iceland. One strategic partnership with The Public Health Institute of Iceland for National Backpack Awareness Week and the translation of Stretch Break for Kids (<http://people.bu.edu/kjacobs/>) into Icelandic provides a good model, but more partnerships are needed.

## Loading the Backpack

Selecting the appropriate items to go in the backpack is vital, especially when the terrain is rugged, isolated, and sometimes, unknown. Sometimes the sheer amount and variety of hiking gear to choose from can be intimidating. Because unwise choices can result in inadequate preparation for the wild, overloading, or unbalanced loads, mentors should be consulted as resources in this selection and resource-distribution process. These mentors can be our former academic instructors, colleagues, peers and others. The only criterion is that this long-term relationship focuses on our personal and professional growth.

Creativity would be one "light weight" skill I would load in my backpack. Robert K. Cooper, author of *The Performance Edge* (Boston: Houghton Mifflin, 1991), provides suggestions for developing a creative attitude. These include establishing and maintaining an open mind and spirit of inquiry; removing hidden obstacles to creative thinking, such as preconceived notions; looking for anomalies and rejecting old explanations; asking creative questions; listening and paying attention; continually expanding and developing expertise in work and play; being willing to be uncertain; gathering data; and being goal-directed, not goal-governed. To enhance creativity, occupational therapists will also need

to provide themselves with mentally simulating experiences, such as writing fiction, nonfiction or poetry. Mihaly Csikszentmihalyi, PhD, former professor and chairman of the Department of Psychology at the University of Chicago and author of the Flow suggests that developing intellectual interests through creative writing or even working on crossword puzzles can enhance one's flow of thought. Sudoku fans are on the right path, too! (Jacobs, 1992).

Daniel W. Davenport wrote, "The greatest problem in communication is the illusion that it has been accomplished." Communication skills are an essential item to include in my backpack. Occupational therapists must be able to communicate effectively to any market. Being multilingual will no longer be considered an advantage, but will be mandatory for all occupational therapy practices, particularly in multicultural environments and business and industry.

Hiking and camping gear will continue to evolve. Similarly, continued technological advances in health and rehabilitation science, such as virtual reality and telerehabilitation will allow occupational therapists to provide evaluation and intervention through virtual communication media. These kinds of technological innovations will also foster increased collaboration, mentoring, and evidence-based research globally.

A compass is a requisite navigational tool for negotiating the wilderness and provides the backpacker with the ability to find their way through unfamiliar terrain. Likewise, diplomacy and negotiation skills will provide our profession with the ability to advocate effectively for our goals and to steer ourselves through uncharted political terrain in all arenas: education, health, prevention, rehabilitation. Principled negotiation as described by Fisher, Ury and Patton, authors of Getting to Yes: Negotiating Agreement Without Giving In (New York: Viking Penguin, 1991) is one successful technique. Principled negotiation is based on four fundamental principles of negotiation: 1) the participants are problem-solvers, that is, problems are differentiated from people (e.g., "soft on the people, hard on the problems"); 2) there is a

willingness to explore options with the focus on interests, not positions; 3) options for mutual gain are created; and 4) results are reached based on objective criteria.

Leadership skills are another item for my backpack. Like tents used in camping, leadership has many different forms. However, all leaders must be visionary and thrive on change. Successful leaders should follow the suggestions of Tom Peters, author of Thriving on Chaos (New York: Knopf, 1987). Peters writes that to survive in a chaotic world, one should foster innovation by involving everybody in everything (e.g., collective responsibility), listening, celebrating, and recognizing achievement ("manage up" which means to share a compliment about a friend or coworker with others), developing self-managing teams, recruiting well, training and retraining, providing individuals with incentive pay, guaranteeing employment, delegating, evaluating people based on their love of change and measuring what is important (Jacobs, 1992). These strategies will facilitate growth-oriented, collegial environments, which are critical ingredients to flourishing in the next 30 years.

### Beginning Our Journey

When the time comes to put on your backpack, it would be wise to heed the following well-accepted advice:

1. Always wear both shoulder straps and adjust them so the pack fits snug against your back and close to your body
2. Fasten and adjust the waist and pelvic belts to secure and center the load.

I think this advice is a reminder for our profession to tailor our tools to our stated goals, to streamline our strategies, and to maintain our equilibrium as we forge ahead along our envisioned path in the coming era.

Similarly, we must be mindful of our hiking technique and style, both in terms of our locomotory biomechanics

and our attitudes toward the journey. There is an old Quaker saying—"Let your life speak" that Cooper refers to in another of his books, The Other 90% (New York: Three Rivers Press, 2001), that is particularly appropriate in this regard. As Cooper comments, "That's what happens when you come through on your promises, time after time. There are four essentials for making this happen:

1. Believe you can make a difference.
2. Promise what you will do.
3. Do what you promise.
4. Hold yourself responsible for your commitment and efforts, even when you can't control the outcome." (p. 112).

We must realize that individual backpacks and the items within them will not alone guarantee that our professional will flourish in the next 30 years. However, the increasing numbers of backpacks carried by occupational therapists who daily promote the value of occupation to all markets in Iceland, will do so. In Nelson Mandela's words, "There is no passion to be found playing small-in settling for a life that is less than the one you are capable of living." The same wisdom applies to our profession-there is tremendous strength in numbers, especially when these numbers include a growing legion of practitioners trained, mentored and accompanied in their trek by the leaders composing the University of Akureyri's Department of Occupational Therapy and the Icelandic Occupational Therapy Association.

### References

- Cooper, R. (1991). *The Performance Edge*. Boston: Houghton Mifflin.  
Cooper, R. (2001). *The Other 90%*. New York: Three Rivers Press  
Fisher, R. Ury, W. and Patton, B. (1991). *Getting to Yes: Negotiating Agreement Without Giving In*. New York: Viking Penguin.  
Jacobs, K. (October/November, 1992). A 21st Century Survival Kit. *Rehab at Work. Rehab Management*, p. 121-122.  
Peters, T. (1987). *Thriving on Chaos*. New York: Knopf.



# Iðjuþjálfar – skoðanir og reynsla nema í sérskipulögðu B.Sc. námi



■ Elín Ebba Ásmundsdóttir,  
lektor við HA og forstöðu iðjuþjálfarí geðsviðs  
Landspítala Háskólasjúkrahúss.

■ **Fimmtíu og einn iðjuþjálfar með diplómanám að baki hófu sérskipulagt B.Sc. nám haustið 2003 við Háskólann á Akureyri. Í einum áfanganum svoruðu 47 nemar 20 spurningum varðandi fagleg mállefni. Eigindlegar rannsóknaraðferðir voru notaðar til að vinna úr svörum. Nemarnir gerðu m.a. grein fyrir af hverju þær hefðu valið iðjuþjálfafagið, farið í sérskipulagt B.Sc. nám, hvernig þær útskýrðu iðjuþjálfun og hvort fagið væri pólitiskt eða ekki. Togstreituefni í daglegu starfi voru könnuð sem og markaðsetning fagsins.**

■ **Í svörum nemanna kom m.a. fram að þær væru ánægðar í starfi, og að mestu vonbrigði þeirra í starfi tengdust þeiri stöðugu baráttu að sanna gildi sitt. Iðjuþjálfar töldu sig skipta sköpum fyrir fagið í tengslum við frumkvöölastarf, þróun þjónustunnar og að vera góðar fyrirmynndir. Fagleg þróun iðjuþjálfafagsins hefur verið mikil síðustu árin. Félagið er 30 ára og margir félagsmenn tilbúnir til frekari landvinningu í markaðsmálum stéttarinnar.**

**S**amkvæmt rannsókn greinarhöfundar á viðhorfum íslenskra iðjuþjálfar til fag- og menntamála (Elín Ebba Ásmundsdóttir, 1999, 2000) kom í ljós að 70% iðjuþjálfar hafði áhuga á að sérskipulögðu námi til B.Sc. gráðu yrði komið á laggirnar. Sextíu prósent þeirra sem ekki höfðu hlotið B.Sc. gráðu í sínu grunnnaði höfðu áhuga á að stunda slíkt nám, ef það yrði í boði. Áttatíu iðjuþjálfar svoruðu spurningarlistanum um viðhorf íslenskra iðjuþjálfar til fag- og menntamála, sem var 92% svarhlutfall og í þeim hópi voru 55 einstaklingar með diplómanám að baki.

## ■ LYKILORD

**Iðjuþjálfar, viðhorf, reynsla, fag- og menntamál.**

Haustið 2003 bauð Háskólinn á Akureyri upp á sérskipulagt B.Sc. nám og skráðu sig strax 51 iðjuþjálfar í námið (Kristjana Fenger og Guðrún Pálmadóttir, 2004). Ef áætlanir standast munu 86% af upphaflega hópnum ná að ljúka náminu. Þrjátíu og tveir útskrifuðust vorið 2005 og reiknað er með að 12 útskrifist vorið 2006.

Greinarhöfundur kenndi hluta af einum áfanga í sérskipulagða B.Sc. náminu haustið 2003 sem nefndist Þjónusta iðjuþjálfar - ÞJI0105F. Eitt verkefni nemanna var að svara 20 spurningum sem viðkomu iðjuþjálfafaginu. Bókin Professional Development and Reflective Practice eftir Elisabeth Anne Kinsella var notuð sem hugmyndaauðgi við gerð spurninganna (Kinsella, 2000). Það voru 47 nemar af 51 sem svoruðu spurningunum. Í svörum var samankomin mikill fróðleikur sem snerti alla stéttina og gögnin voru ígildi rannsóknargagna. Því var fengið leyfi nemanna til að halda svörum og vinna úr þeim til birtingar í Iðjuþjálfarum, fagblaði Iðjuþjálfafélags Íslands.

Allir nemarnir voru kvenkyns og því verður talað um neman í kvenkyni. Notuð verða bæði orðin iðjuþjálfar og nemar í textanum. Aðeins verður gerð grein fyrir hluta af spurningunum sem nemarnir fengu. Í niðurstöðunum geta tvær spurningar eða fleiri hafa verið settar saman. Spurningarnar eru ekki settar fram í þeirra röð sem nemarnir fengu þær.

Eigindlegar rannsóknaraðferðir voru notaðar til að lýsa reynslu og skoðunum nemanna á faglegum málEfnum (Creswell, 1998; Taylor og Bogdan, 1998). Þær spurningar sem hægt var að flokka eftir þema, voru unnar á svipaðan hátt og í könnun greinarhöfundar á meðal skjólstæðinga í starfsendurhæfingu (Elín Ebba Ásmundsdóttir, 2004). Í þeirri könnun voru spurningar notaðar úr einu matstæki faglíkansins um iðju mannsins (Kielhofner, 2002), „The Worker Role Interview“ (Velozo, Kielhofner & Fisher, 1998), þýtt á íslensku sem „Viðtal um starfshlutverk“. Þar voru svör flokkuð í fjögur þemu eftir því hvort þau tengdust líkunum á því að skjólstæðingar skiluðu sér aftur út á vinnumarkaðinn. Með þessa reynslu í farteskinu var lesið yfir öll svör nemanna til að ná fram mest ríkjandi þemum og athuga hve stórt hlutfall þau hefðu miðað við heildarsvörum.

## Samantekt frá svörum nemanna

Þær spurningar sem nemarnir fengu tengdust faglegum málEfnum og þeim sjálfum. Þær þurftu að skoða sjálfa sig sem fagmenn á gagnrýnan hátt, umhverfið sitt og skjólstæðingsvinnuna.

## Af hverju valdir þú iðjuþjálfastarfið og hafa væntingar þínar staðist?

Aðalforsenda þess að velja iðjuþjálfun sem fag, var áhugi nemanna á að starfa með fólk, láta gott af sér leiða eða að fullnægja hjálparþörfinni. „Ég

varð iðjuþjálfí því að hugmyndafræði iðjuþjálfa heillaði mig og mér fannst hún passa minni lífssýn“. Starfskynning eða áhugasviðspróf hafði komið 17% á sporið. Í 13% tilvika höfðu nemarnir valið iðjuþjálfun fyrir tilviljun. Einhver í fjölskyldunni hafði sagt þeim frá starfinu eða forvitni fékk þær til að athuga starfið nánar. „Var í menntaskóla og kynntist þar fullorðinni konu sem vildi klára stúdentinn til að læra iðjuþjálfun. Hún hafði verið húsmóðir í 20 ár. Mér fannst þetta svo áhugavert að ég forvitnaðist um hvað eiginlega starfið gengi út á“.

Pegar þær voru spurðar hvort væntingar til starfsins hafi staðist, var því svarað nánast undantekningarlaust já og yfir 20% tóku fram að starfið hafi farið fram úr væntingum. „Væntingar varðandi starfið hafa staðist og ef eitt-hvað er þá finnst mér starfið fjölbreyttara en ég átti von á“.

Aðeins 6% nefndu að væntingar hefðu breyst í gegnum árin. Nemarnir voru samt ánægðir að hafa valið iðjuþjálfastarfið og enginn ætlaði að snúa sér að öðru. „Mér finnst þetta vera frábært starf, en mig óraði aldrei fyrir því hvað þetta gæti verið flókið og krefjandi starf á allan hátt og oft vanmetið... Ég hef oft staðið frammi fyrir því, að vera ein í hópi fagfólks með ákveðnar skoðanir sem innlegg í umræður, skoðanir sem hafa jafnvæld verið framandi“. Einn nemi með langan starfaldur lýsti vel á hvern hátt tilfinning hennar gagnvart faginu hefði breyst frá því að hún hóf störf. „Það var baráttu að það vantaði úrræði í kerfið og launin voru léleg. Baráttuandinn þjappaði iðjuþjálfum saman... Fáir iðjuþjálfar tóku þátt eða afstöðu almennt til þjóðfélagsmála, þeir beindu áhuganum meir og meir inn á við. Senn kom að því að leiðir skildu... Starfið innan stofnana varð meira sérhæft, horft var til vesturs. Það var kominn nýr liðsandi. Með hann unnum við nýja sigra, námið var í höfn. En við misstum næstum því af lestinni“.

Vonbrigði tengd starfinu voru umhverfisþættir ekki skjólstæðingsvinnan. Þættir eins og að stéttin væri lítið þekkt, að hún ætti erfitt uppdráttar, fengi litla umbun eða viðurkenningu, launin lág og að iðjuþjálfar þyrftu stöðugt að vera að sanna sig gagnvart örðrum stéttum olli þeim vonbrigðum. „Mér finnst það

truflandi að þurfa að vera alltaf í hálfgerðri vörn fyrir fagið og mig og enn vera að útskýra hvað við gerum“.

### Hvað er iðjuþjálfun?

Dæmisögurnar sem iðjuþjálfarnir komu með, þegar þær voru spurðar á hvern hátt þær myndu útskýra iðjuþjálfun, tengdust oftast þeim skjólstæðingshópi sem þær voru að vinna með. „Litli hérinn sem átti fimm

■ „Ég varð iðjuþjálfí því að hugmyndafræði iðjuþjálfá heillaði mig og mér fannst hún passa minni lífssýn“.

eldri og fimm yngri systkini og var alltaf síðastur og síðast valinn. Hann gat ekki hoppað sundur né saman, fór ekki rétt í fötin sín. Fannst leiðinlegt að hann byrfti alltaf hjálp frá bróður sínum og stundum var hlegið að honum. Hann sagði mömmu sinni frá þessu og mammam varð hissa, því hann var duglegastur að fara út í búð og vinna í kálgardínum. Mamman varð miður sín og fór með hann til stóra bangsa. Hann sagði þeim frá iðjurénu sem var rétt hjá læknum. Þangað fór fullt af dýrum sem áttu við svipuð vandamál að stríða“.

Ef það voru aldraðir þá tengdust sögurnar kannski gömlum bílum sem þurftu aðstoð í umferðinni. Sumir voru úr sér gengnir og svo gamlir að ekki voru til varahlutir. „Að halda gamla Fordinum gangandi. Styðja hann í að lýsa upp sína sterkustu eiginleika, hjálpa honum að finna stystu leiðina til að komast á áfangastað og nýta orkuna sem best... Stuðla að því að hann komist í ökuferð og geti notið sín sem best á meðal hinna bílanna“.

Það gat líka verið nýlegur bíll sem dekkið sprakk á. „Veit nú ekki alveg hvernig á að skipta um svona dekk á svona bíl, en er með verkfæri sem geta komið að gagni... næst getur þú skipt sjálf og þarf ekki að eyða mörgum klukkutímum í að bíða eftir hjálp, sem kannski aldrei kemur“.

Einn neminn kom með dæmi um hljómsveitina sem ekki fann tóninn, til að útskýra iðjuþjálfun. „Að aðstoða hljómsveitina við að finna tóninn, verður hún að vita hvað hún vill geta spilað og hvar hún vill spila það...

Hún verður að setja sér tímamörk t.d. að tónleikar skuli verða haldnir eftir mánuð. Starf mitt felst í því að styðja hljómsveitina gegnum þetta ferli“.

Iðjuþjálfinn aðstoðaði fólk við að láta drauma sína rætast. Móður langaði til að fara til útlanda, á æskustöðvarnar, ásamt syni sínum en hann var með skerta færni og lélegt sjálfstraust. Iðjuþjálfinn fór heim til fjölskyldunnar og útvegaði m.a. þau hjálpartæki sem þurfti til heimilisins og ferðalagsins. Annað dæmi um hvernig iðjuþjálfar starfa, er um konu á miðjum aldri sem alltaf var þreytt og orðin óvirk. Iðjuþjálfinn kom heim til hennar og hjálpaði henni að forgangsraða, finna út með henni hvað væri mikilvægast í lífinu og byrja þannig að koma henni í gang aftur.

Vinsælasta svarið var þó máls-hátturinn „Gefðu hungruðum manni fisk, þá seður þú hungur hans í einn dag. Kenndu honum að veiða, þá seður þú hungur hans ævilangt“. Flestir tóku þó önnur dæmi sem tengdust því, að gera fólk sjálfbjarga með skjólstæðingsmiðaðri nálgun. Það var tilgangslaust að kenna manninum að veiða fisk ef hann sæi engan tilgang með þeirri iðju, fannst kannski fiskur vondur og það tengdist á engan hátt menningu hans, né gildismati.

### Hvers vegna fórst þú í sérskipulagt B.Sc. nám?

Um fjórðungur af iðjuþjálfunum tóku fram að þær hefðu farið í sérskipulagða B.Sc. námið vegna hræðslu við að dragast aftur úr hinum sem færðu í námið. Margar upplifðu þrýsting frá umhverfinu, því námið yrði ekki endurtekið. „Ég upplifði pressu frá umhverfinu, einnig líka dálítinn hræðsluáróður. Ég sit eftir ef ég verð ekki með, á minni möguleika, verð ekki eins góður iðjuþjálfí og hinar, kannski á ég erfiðara með að fá vinnu eftir 5 ár þegar nánast allar verða með B.Sc. nema ég. Ég ætla samt ekki í meistaránám, ég ætla ekki að verða yfirmaður, ég ætla ekki að nota þessa gráðu til eins eða neins, ég fæ ekki einu sinni launahækken út á hana“.

Sérskipulagða B.Sc. námið var hluti af símenntun og tæplega 30% ætluðu sér í framhaldsnám og 90% tóku fram að þær ætluðu í meistaránám í framhaldinu. Nemarnir sáu þarna tækifæri til að efla sig faglega og auka

sjálfstraustið. „Auðvitað er ég líka undir áhrifum og þrýstingi frá sjálfi mér, ég legg jú metnað minn í að vera góður fagmaður, auka þekkingu mína á faginu og þroskast sem iðjuþjálfí og þetta nám er stórr hluti af því“.

### A hvern hátt lærir þú mest og hvað stendur upp úr síðasta árið?

Fyrir utan það hefðbundna, að fara á námskeið, sitja fyrirlestra, lesa greinar og bækur svörudu tveir þriðju nemanna að þær hefðu lært mest af skjólstæðingum sínum og fyrirmundum sem þær unnu með. Viðbrögð og tengsl stóðu upp úr hvað varðaði lerdóm. Skjólstæðingar kenndu iðjuþjálfunum hve mikilvægt það er að vera til staðar, að hlusta og að hver lausn er einstaklingsbundin. „Peir hafa opnað augu míni fyrir margbreytileika fólks, um gildi þess og væntingar, hvað hindrar og hvað gefur tækifæri í daglegu lífi þeirra... Enginn er eins þó sjúkdómsgreiningin sé sú sama, finna þarf sérstaka lausn og nálgun fyrir hann“. „Ég hef lært að maður þarf ekki alltaf að gera eitthvað eða segja eitthvað, til að hafa áhrif og gera öðrum gott eða efta, - bara að hlusta“.

Ellefu prósent nefndu að þær hefðu lært mest af, að skella sér í að gera hlutina sjálfar „learn by doing“ og 6% töku fram að þær hefðu lært mest af mistökum sínum. Aðeins ein tólk fram að sú reynsla að vera skjólstæðingur sjálf, hefði kennt henni mest. „Vera hinum megin við borðið. Það er ekkert grín að vera að missa lífið sitt úr höndunum.. að geta ekki lengur lífa því lífi sem þú hefur ætlað þér... Ef við viljum að fólk sé ábyrgt fyrir eigin heilsu þá verður heilbrigðiskerfið að treysta einstaklingum“.

Flestar töldu að sérskipulagða B.Sc. námið stæði upp úr ef lítið væri til endurmenntunar síðastliðinna ára. Margar töldu að þetta hefði verið hárréttur tími í þeirra starfsferli að komast í slíkt nám, jafnvel himnasending. Þetta var leið til að finna rætur starfsins, tengjast nýjustu hugmyndafræði fagsins, fá tækifæri að yfirfæra hana í daglegt starf og eins að fá þekkingu á nýjustu matsaðferðunum. Gott dæmi um hvernig hugmyndafræðin nýttist var frásögn um samstarf eins nemans við konu sem vildi komast á örorku. Eftir að hafa rætt við hana um líkanið um iðju mannsins (Kiel-

hofner, 2002), um gildi, venjur og trú á eigin áhrifamátt breyttist viðhorf skjólstæðingsinstil örorkunnar. Umræðan um hugmyndafræðina gerði það að verkum að viðkomandi vildi reyna að vinna betur í sínum málum.

### Hvað prýðir góðan iðjuþjálfá?

Nemarnir fengu það verkefni að skilgreina í hverju það fælist að vera t.d. fyrirmundar iðjuþjálfí, meðal iðjuþjálfí eða iðjuþjálfí sem vekti

■ **Pátttaka í sérskipulagða  
B.Sc. náminu er enn ein  
staðfestingin á fróðleiksfýsn  
og metnaði iðjuþjálfunarstétt  
arinnar.**

neikvæðar tilfinningar. Þær áttu síðan að staðsetja sig sjálfar á eigin kvarða. Fyrirmundar iðjuþjálfinn að mati flestra nemanna hafði útgeislun, brennandi áhuga, þor, áræðni og gat farið ótroðnar slóðir. Hún var hlý og skýr, góður hlustandi og treysti fólk. Hún gat tekið gagnrýni, viðurkennt eigin veikleika og leitað sér aðstoðar. Hún starfaði fyrir félagið, vann að hagsmunamálum, fljót að setja sig inn í málín, bar virðingu fyrir öðrum fagstéttum og tók þátt í þjóðfélagsmálum. Fyrirmundar iðjuþjálfinn tók frumkvæði og laðaði það besta fram í fólk. Hún kunni að hrósa, létt almenna skynsemi, innsæi og hugmyndafræði ráða jafnt. Hún hafði áhuga á rannsóknunum og þróun þó að hún væri ekki í því sjálf. Hún gerði mistök og viðurkenndi þau. Hún hafði reynslu, en var ekki fullkomin.

Meðal iðjuþjálfinn hafði marga kosti á við fyrirmundar iðjuþjálfann, en hún hélt sig meira til hlés, fór heim á slaginu fjögur, afgreiddi hlutina fljótt. Hún var ragari við að takast á við ný verkefni, hélt sig frekar við það sem hún þekkti. Hún vann með öðrum stéttum, en samt ekki of náið. Hún tók ekki á launamálum sjálf, treysti á að aðrir myndu sjá um það og átti það á hættu að tuða um óánægju sína út í hornum. Hana skorti metnaðinn sem fyrirmundar iðjuþjálfinn hafði og þorði ekki að skera sig úr eða láta of mikil sín taka.

Það sem einkenndi samstarfsjuþjálfá í faginu sem vöktu neikvæð áhrif hjá nemunum voru þær sem töku nýjungum á neikvæðan hátt, voru

hrokafullar eða fannst að aðrir væru ekki jafnfærir og hún. Viðkomandi sló um sig með háfleygum fræðihugtökum sem fæstir skildu og talaði eins og hún gerði allt og gerði lítið úr öðrum fagstéttum. Hún var upptekin af smáatriðum og var sifellt kvartandi og kveinandi. Hún fór eftir reglum kerfisins, en vann ekki að þörfum skjólstæðinga. Hún fann aldrei út hvernig átti að útskýra iðjuþjálfun. Hún var hrædd við að prófa eitthvað nýtt og var upptekin af vinnufélögunum og því sem þeir voru að gera. Hún gat verið óútreiknanleg í samskiptum, fólkí leið illa í kringum hana, því hún gerði svo mikil mál úr hlutunum og talaði lengi og mikil um smáatriði. Hún var upptekin af því að aðrar stéttir væru að fara inn á hennar verksvið í stað þess að sækja fram. Hún átti erfitt með að miðla og vera í samstarfi. „Sá sem fer í taugarnar á mér veit allt, heldur að hann sé fullkominn og hlustar ekki, hangir í gömlu stöðunni og gömlum vana og fordæmir allar breytingar“. „Er iðjuþjálfí allan sólarhringinn og getur varla talað um neitt af viti nema það tengist iðjuþjálfun á einhværn hátt, telur iðjuþjálfun vera svar alheimsins við öllu“.

### Hvað veldur heilabrotum/togstreitu í starfi og hvað gefur orku?

Afar mismunandi var hvað olli nemunum heilabrotum og togstreitu. Innan við 10% fannst að skjólstæðingar yllu þeim heilabrotum. Þeim fannst t.d. erfitt þegar skjólstæðingar völdu öryrkjahlutverkið fram yfir að reyna að standa á eigin fótum. Eins þegar þurfti að flytja fólk inn á stofnanir vegna þess að það vantaði heimaþjónustu, eftirfylgd eða vegna skorts á úrræðum. Það var líka sárt þegar aðstandendum var ekki sinnt. Meir en helmingur iðjuþjálfá tók fram að langvarandi tímaskortur væri helsta vandamálið, of mörg verkefni á of litlum tíma. Stöðugt var verið að pressa á þær fleiri verkefnum og forgangsröðun sífellt í endurskoðun. Um 17% töku fram að togstreita varðandi mismunandi hlutverk yllu þeim heilabrotum. Erfitt væri bæði að sinna skjólstæðingsvinnu og á sama tíma þurfa að réttlæta mikilvægi stéttarinnar innan faghópsins. Eins var það pressa fyrir marga iðjuþjálfá að þurfa að gera fagið sýnilegra út á við og

reyna að hafa áhrif á ákvarðanatöku á stjórnsýsluplani.

Rúmlega fjórðungur talaði um að þverfagleg vinna ylli togstreitu og vinna innan læknisfræðilega rammans. oft náðist ekki samstaða um hvað væri mikilvægast fyrir skjólstæðinginn. Yfirstjórn og yfirmenn gátu líka valdið iðjuþjálfbum heilabrotum, t.d. vegna áhrifaleysis varðandi ákvarðanatöku um áherslur í þjónustu. Meðal annars tók einn neminn dæmi um skjólstæðing sem hafði tiltölulega góða færni þegar hann útskrifaðist, en fékk ekki heimsókn iðjuþjálfa, því sú íhlutun var ekki talin mikilvæg. Svo liðu þrjú ár og þá höfðu hrannast upp vandmál sem hefði verið hægt að fyrirbyggja með heimsókn iðjuþjálfa á sínum tíma. Viðkomandi var orðinn svo illa haldinn að allir teymismeðlimir þurftu að koma að málunum með tilheyrandi kostnaði. „Við byrjum á vitlausum enda í heilbrigðiskerfinu, erum alltaf að fást við afleiðingar og leggjum mest upp úr læknisfræðilega hlutanum“.

Einn neminn hafði velt vel fyrir sér síðareglum iðjuþjálfa þegar hún fór að fá nema reglulega í vettvangsnám. Þá gerði hún sér m.a. grein fyrir því að hún var að þjóna tveimur kerfum, skjólstæðingunum annars vegar og stofnuninni hins vegar. Hún gerði sér grein fyrir því að ef hún lenti í klemmu, þá ættu hagsmunir skjólstæðingsins að ganga fyrir. Í starfi hennar gátu orðið árekstrar á milli þarfa skjólstæðinga og stefnu stofnunarinnar vegna fordóma í kerfinu, eða þegar sjálfssákvörðunarréttur skjólstæðinga var ekki virtur og/eða þegar engir valmöguleikar voru í boði. Síðareglurnar tóku af öll tvímæli og hjálpuðu henni að standa með skjólstæðingunum.

Helmingur nemanna svaraði að hrós fyrir vel unnin störf gæfu mesta orku. Um 20% tóku fram að þær fengju mestu orkuna þegar þær gerðu sér grein fyrir því að íhlutun þeirra hefði skilað sér, og/eða þegar einhverju verkefni var lokið sem hafði tekið langan tíma. „Eftir protlausar endurtekningar og prófun á hinum ýmsu hjálpartækjum var komið að því að fara heim til hennar bar sem hún ætlaði að elda fyrir sig og dætur sínar twær. ...Hún fór hægt yfir, notaði viðeigandi hjálpartæki og komst klakklauð í gegnum ferlið. Öll vinnan og erfiðið sem á undan var gengið hafði skilað sér. Ég horfði á

mæðgurnar og þakkaði í hljóði fyrir að iðjuþjálfun væri til“.

Það gaf iðjuþjálfunum líka orku þegar skjólstæðingar hringdu eða stoppuðu viðkomandi löngu seinna og þökkuðu fyrir íhlutun iðjuþjálfans. Það virtist ekki merkilegt meðan á því stóð, en að breyta pappír í skál gat orðið til þess að skólanám hæfist hjá einum og smá breytingar á húsnæði, hjálpartæki eða að takast að klára hversdagsleg verkefni gátu skipt sköpun fyrir annan. „Ung kona, gift og með 3 lítil börn, kom í iðjuþjálfun. Hún átti ekki langt eftir í þessu lífi og var hætt að gera allt heima sem húsmóðir. Hjá mér bakaði hún bæði brauðbollur og skúffuköku. Stoltið og ánægjan hjá henni yfir að geta fært fjólskyldunni þetta með kaffinu snerti hjartarætur mínar. Ég gleymi heldur aldrei þegar maðurinn hennar sótti hana hve glaður og hræður hann varð... Svona „smáhlutir“ hjá hinum heilbrigða geta orðið stórvíðburðir hjá hinum veika. Pennan dag fór ég heim

■ **Hróð var mesti orkugjafi iðjuþjálfa og ætti stéttin að nýta sér þá þekkingu í samskiptum við samstarfsfólk og yfirmenn.**

full af þakklæti fyrir að hafa valið að vera iðjuþjálfi“.

**Við hvað myndir þú starfa ef þú þyrftir að skipta um starfsvettvang?**

Ef til kæmi að nemarnir þyrftu að velja sér nýjan starfsvettvang truflaði það ekki þennan hóp iðjuþjálfa. Þeim fannst þær hafa reynslu og þekkingu til að takast á við svipuð störf eða starfa við eitthvað allt annað, sem tengdist oft áhugasviði þeirra. Undantekning var að nemarnir veldu sömu störfin og sat ég því uppi með um 40 mismunandir hugmyndir. Dæmi um önnur störf voru: Jöklafraðingur, afgreiðslukona í efnaverslun, innanhúsarkitekt, garðyrkjukona, húsgagnasmíður, flugfreyja, vinnusálfræðingur, viðskiptafræðingur eða ferðamálafræðingur. Eftirfarandi svar kom frá einum nema sem var dæmigert fyrir allan hópinn, en ekki einstakt svar. „Myndi gjarnan vilja verða listmálari og lifa á listinni. En það er ekki hlaupið að því, gæti eins hugsað mér að vinna sem leikskólastjóri og stjórna

leikskóla og því starfi sem þar fer fram. Eins gæti ég hugsað mér að vera kennari eða stjórna meðferðarheimili upp í sveit. Vinna þar sem ráðgjafi með uppeldismenntun. Hafa nokkur börn eða unglings sem lent hafa út af spórinu eða hafa búið við erfiðar heimilisástæður. Ég gæti líka hugsað mér að vera félagsmálastjóri í félags- og skólabjónustu út á landi. Eins gæti ég hugsað mér að vera bæjarstjóri og jafnvæl þingmaður. Ég gæti hugsað mér að vinna í ferðamannaiðnaðinum, vera í móttöku á hótelri eða skipuleggja ferðir fyrir útlendinga“.

**Hvernig markaðssetetur þú þig sem iðjuþjálfa og hvernig markaðssetetur þú fagið?**

Nánast allir töldu sig vera að markaðssetja sig og fagið í sínu daglega umhverfi.

Svörin sem iðjuþjálfnar gáfu var að markaðssetning tengdist öllu sem viðkom þeirra starfi. Hvernig þær kæmu fram við skjólstæðinga, hvernig þær skrifuðu skýrslur, hvernig þær höfðu samskipti við samstarfsmenn og yfirstjórn. „Með vönduðum vinnubrögðum, með að sýna samstarfsfólk virðingu, að vera opin fyrir nýjum hugmyndum, vera jákvæð og hvetjandi, virk í teymisvinnu og hrósa og taka eftir því sem aðrir gera og vera sveigjanleg“.

Markaðssetning á faginu sjálfu var að vera sýnilegur utan vinnustaðarins þ.e.a.s. aðskrifasblöðin, tala á ráðstefnum eða taka þátt í þjóðfélagsumræðunni og þá að þær tækju fram að þær væru iðjuþjálfar. Að láta vita við hvað þær störfuðu á meðal vina, vandamanna og þá sem þær umgengust var hluti af markaðssetningunni. „Að gera fagið sýnilegt og vinna fjölbreytt, að vera jákvæð og taka nýjum starfsmönnum vel. Að láta í mér heyra og tala um iðjuþjálfun hvar sem er. Taka þátt í samstarfi við aðra og halda námskeið, halda erindi á ráðstefnum, að vinna faglega og skrifa um það sem ég er að gera“. Dæmi um hugmyndir að markaðssetningu var að félagið gerði t.d. athugasemdir við hluteigandi aðila ef aðrir ynnu þau verk sem iðjuþjálfar voru sérmennaðir í. Ónnur dæmi um markaðssetningu var að sækja um störf þó þau væru ekki auglýst sem iðjuþjálfastörf, klifra hærra og hærra upp þjóðfélagsstigann, hrósa kollegum

sem stóðu sig vel, ekki að gagnrýna og tala illa um fagið og umfram allt að styðja hvor aðra í launabaráttunni.

### **Er iðjuþjálfastarfið pólitískt?**

Pó að um 75% af nemunum fyndist starf sitt pólitísk voru það rúm 10% sem sögðu nei og önnur 10% sem voru á báðum áttum. Flestum nemanna fannst að starf sitt væri pólitískt vegna þess að þær störfuðu með fólk sem höfðu takmarkað frelsi vegna sérþarfa og/eða af því að það væri örðruvísí. Umhverfið bæði hindraði og gaf tækifæri til þátttökum var mótað af fólk sem hafði pólitískt vald. Iðjuþjálfafagið var að því leyti pólitískt starf, ef neminn vildi hafa áhrif á umhverfið og auka færni skjólstæðinga. „Við iðjuþjálfar erum alltaf í samspili við umhverfið og þær stefnur og strauma sem eru í gangi hverju sinni. Við þurfum að hafa skoðun á því sem er að gerast í þjóðfélaginu og reyna að benda á leiðir til úrbóta sem eru skjólstæðingum okkar til hagsbóta. Það er m.a. á grundvelli hugmyndafræði okkar að við viljum sjá þjóðfélagið í ákveðnum farvegi og finnst mér því iðjuþjálfastarfið tvímaðalaust geta talist pólitískt starf“.

Það var pólitík þegar iðjuþjálfar voru afgreiddir með að ekki væri hægt að ráða fleiri iðjuþjálfa á vinnustaðinn, á meðan það vantaði lækna og hjúkrunarfæðinga. Það var pólitík ef yfirmenn skóla litu á iðjuþjálfu sem heilbrigðisstétt, því þá áttu þeir ekki erindi í skólanu nema þeir væru ráðnir af heilsugæslunni. Það var pólitík ef iðjuþjálfar fengu ekki að veita börnum og unglungum íhlutun í sínu rétta umhverfi, heldur urðu að gera það inni á stofnunum í tilbúnu umhverfi og aðstæðum. Það var pólitík hvernig launum var dreift í landinu. Það var pólitík að iðjuþjálfar voru að mestu konur og enginn iðjuþjálfí var í hópi hálaunaafólks. Það var pólitík að félagið hafði ekki samning við TR. Það var líka pólitík þegar sveitafélögum réðu ekki iðjuþjálfu til starfa. „Starf mitt er og hefur alltaf verið pólitískt og ég sjálf hef mótað af menntun minni og starfi, menntun stuðlar að því að verða pólitískur því menntun felur í sér að skoða umhverfið og draga ályktanir“. Sumir voru að hvetja sjálfa sig og aðra að kannski væri pólitískur vettvangur leiðin til að hafa áhrif til að bæta þjónustuna við skjólstæðingana. „Pess

vegna verðum við að fara í pólitík til að hafa áhrif og hætta að rifast úti í horni“.

### **Pegar þú munt líta til baka við starfslok, hvaða áhrif hefur þú haft á fagið?**

Framtíðarsýn flestra iðjuþjálfa var að þeir hefðu skipt máli fyrir fagið,

**■ Iðjuþjálfastarfið er örðruvísí og margar hafa valið fagið einmitt vegna sérstöðu þess.  
En vegna sérstöðu getur fylgt meiri baráttu.**

þegar þær myndu líta yfir farin veg. Um 30% sögðu að þær hefðu verið frumkvöðlar og tekið þátt í nýsköpun, önnur 30% töldu sig hafa haft áhrif á þróun fagsins og 32% fannst þær hafa staðið sig vel sem fyrirmyn dir. Margar voru sannfærðar um að við starfslok, væru þær búnar að hafa þau áhrif, að öðru fagfólk fyr dist nauðsynlegt að iðjuþjálfi væri í teyminu. Að margar nýjar stöður hefðu verið settar í gang á þeim stað sem þær kannski byrjuðu einar að starfa, að fagið myndi njóta virðingar og góð laun væru í boði fyrir þá sem leggðu metnað í störf sín. „Mín framtíðarsýn er að það verði jafn sjálf sagt og auðvelt að leita til iðjuþjálfa og það að leita til þjónustufulltrúa banka“.

### **Vangaveltur**

Íslenskir iðjuþjálfar eru duglegir að fylgjast með og tileinka sér það nýjasta sem er að gerast í faginu. Þátttaka í sérskipulagða B.Sc. náminu er enn ein staðfestingin á fróðleiksfýsn og metnaði iðjuþjálfunarstéttarinnar. Það sama kom fram í rannsókn greinarhöfundar, að 60% af þeim sem höfðu diplómanám höfðu áhuga á sérskipulögðu námi (Elín Ebba Ásmundsdóttir, 1999, 2000). Þá voru 55 með diplómanám og frá því að sú rannsókn var gerð fór Háskólinn á Akureyri að útskrifa B.Sc. nema. Má því ætla að ekki hafi verið mikil fjölgun diplómaiðjuþjálfa og því var þátttakan í sérskipulagða B.Sc. náminu miklu hærri en 60%. Eftir að kennslan hófst við Háskólinn á Akureyri hefur fagið tekið kipp hvað varðar þróun. Iðjuþjálfar leggja

áherslu á hugmyndafræði í starfi sínu og mikilvægi góðra matstækja. Stöðugildi, útbreiðsla og sýnileiki stéttarinnar á hins vegar lengra í land.

Nemarnir voru í heildina litið, ánægðar í starfi og svipuð sýn var í rannsókn greinarhöfundar, eða að 91% voru bjartsýnar eða mjög bjartsýnar með framtíðarhorfur stéttarinnar (Elín Ebba Ásmundsdóttir, 1999, 2000). Vætingar varðandi starfið sem iðjuþjálfir höfðu staðist. Vonbrigðin tengdust hins vegar því hvað fagið var óþekkt, lág laun, stöðugar kröfur um meiri afköst og að vera í endalausri baráttu við að sanna tilverurétt sinn. Ekki virðist mikil hafa breyst í þeim efnunum frá því að rannsókn greinarhöfundar var gerð, en þá sögðu 81% iðjuþjálfa að þeim fyndist mikil eða mjög mikil þörf að sjá breytingu á stöðu fagsins gagnvart öðrum faghópum (Elín Ebba Ásmundsdóttir, 1999, 2000).

Iðjuþjálfar áttu ekki í vandréðum með að koma með tillögur að örðrum störfum sér til handa ef þær þyrftu að vinna við eitthvað annað en iðjuþjálfastarfið. Tuttugu og átta prósent úr rannsókn greinarhöfundar gátu vel hugsað sér eða mjög vel hugsað sér að vinna við eitthvað annað en iðjuþjálfun í framtíðinni (Elín Ebba Ásmundsdóttir, 1999, 2000). Iðjuþjálfastarfið er örðruvísí og margar hafa valið fagið einmitt vegna sérstöðu þess. En vegna sérstöðu getur fylgt meiri baráttu, og í versta falli útskúfun og fordómar. Iðjuþjálfar hafa nýtt sér þessa reynslu að vera örðruvísí og unnið með skjólstæðingum í hagsmunabaráttu þeirra.

Hrós var mesti orkugjafi iðjuþjálfa og ætti stéttin að nýta sér þá þekkingu í samskiptum við samstarfsfólk og yfirmenn. Frásagnir nemanna gáfu einnig leiðbeiningar um hvað prýddi fyrirmyn dar iðjuþjálfann og hvaða kröfur þær gerðu til kollega sinna. Fyrirmyn dar iðjuþjálfinn samsamar lýsingu á einstaklingi með góða sjálfsmýnd, en lýsingin á því umhverfi sem sumir nemarnir unnu við og olli þeim heilabrotum var lýsing á umhverfi sem samsamar einstaklingi með lélega sjálfsmýnd.

Í umhverfi sterkrar sjálfsmýndar er hlustað á fólk, það er virt og unnið er á jafningjaplani. Það er engin samsömum að hafa völd eða tilheyra stétt sem er virt og að hafa sterka sjálfsmýnd. Skjólstæðingar eru oft með lélega

sjálfsmynd vegna færniskerðingar og áhrifaleysis. Í menntun iðjuþjálfa eru þær undirbúnar fyrir að takast á við skjólstæðinga og umhverfi þeirra. Iðjuþjálfar geta nýtt sér þessa þekkingu í eigin vinnuumhverfi og litið á það sem skjólstæðing sem þarf að vinna með.

Dæmisögur nemanna um spurninguna „hvað er iðjuþjálfun“ voru litríkar, skemmtilegar og fræðandi. Sögurnar staðfestu að það er ekki svo erfitt að útskýra iðjuþjálfun, enda sögðu aðeins 20% iðjuþjálfar í rannsókn greinarhöfundar að þeim finnast erfitt að útskýra hvað væri iðjuþjálfun (Elín Ebba Ásmundsdóttir, 1999, 2000). Iðjuþjálfun í dæmunum var lífið sjálf. Að verða háður og ósjálfbjarga eyðileggur drifkraft fólk og sjálfsmyndina. Ef ástandið verður viðvarandi koðnar fólk niður og hættir að vera skapandi og hafa áhrif á nánasta umhverfi. Iðjuþjálfar þurfa á áhrifasólkni að halda ef þær ætla sér að breyta áherslum í þjónustunni, einnig einstaklingum sem hafa reynslu af að missa færni yfir langan tíma. Einstaklingum sem hafa verið háðir en hafa náð tökunum á sínu lífi aftur. Það er erfitt fyrir stjórnálamenn að vera áhrifalausir í stjórnarandstöðu. Iðjuþjálfar geta nýtt sér þessa reynslu til að markaðssetja fagið á meðal þeirra. Iðjuþjálfar verða líka að gera sér grein fyrir því að á meðan skjólstæðingar sætta sig við að fá aðeins læknisfræðilega þjónustu og hjúkrun, mun eftirsprungin eftir iðjuþjálfum ekki aukast. Því þarf stöðugt að upplýsa almenning og skjólstæðinga um hvað iðjuþjálfun hafi upp á að bjóða.

Flestir nemanna voru meðvitaðir um að þeir væru stöðugt að markaðssetja sig. Markaðssetning er mikilvæg fyrir fagþróun. Iðjuþjálfar sem sleppa því að taka það fram að þær séu iðjuþjálfar þurfa að velta fyrir sér af hverju þær gera það.

Stór hluti iðjuþjálfa litu á sig sem frumkvöðla. Drifkraftur margra var að skapa eitthvað nýtt og hafa áhrif. Priðjungur af nemunum töldu sig hafa haft áhrif á þróun stéttarinnar þegar þær litu yfir farinn veg. Svipaðar tölur voru í fyrrí rannsókn greinarhöfundar, þar sem 39% töldu sig hafa haft áhrif á þróun stéttarinnar (Elín Ebba Ásmundsdóttir, 1999, 2000). Að hafa áhrif á stjórnssýsluplaní hefur ekki verið í forgangsröðun hjá iðjuþjálfum, kannski vegna þess hve ung stéttin er. Á meðal

iðjuþjálfa finnast góðar fyrirmyn dir, fagmenn með áratuga reynslu í fagþróun og frumkvöðlastarfi, skref yfir í stjórnssýsluna ætti því ekki að vera stórmál fyrir þessa stétt sem er þrítug á árinu.

## Iðjuþjálfafélag Íslands

### 30 ára

Í ár 2006 verður Iðjuþjálfafélag Íslands 30 ára. Árið 1976 þegar kraftmiklir einstaklingar stofnuðu Iðjuþjálfafélag Íslands var greinarhöfundur að taka sín fyrstu spor í námi. Hope Knútsson, fyrsti formaður félagsins, var mikill áhrifavaldur, ekki bara fyrir iðjuþjálfafagið, heldur hefur hún einnig haft áhrif á íslenskt samfélag. Hún létt ekki stoppa sig að vera útlendingur, öðruvísi, ekki bara í málfari heldur líka í últiti, tilburðum og klæðum. Hún hafði og hefur hugsjón, það er hægt að breyta, það er hægt að hafa áhrif.

Ég var ein af mörgum iðjuþjálfum sem Hope hafði áhrif á. Trú hennar á að ég gæti skipt sköpum virkaði svo sannarlega á mig. Í gegnum samskipti míni við hana hélt ég að ég væri einstök og að mér væri ætlað sérstakt verkefni. Ég lærði af okkar fyrsta formanni hvað það skiptir miklu máli að hafa trú á fólk og geta deilt draumum sínum með öðrum og þannig séð á hvern hátt hægt er að ryðja burtu hindrunum til að ná markmiðum sínum. Ég er þakklát fyrir að Hope smitaði mig af hugsjón sinni, að vinna að betra samfélagi þar sem „öðruvísi“ eiga líka að fá tækifæri til að láta gott af sér leiða og skipta sköpum.

Stór hluti iðjuþjálfastéttarinnar lítur á sig sem frumkvöðla. Eitt af mörgum dænum um það er sérskipulagða B.Sc. námið. Frumkvöðlar námsbrautarinnar við Háskólan á Akureyri, þær sem hönnuðu sérskipulagða B.Sc. námið, eiga mikið hrós og þakkir skilið. Það kostaði nemana svita og tár að læra nýja hluti og þroskast á þann hátt. Það kostaði þær sem skipulögðu og miðludu þekkingu af metnaði og umhyggju, líka svita, tár og svefnlausar nætur.

Iðjuþjálfastéttin á Íslandi er áhugavert verkefni til frekari rannsókna. Hvers vegna eru iðjuþjálfar tilbúnir að leggja á sig ómælda vinnu til að hefjanám, bæta við sig námi, flytja til útlanda eða á milli landshluta án þess að uppskera stöðuhækkun eða launahækkanir? Hefur þessi stétt einhverja sértæka persónueiginleika? Hvað inniber það að vera öðruvísi stétt? Er hægt að

nýta siðareglur iðjuþjálfafélagsins til að hafa áhrif á þróun þjónustunnar? Pessar spurningar og margar aðrar eru á hugaverð rannsóknarverkefni fyrir rannsóknarkonur og menn framtíðarinnar.

## Heimildarskrá

Cresswell, J. W. (1998). *Qualitative inquiry and research design: Choosing from five traditions*. Thousand Oaks: Sage.

Elín Ebba Ásmundsdóttir, (1999). Lýðeinkenni íslenskra iðjuþjálfa og viðhorf þeirra til menntamála. *Iðjuþjálfinn*, 1;7-13.

Elín Ebba Ásmundsdóttir, (2000). Viðhorf íslenskra iðjuþjálfa til fagmála. *Iðjuþjálfinn*, 1;20-27.

Elín Ebba Ásmundsdóttir. (2004). The Worker Role Interview - a powerful tool in work rehabilitation. *Work - a journal of prevention, assessment & rehabilitation*, 22;21-26.

Kristjana Fenger og Guðrún Pálmadóttir (2004). Upgrading a diploma education to a bachelor of science degree. *Poster for COTEC, 7th European Congress in Athens*, 22-24 Sept.

Kielhofner, G. (2002). *Model of Human Occupation: Theory and application*. Lippincott Williams & Wilkins: Philadelphia.

Kinsella, E. A. (2000). *Professional Development and Reflective Practice*. Ottawa: CAOT Publications.

Taylor, S. J. & Bogdan, R. (1998). *Introduction to qualitative research methods: A Guidebook and resource* (3rd.ed.). New York: John Wiley & Sons.

Velozo, C., Kielhofner, G., & Fisher, G. (1998). A user's guide to the Worker Role Interview (WRI) (version 9.0). Chicago: Model of Human Occupation Clearinghouse, Department of Occupational Therapy, College of Applied Health Sciences, University of Illinois at Chicago.



# „Komdu í gær og gerðu það sem þú vilt!“



■ Hope Knútsson  
fyrsti formaður Iðjupjálfafélagsins.

## *Hver er fyrsta minning þín tengd iðjupjálfun á Íslandi?*

Ætli það sé ekki best að byrja á því að segja ykkur hvers vegna ég fékk áhuga á Íslandi. Það var á sjöunda áratugnum og ég var á móti ansi mörgu sem var að gerast í Bandaríkjunum. Ég tók virkan þátt í að mótmæla stríðinu í Víetnam, kjarnorkuverum og því að skattpeningarnir mírir voru notaðir í stríðsrekstur. Sem hluti af þroskaferlinu vildi ég fara til Evrópu, til gamla heimsins (The Old world), ferðast til landa þar sem meiri hefð var fyrir sosí-aldemókratískri stjórnarháttum. Árið var 1969 og ég ákvað að fljúga með Loftleiðum til Evrópu sem þá var þekkt sem hippaflugfélag. Flugferðin var mjög skemmtileg því í vélinni var fullt að fólk með gítar, þar á meðal ég, og við spiliðum og sungum á leiðinni. Þar að auki var þetta líka ódýrasta leiðin til Evrópu. Á leiðinni til meginlands Evrópu þurfti flugvélin að millilenda á Íslandi og mér fannst við hæfi að vera að minnsta kosti í sólarhring á landinu og skoða mig um. Þetta var í fyrsta skipti sem ég ferðaðist út fyrir Bandaríkin og ég féll strax fyrir Íslandi.

Ég upplifði Ísland eins og paradís á jörðu. Hér voru til að mynda engir skattpeningar notaðir til stríðsreksturs. Ég fór Gullna hringinn svokallaða (Pingvelli, Gullfoss og Geysi) og kynntist þannig aðeins landinu. Hér var mikið talað um öflugt velferðakerfi, eitt-hvað sem ég var ekki von frá Bandaríkjum, og ég varð undrandi um hversu heilsusamlegt íslenskt þjóðfélag var. Mér fannst eins og það hlyti að vera heilbrigtr að ala upp börn á Íslandi. Ég reyndar átti hvorki mann né börn á þessum tíma en mér fannst Ísland strax vera stórkostlegt land. Eftir þessa stuttu viðkvöl á Íslandi hélt ég áfram fór minni til meginlands Evrópu þar sem ég var í sex vikur í ævintýraferð. Ég var allan þann tíma að hugsa um Ísland og hvernig það leit öðruvísí út, eins og það væri paradís.

Það var þá sem mér datt í hug að kanna hvort það vantaði iðjupjálfá á Íslandi. Þegar ég var komin aftur til New York skrifði ég bréf til Heilbrigðisráðuneytisins og spurði hvort það vantaði iðjupjálfá á Íslandi. Ég fékk fljótlega svarbréf sem hljómaði einhvern veginn svona: „Vantar okkur iðjupjálfá? Það vantar 100 stk. og það vantar námsbraut í iðjupjálfun. Komdu í gær og gerðu það sem þú vilt!“ Ég hugsaði „Vá! Kannski ætti ég bara að skella mér til Íslands og gera eitthvað í málunum.“ Ég reiknaði með að það tæki kannski fimm ár að stofna skóla, ég var svo bjartsýn!

■ „Vantar okkur iðjupjálfá? Það vantar 100 stk. og það vantar námsbraut í iðjupjálfun. Komdu í gær og gerðu það sem þú vilt!“

Eftir þetta sagði ég við sjálfa mig: „Pú flytur ekki til annarra landa eftir sólarhringsdvöl!“ Ég kom því aftur sumarið eftir og var þá í þrjár vikur og athugaði hvort væri laust starf á Kleppi, en ég er geðiðjuþjálf. Mig langaði að koma einu sinni enn til landsins áður en ég myndi ákveða að flytjast búferlum. Það átti að vera að vetri til en ég var pínulítið hrædd við skammdegið og vissi ekki hvernig ég myndi bregðast við því.

Ég fór því reglulega í afgreiðslu Loftleiða á Kennedyflugvelli og bað Íslendinga, sem störfuðu þar, að kenna mér íslensku og var alltaf að segja; „Ég ætla að flytjast til Íslands!“ Þau sögðu mér að ég væri vitlaus og brjáluð og að ég yrði bara strax fátæk. Mér varð að svari að ég væri ekki að hugsa um peninga, heldur um fagið, og að mig langaði að gera eitthvað spennandi og eins það að mér fyndist meiri jöfnuður á Íslandi. Einhverju sinni varð mér að orði að ef ég ætti að búa á Íslandi þá langaði mig að fara á stefnumót með víkingi. Kom þá að því að inn gekk maður sem var

■ Til að fá betri hugmynd um upphaf iðjupjálfafagsins á Íslandi var Hope Knútsson tekin tali og spurð út í fyrstu skref iðjupjálfafélagsins. Hope var fyrsti formaður Iðjupjálfafélags Íslands og var í því embætti í 22 ár. Þó Hope sé ekki lengur starfandi iðjupjálfí tekur hún enn virkan þátt og er sagnfræðingur félagsins. Hún hefur tekið að sér að klippa út og safna öllum greinum um iðjupjálfun sem birst hafa hérlandis, en það er ómetanlegt fyrir alla heimildavinnu að hafa aðgang að slíkum upplýsingum.

flugvirki. Allir hrópuðu í einu að þarna væri einn fyrir mig. Til að gera langa sögu stutta þá vorum við gift ári síðar!

Ég byrjaði strax að undirbúa stofnun skóla áður en ég flutti til landsins, en ég vissi ekki þá að það þyrfti að stofna félag á Íslandi fyrst. Sjálf lærði ég iðjubjálfun í Columbia háskóla í New York. Í upphafi skrifaði ég bréf til skólastjóra lítilla skóla í litlum löndum þar sem ég sagði að ég væri á leiðinni til Íslands til að stofna skóla og spurði hvernig þau hefðu farið að. Hvað átti ég að forðast og hvað væri best að gera? Ég safnaði allskonar upplýsingum í fjögur ár þar til að ég kom til Íslands. Þá hélt ég að allt myndi ganga bara svona einn, tveir og þrír.

Ég flutti loksins árið 1974 og þá voru bara fáeinir iðjubjálfar starfandi-hér. Það voru: Jóna Kristófersdóttir, Anne Grethe Hansen, Sigríður Loftsdóttir og Didda (Guðrún Pálmadóttir). Síðan voru tvær þýskar systur, sem störfuðu á Grensás og ein norsk kona sem vann á Styrktarfélagi lamaðra og fatlaðra. Við vorum kannski 10-12 manns, sem töludum fjögur tungumál, og við byrjuðum að hittast í kringum byrjun ársins 1975. Ég skrifaði til Heimssambands iðjubjálfa (WFOT) til að athuga hvort til væri handbók um hvernig setja ætti á stofn skóla og fagfélag. Auðvitað var það til og félagið sendi mér upplýsingar um hael. Við fórum síðan eftir handbókinni þegar við sömdum lög fyrir félagið. Það tók heilt ár þýða og semja löggin þar sem við þurftum að nota svo mörg tungumál. Þetta var alveg ótrúlega erfitt, en mjög skemmtilegt og pínu furðulegt.

Það var síðan í febrúar 1976 sem við stofnuðum loks Iðjubjálfafélag Íslands. Ég man vel eftir einni aðvörum sem við fengum frá heimssambandi iðjubjálfa (WFOT) en hún var sú að sætta okkur ekki við skóla fyrir aðstoðarfólk iðjubjálfa. Því það var mjög algengt að stjórnálamenn vildu þannig nám þar sem það var miklu ódýrara og þeir töldu að það væri nóg að vera bara með gott aðstoðarfólk. Við vorum staðráðnar í því að skólinn ætti að hafa gráðu, í stað þess að vera eins og á hinnum norðurlöndunum á þessum tíma. Þá gæti fólk farið beint í framhaldsnám eins og í meistaránám eða doktorsnám.

Árið 1976 var stofnuð námsbraut hér á landi í sjúkraþjálfun og það var í

athugun að gera þetta samtímis. Þá voru 50 sjúkraþjálfarar starfandi hér en ekki nema 12 iðjubjálfar. Það var því ákveðið að við værum ekki með nögu marga verknámsstaði til að geta stofnað skóla. Það liðu 20 ár og það leit út fyrir að það yrði endalaus baráttu að skoða hvort það væri fýsilegt að stofna námsbraut. Þegar nær dróg stofnun

starfaði ég í eitt ár sem aðstoðar félagsráðjafni á göngudeild fyrir geðsjúka. Í framhaldi af því fór ég í meistaránám í iðjubjálfun í Columbia háskóla.

### **Hvaðan kemur íslenska heitið á faginu „iðjubjálfun/iðjubjálfí“?**

Ég hef heyrt að það hafi verið geðlæknir á Borgarspítalanum sem hét



■ Ingibjörg Ásgeirs dóttir og Hope með gítarinn sinn á góðri stundu.

námsbrautarinnar var ennþá vafamál hvar hún ætti heima og Háskólinn á Akureyri, sem var nýstófnuður þá, barðist fyrir því að fá okkur inn. Okkur var tjáð að við myndum ekki hafa neitt vald á við hinar heilbrigðisstéttirnar, ef við yrðum staðsett í Reykjavík, en á Akureyri yrði þetta brautryðjendastarf og að við myndum hafa eitthvað að segja um mótu námsbrautarinnar. Það var mjög heillandi og því ákváðum við að stofna námsbrautina á Akureyri.

### **Var það ástæðan fyrir því að námsbrautin fór norður?**

Nú skal ég ekki segja fyrir víst en það var pólítískur vilji til að stofna fleiri námsbrautir fyrir utan Háskóla Íslands útaf byggðarstefnu og það tengdist því aðallega. Við vorum að reyna að horfa á jákvæðu hliðarnar þótt við hefðum áhyggjur á því að allir kennarar þyrftu að fljúga til Akureyrar.

### **Hvenær útskrifaðist þú sem iðjubjálfí?**

Það var 1967, ég var með B.Sc. gráðu í sálarfræði og heimsspeki. Þá

Karl Strand sem notaði fyrst orðið iðjubjálfí. Við vorum með nokkur nöfn sem við þurftum að kjósa á milli, en hin eru gleymd. Það var erfitt á þessum fjórum tungumálum. Við leituðum líka til málfræðinga og það var einhver spurning með endinguna.

### **Hver voru helstu baráttumál félagsins í upphafi?**

Það var stofnun námsbrautar auðvitað, en við vorum alltaf að vonast til að það væri á næsta leiti. Einnig lögðum við áherslu á að iðjubjálfar fengju samning við Tryggingarstofnun. Við lögðum líka áherslu á að kynna fagið fyrir almenningu en það reyndist erfitt þar sem við vorum svo fáar og flestar útlendingar. Við áttum erfitt með að fara út um allt og útskýra hvað iðjubjálfun væri.

Við gerðum snemma könnun á heilbrigðistofnunum á Íslandi um hvort starfsmenn vissu hvað iðjubjálfun væri. Ef svarið var neikvætt þá sendum við upplýsingar um fagið. Einnig spurðum við um það hvort fólk teldi að það vantadi iðjubjálfá. Ef ég man rétt þá sendum við þessa könnun til 59 aðila og við

úrvinnsluna kom í ljós að fólk hafði mjög mikinn áhuga að fá iðjupjálfa og fórum við með þær upplýsingar til yfirvalda. Þetta átti að vera rökstuðningur fyrir því að það væri grundvöllur fyrir stofnun námsbrautar.

### Hverjur telur þú að séu helstu áfangarnir í sögu félagsins?

Að sjálfsögðu stofnun námsbrautarinnar. Annar merkur áfangi er líka þegar við vorum búnar að vera í heimssambandinu (WFOT) í tufu ár sem aukaaðili. En við fengum aukaaðild árið 1976, sama ár og félagið var stofnað, og þá fengum við einnig löggildingu. Ég mætti á fulltrúaþing WFOT og greiddi allan kostnað úr eigin vasa en gat ekki tekið þátt í kosningum þar sem við vorum bara aukaaðilar. Mér fannst þetta svo óréttlátt, en kröfurnar fyrir fullri aðild voru þær að það þyrfti að vera starfræktur skóli á landinu auk þess sem þar þurftu að vera að minnsta kosti tólf löggiltir iðjupjálfar. Ég hóf baráttu fyrir því að Iðjupjálfafélag Íslands fengi að vera fullgildur meðlimur í WFOT án þess að hafa skóla. Ég safnaði rökum allstaðar að og sagði að það væri ekkert víst að við myndum nokkurn tímann fá skóla þar sem Íslendingar væru ekki nema 260.000 og því ekki víst að það borgaði sig. Auk þess væri ágætis fyrirkomulag í gangi sem var gagnkvæmur samningur milli Norðurlandanna um menntun fagfólks.

Ég benti þeim einnig á að flestir hér á landi sem færði erlendis til að læra iðjupjálfun kæmu aftur. Þessi rök voru samþykkt og árið 1986 urðum við fullgildir meðlimir í WFOT. Það er mjög gaman að berjast fyrir einhverju, sérstaklega þegar maður nær árangri!

### Iupphafi var mikill eldmóður í félaginu, finnst þér hann hafa haldist?

Það er svoltíð erfitt fyrir mig að dæma það núna, þar sem ég er ekki lengur formaður og ekki lengur starfandi iðjupjálfi. Ég er búin að missa einhver tengsl síðan ég hætti og á því kannski erfitt með að dæma það. En það var alveg spes andrúmsloft þegar við vorum ung og með smábörn á brjósti á stjórnarfundum. Fólk bakaði ljúfengt meðlæti fyrir stjórnarfundi sem haldnir voru í heimahúsum. Já, þetta var öðruvísi þá. Við áttuðum okkur samt á því fyrir um 15 árum síðan að

við værum að verða alvöru félag sem þýddi að við yrðum formfastari.

### Finnst þér einhverjar breytingar hafa orðið á félagini með tilkomu iðju-pjálfa menntaðra á Íslandi?

Það er svoltíð erfitt fyrir mig að dæma um það. Við eru náttúrlega miklu fleiri. Félagið stækkar örar og það er mjög þægileg tilfinning. Ennfremur stunda fleiri iðjupjálfar í dag vísindalegar rannsóknir og er það mjög mikilvægt fyrir þróun fagsins og viðurkenningu út á við.

### Heldur þú að það hafi verið faginu til góða að fólk hefur verið að mennta sig í mismunandi löndum og því komið hingað með mismunandi bakgrunn?

Mér fannst það mjög sterkt og var alltaf að segja á heimssambandsþingum að við nýttum það besta alls staðar frá og að við mynduðum tengsl við helstu fræðimenn fagsins út um allan heim. Við vorum með iðjupjálfa hér

sem lærðu í, að mig minnir, tólf mismunandi löndum. Ég held að það sé að mörgu leiti styrkur fyrir fagið hér að fólk hefur menntun víðs vegar að. Það var líka mjög skemmtilegt hvað við fengum oft heimsfræga iðjupjálfa hingað til að halda námskeið og 90% af félagsmönnum tóku þátt í námskeiðnum. Það er ótrúlega mikil þátttaka sem varla sést annars staðar. Svo eru Íslendingar með mikla „víkinga-útrásar-prá“. Það er ekki algengt annars staðar í heiminum að helmingur þjóðarinnar fari til útlanda á hverju ári. Íslenskir iðjupjálfar voru mjög duglegir að sækja námskeið annars staðar. Pannig að ég verð að segja að við vorum mjög framarlega í faginu áður en skólinn okkar varð til og ég er sannfærð um að við getum haldið áfram að vera í fremstu röð í iðjupjálfun í heiminum.

F.h. ritnefndar  
Kristbjörg Rán Valgarðsdóttir,  
iðjupjálfi.

# Áhugahópur iðjupjálfa, starfandi með öldruðum

Áhugahópurinn hefur verið starfandi nokkuð lengi, eða síðan 1999. Hópurinn samanstendur af tæplega 30 iðjupjálfum víðsvegar af Suðvestur- og Suðurlandi, eða allt frá Akranesi og til Hellu.

Hópurinn hefur komið saman á tveggja mánaða fresti og er skipst á að hittast þar sem starfandi iðjupjálfi er á öldrunarstofnun. Gefur það oft góðar hugmyndir í farteskið að sjá hvað og hvernig hinir gera. Rædd eru málefni aldraðra á líðandi stundu, komið með góðar hugmyndir, miðlað fróðleik frá námskeiðum eða fundum og sagt frá nýjungum.

Allir iðjupjálfar sem láta sig málefni aldraðra skipta eru velkomnir í hópinn.

Nánari upplýsingar er að nálgast hjá Ásu Lind Þorgeirs dóttir, iðjupjálfa á LSH Fossvogi asathor@lsh.is eða hjá Kristbjörgu Rán Valgarðsdóttur, iðjupjálfa á Grund kristbjorg@grund.is

Fyrir hönd áhugahópsins,  
Asa Lind Þorgeirs dóttir, iðjupjálfi á öldrunarsviði LSH Fossvogi.

# Faghópur iðjuþjálfa á geðsviði – Giðjurnar

## Árið 2004

Pað var á vormánuðum árið 2004 að sú hugmynd vaknaði að koma á fót faghópi iðjuþjálfa á geðsviði. Hugmyndin var að þessi faghópur gæti t.d. verið vettvangur fyrir umræður, skoðanaskipti og miðlun á faglegri þekkingu og nýjungum á geðsviðinu. Einnig var hugmyndin sú að hópurinn yrði með svipuðu sniði og aðrir faghópar innan Iðjuþjálfafélagsins. Því var sendur út tölvupóstur til allra félagsmanna til að kanna undirtektir.

Stofnfundur var haldinn 1. júní 2004 og þá þegar höfðu 14 félagsmenn sýnt faghópnum áhuga. Fundurinn var nýttur til stefnumótunar þar sem m.a. var rætt hver markmið og væntingar hópsins ættu að vera, einkenni iðjuþjálfunar á geðsviði, styrk- og veikleika. Einnig var rætt hvaða þætti iðjuþjálfar vildu helst bæta eða efla hjá sér sem fagaðilar. Markmið og væntingar faghópsins voru m.a. að iðjuþjálfar á geðsviði vilja skýra hlutverk sitt, hafa skilvirkari skráningu, skerpa á hugmyndafræði og skoða gagnreynda þjónustu. Á þessum stofnfundi kom einnig fram að einkenni iðjuþjálfunar á geðsviði er að þjónustan er skjólstæðingsmiðuð, sveigjanleg og þarf að geta tekið á ýmsum óvæntum uppákomum. Styrkleikar iðjuþjálfunar á geðsviði eru fjölbreytt verkefni þar sem tekist er á við vandann í aðstæðunum og mismunandi með-ferðarstaðir notaðir eins og vinnustaðir, opinberar stofnanir og jafnvæl heimili skjólstæðinga. Veikleikar eru fyrst og fremst þeir að eftirfylgd er ábótavant og það að vera sýnilegri í samfélaginu. Fram kom að það sem iðjuþjálfnir í faghópnum vildu helst bæta/efla hjá sér sem fagmenn var m.a.

viðtalstækni, árangursmælingar og skoða áhrif meðvirkni í meðferð skjólstæðinga með geðraskanir.

Á stofnfundinum varð nafnið á faghópnum til, Giðjurnar, sem vísar til geð-iðjuþjálfa. Giðjunafnið kom fyrst fram í starfshópnum Hugarafli sem Auður Axelsdóttir, iðjuþjálfi í Heilsugæslunni í Reykjavík, kynnti svo fyrir faghópnum og var samþykkt einróma!

Um haustið var félagaskrá Giðjanna orðin um 20 manns og fram að áramótum voru haldnir þrír fundir þar sem farið var yfir mörg spennandi mál-efni. Á fyrsta fundinum sagði Auður Axelsdóttir okkur frá reynslu sinni að vinna með einstaklingum með geðraskanir utan stofnunar. Hún kynnti okkur fyrir hugtakinu Empowerment eða Valdeflingu þar sem unnið er á jafningjagrundvelli. Á öðrum fundinum sögðu Guðbjörg Guðmundsdóttir, þá starfandi iðjuþjálfi á Reykjalundi og Kristín Björg Viggósdóttir, þá starfandi sem iðjuþjálfi í Klúbbnum Geysi, okkur frá gagnreyndri þjónustu, um notkun hennar og ávinning. Á þriðja fundinum kynntu svo Elísa Arnars Ólafsdóttir, iðjuþjálfi á Reykjalundi og Guðbjörg Guðmundsdóttir okkur fyrir áhorfsmatinu ACIS sem metur færniþætti er varða boðskipti og samskipti.

## Árið 2005

Í byrjun árs 2005 kynnti Petrea Guðný Sigurðardóttir, iðjuþjálfi á Akureyri, grein um gagnreynda þjónustu. Vorð var svo notað til frekari stefnumótunar fyrir faghópinn þar sem m.a. var rætt um markmiðssetningu, væntingar og tilgang faghópsins. Ýmsar áhugaverðar hugmyndir komu fram

sem hægt væri að nýta á komandi afmælisári Iðjuþjálfafélagsins.

Síðastliðið haust og fram að áramótum var tíminn nýttur til fræðslu. Sonja Stelly Gústafsdóttir og Erla Björnsdóttir, iðjuþjálfar á geðdeild Landspítalans við Hringbraut, kynntu fræðsluefni fyrir fólk með geðraskanir varðandi hreyfingu og mataræði sem unnið var af þverfaglegu teymi í Danmörku. Sigríður Jónsdóttir, iðjuþjálfi á Reykjalundi, hélt svo kynningu á gátlistanum OSA (Occupational Self Assessment; Mat á eigin iðju) sem er sjálfsmat skjólstæðinga á eigin iðju. Endapunktur ársins 2005 var vinnufundur faghópsins vegna málþings sem haldið var í mars sl. í tilefni af 30 ára afmælisári Iðjuþjálfafélags Íslands.

## Árið 2006

Pað sem af er árinu 2006 hefur undirbúningur fyrir málþingið skipað stóran sess í fundarhöldunum Giðjanna. Málþingið tókst vonum framar og fram komu margir góðir fyrirlesrar.

Á þessum tveimur starfsárum Giðjanna hefur ýmislegt verið rætt og ritað og reynt að koma til móts við starfandi iðjuþjálfa á geðsviði með tilliti til markmiða, væntinga, umræðna og skoðanaskipta. Pað er því von okkar að faghópurinn Giðjurnar haldi uppteknum hætti og starfi áfram innan Iðjuþjálfafélagsins.

Að lokum viljum við hvetja alla þá sem áhuga hafa á faghópnum að setja sig í samband við undirritaðar.

Fyrir hönd faghóps Giðjanna,  
Sonja Stelly Gústafsdóttir, sonja-  
gus@landspitali.is  
Valdís Brá Þorsteinsdóttir.



SJÓVÁ KVENNAHLAUP ÍSÍ

Munið hlaupið laugardaginn  
**10. júní 2006**

[www.sjova.is](http://www.sjova.is)



[www.isisport.is](http://www.isisport.is)



**■ 1945** Fyrsti íslenski iðjupjálfinn var Jóna Kristófersdóttir en hún útskrifaðist 1944 og hóf störf á Kleppspítala 1945 þar sem hún starf-aði upp frá því.

■ Í febrúar **1975** komu 8 iðjupjálfar saman í Brekku-gerði 30 í Reykjavík sem var fyrsti vísirinn að stofnun félagsins. Þær voru Anne Grethe Hansen frá Dan-mörku, Elsabet Nielsen frá Noregi, Guðrún Pálmadóttir frá Íslandi, Hildegard Dem-leitner frá Þýskalandi, Hope Knútsson frá Bandaríkjum, Jóna Kristófersdóttir frá Íslandi, Margret Damleitner frá Þýskalandi, Sigríður Loftsdóttir frá Íslandi. Allar voru þær starfandi sem iðjupjálfar hér.



■ Fyrstu ár félagsins var mikill glaumur og gleði. Hér sjá-um við Ingibjörgu Ásgeirsdóttur slá á létta strengi og Kristjana Fenger horfir hugfangin á.

# Molar úr sögu félagsins

■ Þetta eru nöfn sem komu til greina fyrir stéttina í upphafi:

1. Vinnulækningar, hafði verið í notkun frá því um 1950.
2. Iðjupjálf, var farið að festa rætur hjá fagfólki í endurhæfingu
3. Sjúkraíðjupjálf
4. Athafnaþjálf
5. Orkuþjálf
6. Ergoterapeut ...halda erlenda heitinu

■ Hugmyndir að nafni á félagið:

1. Félag löggiltira iðjupjálfra
  2. Félag íslenskra iðjupjálfra
  3. Félag iðjupjálfra
  4. Iðjupjálfafélagið
  5. Íslenskir iðjupjálfar
  6. Félag iðjupjálfra á Íslandi
  7. Iðjupjálfafélag Íslands
- Nafnið Félag löggiltira iðju-pjálfra (FLÍ) náði miklum vin-sældum og var fyrsti valkostur þar til 6. nóvember 1975, að nafnið IÐJUPJÁLFAFÉLG ÍSLANDS var niðurstaðan.



■ Fyrsta stjórn félagsins **1976** Anne Grethe Hansen stjórn-armeðlimur, Hope Knútsson formaður, Guðrún Pálmadóttir gjaldkeri, Ingibjörg Ásgeirsdóttir ritari.

■ Byrjað var að gefa út blað iðjupjálfunar hér á landi **1979** og hét það í upphafi Fréttablaðið (hljómar kunnuglega), breyttist síðan yfir í Blað-ið (hljómar líka kunnuglega) og skipti svo enn og aftur um nafn 1993 og varð þá Iðjupjálfinn. Hvaða nöfnum sem blaðið hefur borið þá má segja að sami metnaður hafi alltaf verið til staðar og blaðið alltaf staðið undir nafni sem fagblað iðjupjálfunar á Íslandi.

■ Eitt af baráttumálum félagsins í gegnum árin var að koma á laggirnar skóla. Árið

**1988** var skipuð nefnd til að kanna möguleikana á að koma upp B.Sc. námi hér á landi. Lagði nefndin til að iðjupjálfun yrði 120 eininga nám við Háskóla Ísland og lyki með B.Sc. gráðu og var bingsályktunartillaga þess efnis samþykkt á Alþingi árið **1995**. Samstarf hófst milli iðjupjálfafélagsins og Háskóla Íslands 1992 og stóð til haustsinns 1996 án þess að til nokkurra tíðinda drægi. Ekki náðist sam-staða innan skólans að koma náminu á laggirnar þrátt fyrir að ýmsir væru því mjög hlynntir.

■ **4. mars 1976** var Iðjupjálfafélag Íslands formlega stofnað, en þá var haldinn fyrsti aðalfundur félagsins á Kleppspítala. Stofnendur félagsins voru:

**Nafn:**

- Anne Grethe Hansen
- Emelita O. Nocon
- Guðrún Pálmadóttir
- Hildegard Demleiter
- Hope Knútsson
- Ingibjörg Ásgeirsdóttir
- Jóna Kristófersdóttir
- Kristín Tómasdóttir
- Magrét Deimleiter
- Sigríður Loftsdóttir

**Fæðingaland**

- Danmörk
- Filippseyjar
- Ísland
- Þýskaland
- Bandaríkin
- Ísland
- Ísland
- Ísland
- Þýskaland
- Ísland

**Vinnustaður**

- Reykjalundur
- Sólvangur Hfj
- Reykjalundur
- Grensás
- Kleppspítalinn
- Landspítalinn
- Kleppspítalinn
- Kristnes
- Grensás
- Landspítalinn



■ Íðorð í iðjupjálfun gefin út **1996** og loksns fóru iðjupjálfar að tala sama tungumál! Höfundar: Rósa Hauksdóttir, Sigrún Garðarsdóttir, Þóra Leósdóttir, Guðrún Pálmadóttir, Snæfríður Egilson og Kristjana Fenger



■ Fyrsti iðjupjálfinn sem útskrifast með prófskírteini frá Íslandi **2001** Aðalheiður Reynisdóttir, 14 aðrir fylgdu svo strax í kjölfarið.



■ Fyrsta Alþjóðlega Iðjupjálfaráðstefnan haldin á Íslandi 7 og 8 júní **2001** á 25 afmælisári félagsins.



■ Iðjupjálfar gæða sér á kökum og fínerfi á aðalfundi félagsins í mars **2006**.



■ Guðrún Árnadóttir **1992**.

„Prítug var hún orðin brautryðjandi í grein sinni iðjupjálfun. Nú hefur hún skrifaoð í merkt vísindarit sem vakið hefur mikla athygli á meðal iðjupjálfá víða um heim. Nú er Guðrún alþjóðlega viðurkenndur kennari og fyrirlesar.“

(Vikan 7. tbl.)



■ Efri röð: Sigríður Jónsdóttir, Anna Ingileif Erlendsdóttir, Guðrún Pálmadóttir, Margrét Sigurðardóttir, Ingibjörg Pétursdóttir, Anne Grethe Hansen, Lilja Ingvarsson, Lovísa Ólafsdóttir. Neðri röð: Kristjana Fenger, Jóhanna Ragnarsdóttir og Hildur Þráinsdóttir.

■ Á fyrsta formlega deildarfundi heilbrigðisdeilda Háskólans á Akureyri **1990** var rætt um þann möguleika að stofna námsbraut í iðjupjálfun. En það varð hinsvegar ekki fyrr en í mars **1997** sem formlegt samstarf milli Háskólans á Akureyri og Iðjupjálfafélags Íslands var komið á. Til að gera langa sögu stutta þá var samþykkt á fundi háskólanefndar 9. júní **1997** að hefja kennslu í iðjupjálfun innan heilbrigðisdeilda á haustmisseri, fengjust til þess nauðsynlegar heimildir. Það er ekki að sökum að spyrja að svar barst frá menntamálaráðherra tveimur dögum síðar þar sem hann veitti leyfi sitt. Hlutirnir gerðust mjög hratt og nýttist

vel sá tími sem hafði farið í undirbúining námsbrautar við HÍ.



■ Guðrún Hafsteinsdóttir og Ingibjörg Pétursdóttir á ráðstefnu Iðjupjálfafélagsins **2001**.



■ Jóna Kristófersdóttir  
gerð að heiðursfélaga  
löjuþjálfafélag Íslands  
**1986**

■ Á árinu **2004** fékk Janus endurhæfing ehf. starfsmenntaverðlaun Starfmenntaráðs og Menntar í opnum flokki. Er það mikill heiður og viðurkenning fyrir starfsemina og hvatning til að halda áfram á sömu braut. Afhending verðlaunanna, bronsstytta eftir Jón Hauk Edwald, fór fram við hátíðlega athöfn í Vörðuskóla í Reykjavík. Fastráðnir starfsmenn JE ásamt forseta Íslands. Frá vinstri: Hrefna Þórdardóttir sjúkraþjálfari, Ingibjörg Valsdóttir sjúkraþjálfari, Unnur Alfreðsdóttir iðjuþjálfari, hr. Ólafur Ragnar Grímsson forseti, Kristín Siggeirs dóttir iðjuþjálfari og framkvæmdastjóri, Guðrún Á. Einarasdóttir iðjuþjálfari, svíðsstjóri, Sigríður Anna Einarasdóttir félagsráðgjafi.

## Molar úr sögu félagsins



### ■ Stjórnin 1991:

Standandi frá vinstri: Sigrún Garðarsdóttir, Valrós Sigurbjörnsdóttir, Anna Guðrún Arnardóttir. Sitjandi frá vinstri: Hope Knútsson og Lilja Ingvarsson



■ Opnum skrifstofu löjuþjálfafélagsins í Lágmúla, Sigrún Ásmundsdóttir, Anna Ingileif Erlendsdóttir og Björk Steingrímsdóttir.



■ Til þess að hægt væri að setja á laggirnar námsbraut í iðjuþjálfun, þurfti hæfa kennara og helst með meistaragráðu og því var biðlað til iðjuþjálfa að bæta við sig meistaragráðu til þess að þessi draumur gæti orðið að veruleika. Prófessor Gail Maguire lýsti sig reiðubúna til að hrinda námsbraut af stokkunum (þ.e. meistaránámi iðjuþjálfa). Síðan var haldinn fundur með skólanefnd þar sem 7 iðjuþjálfar buðu sig fram í þetta verkefni.



■ Dagana 12.-13. mars **1993** kom Dr. Gary Kielhofner til Íslands og hélt námskeið fyrir iðjuþjálfa um Líkanið um iðju mannsins (MOHO) og var gríðarlegur áhugi meðal iðjuþjálfa og mættu 50 manns á námskeiðið. Það ku vera hæsta hlutfall (miðað við höfðatölu) sem Kielhofner hefur kennt.



■ Árið **2001** útskrifuðust fyrstu iðjuþjálfarnir frá Háskólanum á Akureyri.



■ Háskólakynningin haldin í þjóðarbókhlöðunni árið **1992**. Erna Magnúsdóttir, Helga Guðjónsdóttir, Annetta Ingimundardóttir og Unnur Jóhannsdóttir.



■ Pekkir þú birnina two á myndinni?



■ Sigríður Jónsdóttir, Lilja Ingvarsson og Anna Ingileif Erlendsdóttir sýna stoltar fallegt handverk.



■ Ritnefnd Iðjuþjálfans að störfum **2006**.

# Staða iðjuþjálfunar á Íslandi og þróun á 30 árum

## Könnun ritnefndar IPÍ

Iðjuþjálfastéttin hefur vaxið og dafnað síðustu 30 árin, hvort sem litið er til dreifingar um landið, fjölda iðjuþjálfa og/eða vinnustaða. Samkvæmt upplýsingum frá Heilbrigðis- og tryggingsamálaráðuneytinu hafa verið gefin út 220 starfsleyfi til iðjuþjálfa á Íslandi. Skrádir félagar í Iðjuþjálfafelagi Íslands í apríl 2006 eru 188 samkvæmt upplýsingum frá Þjónustuskrifstofu SIGL, þar af eru 160 með stéttaraðild, 16 með fagaðild og tveir heiðursfélagar. Að auki eru 10 með nemaðild að félagini.

Unnið af Hómdísi Freyju Methúsalemsdóttur iðjuþjálfar f.h. ritnefndar Iðjuþjálfans


Í tilefni af 30 ára afmæli Iðjuþjálfafélags Íslands sendi ritnefnd Iðjuþjálfans út stutta könnun til félagsmanna. Hugmyndin var að varpa ljósi á stöðu iðjuþjálfunar á Íslandi í dag. Könnunin var send út í lok febrúar 2006 til 174 iðjuþjálfa sem höfðu skráð netfang í félagatali IPÍ í janúar 2006. Svörin var góð, en svör bárust frá 133 iðjuþjálfum eða 76% þeirra sem spurðir voru. Niðurstöðurnar eru kynntar hér á eftir í töflum og myndum og sumar þeirra bornar saman við upplýsingar sem Guðrún Pálmadóttir lektor í iðjuþjálfun við Háskólanum á Akureyri hefur tekið saman, en sumar þeirra birtust í Iðjuþjálfanum árið 2004.

Vert er að taka fram að alltaf er um einhverjar skekkjur að ræða í niðurstöðum sem þessum en þær gefa samt sem áður ágætis vísbendingar um stöðuna eins og hún er í dag. Þá skal einnig haft í huga að tölurnar frá 2006 miðast við fjölda þeirra sem svoruðu spurningalistanum en tölur fyrri ára voru fengnar með því að vinna úr félaga- og vinnustaðaskrám auk upplýsinga frá yfirmönnum.


Ár	Höfuðborgarsvæðið	Búseta	Norðurland	Aðrir landshlutar
1998	91%	7%	2%	
2004	75%	19%	6%	
2006	71%	19%	10%	

Tafla 1. Búseta iðjuþjálfa.


### Lýðfræðilegar upplýsingar




Mynd 1. Starfandi iðjuþjálfar. Fjölgun starfandi iðjuþjálfa frá 1975 til dagsins í dag. Athugið að árabilin eru misjafnlega stór.



Mynd 2. Námsstofnun í grunnnámi í iðjuþjálfun.




Mynd 3. Hlutfall iðjuþjálfa sem hafa aflað sér formlegrar viðbótarmenntunar.




**Mynd 4.** Menntunarstig iðjuþjálfa árin 2004 og 2006. Hlutfallsleg tíðni milli Diploma prófs, BSc prófs, MSc prófs og Phd prófs.


#### Vinnuskilyrði iðjuþjálfa




**Mynd 5.** Ráðning í stöður. Hlutfall iðjuþjálfa sem eru ráðnir í fasta stöðu, eru í orlofi frá fastri stöðu og sem ráðnir eru í afleysingarstöðu.



**Mynd 6.** Starfshlutfall iðjuþjálfa. Hlutfall iðjuþjálfa í fullu starfi og hlutastarfi.




**Mynd 7.** Stöðuheiti. Hlutfallslegur fjöldi iðjuþjálfa sem sitja í stöðum „eyrnarmerktum“ iðjuþjálfun og þeirra sem ráðnir eru undir öðru stöðuheiti.



**Mynd 8.** Einyrkjar. Hlutfall iðjuþjálfa sem starfa einir sbr. við þá sem starfa með öðrum iðjuþjálfum.

#### Skjólstæðingahópar og starfsvettvangur iðjuþjálfa



**Mynd 9.** Starfsvettvangur iðjuþjálfa eftir búsetu.

Ritnefnd þakkar Guðrúnú Pálmadóttur fyrir veitta aðstoð og leiðsögn við gerð spurningalista og úrvinnslu á gögnum. Félagsmenn IPÍ eiga einnig þakkir skyldar fyrir góða og skjóta svörum, án ykkar hefði ekki verði hægt að sýna fram á stöðu iðjuþjálfunar í dag.

Ár	Börn/unglingar	Fullorðnir líkaml.	Fullorðnir geðr.	Aldraðir	Nemendur	Aðrir skjólst.	Blandaður ótilgreint hópur
1975	13%	62%	25%				
1980		60%	33%	7%			
1985	12%	47%	20%	15%			60%
1990	18%	42%	21%	12%			70%
1995	16%	48%	17%	11%			80%
2000	17%	41%	13%	8%	3%	3%	14%
2004	20%	28%	19%	10%	3%	6%	13%
2006	26%	25%	9%	16%	3%	3%	5%

**Tafla 2.** Þjónusta við mismunandi skjólstæðingahópa. Hlutfallsleg dreifing starfandi iðjuþjálfa árin 1975, 1980, 1985, 1990, 1995, 2000, 2004 og 2006.

Ár	Sjúkrahús/heilsust.	Hæfingar-/endurhæf.st.	Vistheimili/dagvist	Heilsug./samfélag	Skóla kerfiðst	Hjálpart.	Einkar.	Háskóli	Annað
1975	50%	50%							
1980	27%	60%							13%
1985	32%	59%	3%			3%			3%
1990	39%	54%	2%			3%			2%
1995	33%	48%	0%	6%		8%	3%	0%	2%
2000	29%	40%	5%	7%		6%	6%	6%	0%
2004	28%	31%	9%	11%	5%	6%	5%	4%	1%
2006	25%	24%	12%	14%	6%	5%	4%	6%	4%

**Tafla 3.** Starfsvettvangur iðjuþjálfa. Hlutfallsleg dreifing starfandi iðjuþjálfa árin 1975, 1980, 1985, 1990, 1995, 2000, 2004 og 2006.

# Leikni í að nota hjólastól

## Könnun meðal mænuskaða Íslendinga



Jóhanna Ingólfssdóttir,  
iðjupjálfí/sölu- og markaðsstjóri  
Eirbergs ehf.



Sigbrúður Loftsdóttir, iðjupjálfí  
Landspítala Háskólasjúkrahúsi  
Grensási

Hér verður fjallað um rannsókn, sem var gerð meðal mænuskaða einstaklinga, um leikni þeirra í notkun á handknúnum hjólastól, hvernig kennslu og þjálfun væri hártað sem og viðhorf þeirra til kennslu og þjálfunar í notkun á hjólastól. Rannsóknin var gerð snemma árs 2005 og var BSc verkefni í sérskipulögðu námi við Háskólanum á Akureyri fyrir starfandi iðjupjálfá. Markmiðið var að kenna hvort einstaklingarnir fengju þá kennslu og þjálfun í notkun á hjólastólnum sínum sem þarf til þess að vera virkur þáttakandi í eigin lífi. Spurningalisti var notaður til að afla upplýsinga. Könnuð voru lýðfræðileg atriði, spurt um mænuskaða viðkomandi, færni og leikni í að nota hjólastól og um kennslu og þjálfun í notkun á hjólastól. Allt þýði mænuskaða Íslendinga á aldrinum 18-67 ára var spurt. Svarhlutfall var 59%. Niðurstöður sýndu að flestir réðu við grunnatriði í hjólastólaleikni samanber að aka stólnum, bakka, snúa og leggja við hliðina á einhverju. Rúmlega helmingur hafði fengið kennslu í notkun á hjólastólnum en færri þáttakendur höfðu fengið verklega kennslu í notkun stólsins og kennslu í tækniatriðum varðandi hjólastólinn. Meira en helmingur taldi að frekari kennslu og þjálfunar væri þörf og að „hjólastólkoli“ eða sérstakt námskeið kæmi að notum.

**LYKILORD**  
**Mænuskaði, hjólastóll, leikni, kennsla og þjálfun í notkun á hjólastól.**

### Tilgangur rannsóknarinnar

Rannsóknarspurningarnar voru:

1. Hver er leikni mænuskaða einstaklinga í að nota hjólastól?
2. Hvernig er kennslu og þjálfun í hjólastólaleikni mænuskaða einstaklinga hártað á Íslandi?

Tilgangur rannsóknarinnar var að öðlast meiri þekkingu á leikni mænuskaða Íslendinga í notkun á hjólastól og fá fram viðhorf þeirra til kennslu og þjálfunar í hjólastólaleikni. Til að afla upplýsinga var send út spurningakönnun til allra mænuskaða einstaklinga á Íslandi, alls 111 manns á aldrinum 18-67 ára. Af þeim 60 sem svoruðu spurningalistanum voru 35 (58%) sem notuðu handknúinn hjólastól og miðast niðurstöðurnar við svör þeirra. Notuð var megindleg rannsóknaraðferð og var lýsandi tölfræði beitt við úrvinnslu gagna.

### Aðlögun að lífi eftir mænuskaða

Mænan er neðsti hluti miðtaugakerfisins og liggur frá heila niður í spjaldhrygg og er umlukin hryggjarliðum sem verja hana. Mænan flytur skyn- og hreyfibod til og frá heila og sér um ósjálfráð taugaviðbrögð. Út frá henni ganga mænutaugar sem mynda tauganet fyrir efri og neðri útlimi, sem síðan greinast í úttaugar sem tengjast vöðvum og skynfærum í húð, liðum og vöðvum (Guðrún Árnadóttir, 2000). Mænuskaði verður ýmist vegna þess að mænan skerst í sundur, merst, kemur gat á hana eða hún verður fyrir miklum þrystingi. Dæmigerður einstaklingur sem skaðast á mænu er einhleypur karlmaður á aldrinum 16-30 ára. Algengar ástæður fyrir mænuskaða eru umferðarslys, föll, ofbeldi eða íþróttaslys, svo sem dýfingar. (Atkins, 2002; Pulaski, 1998). Áverki á mænu getur valdið skemmd sem leiðir til alaskaða/algerrar lömunar (complete impairment of function) eða hlutskaða/ekki algerrar lömunar (incomplete impairment of function). Alaskaði er þegar hreyfifærni og skynjun er horfin fyrir neðan svæðið sem hefur orðið fyrir áverka. Hlutskaði er þegar hluti af hreyfifærni og/eða skynjun er til staðar fyrir neðan svæðið sem hefur orðið fyrir áverka (Hammel, 1995).

Skaði á mænu hefur meðal annars í för með sér skerðingu á hæfni til að

hreyfa sig. Mænuskaðaður einstaklingur þarf að geta komist um á heimilinu og farið um í samféluginu til þess að geta tekið virkan þátt til jafns við aðra. Aðlögun umhverfisins og hjálpartækni geta þess vegna skipt sköpum til þess að hann verði fær um að framkvæma þau verk sem honum eru nauðsynleg. Hlutverk iðjupjálfa í meðferð einstaklinga með mænuskaða felst meðal annars í útvegin og aðlögun hjálpartækja og ráðgjöf varðandi breytingar á heimili og vinnustað. Það er persónubundið hversu mikillar aðlögunar og hjálpartækja er þörf og fer það eftir færniskerðingu og umhverfi hver og eins (Atkins, 2002; Hulting og Levi, 1995). Hjálpartækjum er ætlað að mæta sértaekum þörfum einstaklinga til að þeir geti viðhaldið eða aukið færni við daglegar athafnir (Cook og Hussey, 2002; Reglugerð um styrki Tryggingastofnunar ríkisins vegna hjálpartækja nr. 460/2003).

## Endurhæfing

Eitt af grundvallarmarkmiðum í endurhæfingu er að efla og endurheimta sjálfstæði einstaklingsins. Það er mikilvægt að virkja og efla drifkraft einstaklinga svo þeir verði færir um að axla ábyrgð og taka frumkvæði í eigin endurhæfingu. Í endurhæfingu leitast iðjupjálfar í samvinnu við einstaklinginn að efla færni við iðju til að auðvelda líf hans eftir mænuskaða þannig að hann öðlist þau lífsgæði sem hann telur sig þurfa og óskar eftir (Atkins, 2002; Hammel, 1995). Hugmyndafræðilíkanið Person-Environment-Occupation Model (PEO) lýsir samspili einstaklings, umhverfis hans og iðju og hvernig þessir þættir hafa áhrif á færni við iðju á hverjum tíma á lífsskeiðinu en höfundar þess eru Mary Law, Barbara Cooper, Susan Strong, Debra Stewart, Patty Rigby og Lori Letts. PEO líkanið var haft að leiðarljósi í verkefninu. Það skilgreinir færni við iðju sem getu einstaklingsins til að velja og framkvæma verk, sem honum bykja mikilvæg, á fullnægjandi hátt og tilheyra þeim menningarheimi sem hann býr í og er eðlilegur hluti af því að sjá um sig sjálfur, njóta lífsins og hafa tilgang. Í PEO líkáninu er einstaklingi, umhverfi og iðju lýst sem samspili þriggja hringja sem skarast og því stærri sem miðjan er því betri verður færnin við iðju eða samræmið á milli

þáttanna þriggja. Færni við iðju er best þegar hæfileikar einstaklingsins, kröfur iðjunnar og aðstæður í umhverfinu falla saman en þá er fullt samræmi í hringjunum þremur í PEO líkáninu (CAOT, 1997). Með tímanum verða eðlilegar breytingar hjá einstaklingnum þegar hann eldist og þroskast. Líkamleg eða andleg áföll á lífsleiðinni geta haft margvíslegar afleiðingar eins og þegar einstaklingar fatlast. Þegar slíkar

**Leikni í notkun á hjólastól getur skipt sköpum um það hvort einstaklingurinn er sjálfbjarga í daglegu lífi.**  
**Þjálfun í leikni í notkun á hjólastól er þess vegna lykilatriði í endurhæfingunni**

breytingar verða þá hafa þær áhrif á samræmið milli þessara þriggja þáttu einstaklings, iðju og umhverfis og draga þar með úr færni við iðju (CAOT, 1997; Strong o.fl., 1999). Dæmi er þegar einstaklingur verður fyrir mænuskaða þá getur dregið úr færninni við að komast um í umhverfinu, sjá um sig sjálfur, stunda tómstundir eða vinnu (Atkins, 2002).

Þjálfun í notkun hjálpartækja, svo sem hjólastóla, er eitt af því sem eflir færni við iðju. Sá sem aldrei hefur þurft að nota hjólastól veit ekki hvaða kröfur og væntingar er hægt að gera til sjálfs sín og hjólastólsins. Þess vegna kemur það í hlut heilbrigðisstarfsfólks að fræða notanda hjólastóls um eiginleika stólsins og hvernig megi nota hann (Marco, Russell og Masters, 2003).

Með tæknipróoun og framförum í hönnun hjólastóla hafa lífsgæði hjólastólanotenda aukist til muna í gegnum árin (Engström, 2002; Norsten, 2001). Aukin virkni og félagsleg þátttaka hjólastólanotenda eins og í hópíþróttum hefur aukið á kröfur um léttari og sterkari stóla. Hönnun á fastramma hjólastólum er meðal annars tilkomín vegna þessa (Cook o.fl., 2002). Handknúnum hjólastólum er skipt í two flokka eftir gerð þeirra, það eru hjólastólar með krossramma og með fastan ramma. Hjólastólar með krossramma eru lagðir saman með því að draga upp (losa) sæti og leggja hliðar saman. Hjólastóla með fastan

ramma er ekki hægt að leggja saman en í stað þess er bakið fellt niður að setu. Þessir stólar eru oft léttari og styttri en krossramma hjólastólar (Engström, 2002; Höglberg, 2000; Tryggingastofnun ríkisins, 2004).

## Leikni í notkun á hjólastól

Leikni felur í sér fimi, skarpskyggni og öryggi einstaklingsins í samspil hans við umhverfi sitt. Leikni í að nota hjólastól felur í sér að einstaklingurinn geti sjálfur keyrt hann, komist um og yfir hindranir sem verða á vegi hans við daglegar athafnir svo sem við að útbúa máltíð, versla, nema og taka þátt í samféluginu. Þar sem umhverfi er fjölbreytilegt og sjaldan gert með þarfir fatlaðra í huga er mikilvægt að gera sér grein fyrir áhrifum þess (Kielhofner, 2002; Routhier, Desrosier, og Nadeau, 2003).

Routhier o.fl. (2003) gerðu samantekt á því hvaða þættir skiptu mestu máli varðandi það að aka hjólastól. Þættir sem meðal annars hafa áhrif eru; líkamlegt og andlegt atgervi notandans, hjólastóllinn, umhverfi hans, dagleg iðja, félagsleg hlutverk og sú þjálfun sem hann hefur fengið (Routhier o.fl., 2003). Notendur hjólastóla verða að kunna grunnatriði í að aka hjólastól, svo sem að geta bremsað, snúið stólnum, ekið í gegnum dyr, farið í lyftu og tekið hluti upp frá gólf, til þess að geta sinnt daglegum athöfnum. Erfiðari hluti, svo sem að aka hjólastólnum yfir gróft undirlag, svo sem í möl, er mikilvægt að geta gert ef einstaklingurinn á að geta tekið þátt í íþróttum, notið náttúrunnar, farið upp og niður gangstéttarbrúnir og upp og niður brekku. Færni í að komast upp á afturhjólin og halda jafnvægi er mikilvægt til þess að komast upp og niður gangstéttarbrúnir og að aka á grófu undirlagi. Það er erfðara fyrir einstaklinga með háan alskaða en lágan alskaða að ná þessari færni, þar sem fleiri vöðvahópar eru óvirkir. Æfingar er þörf til að geta viðhaldið leikni í að komast upp á afturhjólin og halda jafnvægi (Bonaparte, Kirby og Macleod, 2004; Hammel, 1995). Leikni í notkun á hjólastól getur skipt sköpum um það hvort einstaklingurinn er sjálfbjarga í daglegu lífi. Þjálfun í leikni í notkun á hjólastól er þess vegna lykilatriði í endurhæfingunni (Kilkens, Dallmeijer, Witte, Woude, 2004).

## Kennsla og þjálfun í hjólastólaleikni

Ýmsir fræðimenn hafa bent á gildi þess að kenna og þjálfa leikni í hjólastól til þess að auka færni, koma í veg fyrir slys og reyna að draga úr álagsverkjum (Engström, 2002; Norsten, 2001). Þjálfun í notkun á hjólastól felur í sér að framkvæma verk í hjólastólnum við mismunandi aðstæður, til þess að notandinn geti tileinkað sér hluti sem henta þörfum hans, hjólastólnum, umhverfinu, daglegum athöfnum og félagslegum hlutverkum. Tíðni þjálfunar og hversu erfið hún er fer eftir þörfum og getu notandans. Þeim mun leiknari sem einstaklingurinn er í að nýta möguleika hjólastólsins, því meiri líkur eru á að hann komist auðveldlega leiðar sinnar og taki virkan þátt í samfélaginu. Aukin færni einstaklinga eflir þátttökum þeirra í iðju og eykur þar með lífsgæði (Hammel, 1995; Routhier o.fl., 2003).

Samkvæmt Coolen og félögum (2004) er mikilvægt að þjálfarar endurhæfingarstofnana, sem sjá um kennslu og þjálfun í notkun á hjólastól, hafi þekkingu til að veita verklega eða faglega kennslu. Þýðingarmikið er að þeir hafi sjálfir æft sig í að sitja í hjólastól í einhvern tíma og prófað að framkvæma þá þætti sem þeir eru að kenna og þjálfa aðra í.

Fáar erlendar rannsóknir hafa verið birtar þar sem fjallað er um kennslu og þjálfun í notkun á hjólastól og árangur hennar. Samtök mænuskaðaðra í Svíþjóð (Rekryteringsgruppen) standa reglulega fyrir námskeiðum bæði fyrir notendur og fagfólk. Þeir byggja á jafningjafræðslu og leiðbeinendur þeirra eru mænuskaðaðir hjólastólanotendur (Rekryteringsgruppen, Activ rehabilitering, 2001). Við Dalhousie University í Kanada hefur verið þróaður fræðslurammi sem er notaður við kennslu í notkun á hjólastól, bæði fyrir notendur, þjálfara og aðstoðarmenn (Kirby, 2005). Á síðustu árum hafa verið haldin nokkur námskeið á Íslandi, fyrirlesrar hafa bæði verið fagfólk og mænuskaðaðir einstaklingar sem eru leiðbeinendur hjá Rekryteringsgruppen í Svíþjóð (Sitsite, e.d.).

Að Íslandi fer endurhæfing mænuskaðaðra fram á LSH, Grensási, þar sem áhersla er lögð á þverfaglega teymisvinnu. Hlutverk iðjuþjálfa í mænuskaðateyminu er meðal annars

að útvega og aðlaga hjálpartæki fyrir einstaklinginn. Iðjuþjálfinn reynir með samvinnu við einstaklinginn að finna styrk hans og í sameiningu finna þeir nýjar leiðir til að auka færni við iðju og þar með auka samræmið á milli einstaklingsins, umhverfisins og iðjunnar. Notkun hjálpartækja er ein af þessum leiðum og mikilvægt er að val á hjálpartækjum og þjálfun í notkun þeirra séu í samræmi við þarfir einstaklingsins.

## Spurningalistinn

Spurningalistinn sem var sendur út til þátttakenda innihélt 36 spurningar og var hann saminn af rannsakendum sjálfum. Við gerð listans nýttu rannsakendur reynslu sína af því að leiðbeina og aðstoða einstaklinga við val á hjólastólum. Einnig var leitað til annarra iðjuþjálfa, sem höfðu reynslu á þessu svíði og var haft samráð við notendur hjólastóla. Til hliðsjónar voru höfð atriði úr fræðsluramma frá Dalhousie University í Kanada, Wheelchairs Skills Program, Version 3.2, Manual.


Spurningalistanum var skipt upp í þrjá hluta. Í fyrsta hluta voru 20 spurningar um lýðfræðileg atriði, svo sem kyn, búsetu og aldur. Einnig var spurt um mænuskaða viðkomandi og ýmis atriði tengd hjólastól. Annar hluti listans innihélt fimm spurningar um leikni í að nota hjólastólinn og ferðast með hann. Dæmi um spurningar sem tengdust leikni eru: „égg get náð hlutum af gólfí sitjandi í hjólastólnum“ og „égg get komist upp í hjólastólinn af gólfí“. Í þriðja og síðasta hluta spurningalistans voru 11 spurningar um kennslu og þjálfun í notkun á hjólastól. Þar var meðal annars spurt um hvort þátttakendur hafi fengið kennslu og þjálfun í notkun á hjólastól, hvar þeir höfðu fengið kennslu og þjálfun og hversu ánægðir þeir voru með hana. Einnig voru þátttakendur beðnir að merkja við þau atriði sem þeir myndu vilja fá kennslu og/eða þjálfun í. Að lokum var þátttakendum gefin kostur á að tjá sig um hvað ætti helst að kenna í „hjólastólaskóla“ eða á námskeiði ef þeir teldu sig hafa þörf fyrir slíkt.

## Niðurstöður

Af þeim sem svöruðu voru 24 karlar og 11 konur. Aðeins þrír einstaklingar á aldrinum 18-29 ára svöruðu. Flestir

þátttakenda höfðu hlotið mænuskaða á síðastliðnum 10 árum eða 34%. Þátttakendur með háan alaskaða á mænu voru 11, það voru 15 með lágan alaskaða og 8 voru með hlutskaða. Það skiptir máli hvernig mænuskaða einstaklingarnir eru með vegna þess að sum leikniatriðin sem spurt var um krefjast mikillar líkamlegrar færni. Dreifing þátttakenda var nokkuð jöfn eftir því hvaða menntun þeir höfðu hlotið en 11 (31%) voru með háskólapróf, það voru 12 (34%) með grunnskólapróf og 10 (29%) með framhaldskólamennntun. Það voru 16 þátttakendur (46%) sem voru í launaðri vinnu, fimm voru í námi, fimm voru í sjálfboðavinnu og fjórir stunduðu ekki vinnu. Þátttakendur voru beðnir um að merkja við allar tegundir hjólastóla sem þeir ættu. Flestir þátttakendur áttu fastramma hjólastól eða 23 (66%) en 17 (48%) sögðust eiga krossramma hjólastól. Það kom fram að 29 (83%) höfðu fengið nýjan hjólastól á síðustu 5 árum. Það voru 29 (83%) sem sátu lengur en 8 klukkustundir að meðaltali í hjólastólnum á dag. Flestir voru sjálfbjarga með eigin umsjá s.s. að klæða sig, fara í bað og flytja sig í/úr hjólastólnum. Hins vegar voru færri sjálfbjarga með erfiðari athafnir eins og að taka hjólastólinn inn í bíl eða aðeins 17 þátttakendur. Í svari við spurningu sem varðaði almenna leikni í að nota hjólastólinn þá var samræmi í því sem þátttakendur gátu ekki og þess sem þeir vildu fá kennslu og þjálfun í. Sem dæmi þá gátu 24 ekið hjólastólnum í möl en 5 vildu fá kennslu og þjálfun í því. Það voru níu sem sögðust geta komist í hjólastólinn af gólfí en 14 vildu fá kennslu og þjálfun í því.

Varðandi kennslu (munnlega fræðslu eða sýnikennslu) og þjálfun (verkleg þjálfu) í hjólastólaleikni (mynd 1) þá höfðu 12 þátttakendur (34%) fengið kennslu í tæknilegum atriðum hjólastólsins (stillingar, uppbygging, möguleikar á útfærslu hjólastólsins). Það voru 20 (57%) sem höfðu fengið kennslu í notkun á hjólastólnum (aka á sléttu gólfí, aka yfir þröskulda og aka í halla). Það voru 13 (37%) sem höfðu fengið þjálfun í notkun á hjólastólnum. Flestir höfðu fengið kennslu og þjálfun á endurhæfingarstofnunum eða 19, en það er sá staður sem 28 þátttakendur, töldu að kennsla og þjálfun eigi að fara fram. Það voru 13 sem töldu námskeið



**Mynd 1.** Kennsla og þjálfun í hjólastólaleikni.

góðan kost og það höfðu 7 farið á námskeið í hjólastólaleikni. Þar sem þátttakendur voru beðnir um að merkja við í hvaða umhverfi þeir vildu fá kennslu og þjálfun, þá merktu 21 við endurhæfingarstofnun og 18 merktu við, úti í náttúrunni. Hins vegar merktu aðeins 10 við heimili sitt og aðrir staðir fengu færri stig (vinnustaður, skóli, verslunarmiðstöð og niður í bæ). Það voru 18 sem höfðu fengið leiðsögn hjá sjúkrabjálfara en 13 höfðu fengið leiðsögn hjá iðjuþjálfa.

Það voru 28 þátttakendur sem töldu að sjúkrabjálfari ætti að sjá um kennsluna og 27 töldu að iðjuþjálfi ætti að sjá um hana. Aðeins 17 merktu við að annar hjólastólanotandi ætti að sjá um kennsluna (Tafla 1).

Meiri hluti þátttakenda taldi þörf á einhvers konar kennslu eða þjálfun í hjólastólaleikni eða 21 (60%). Það voru 14 (40%) sem töldu þörf á upprifjun og/eða kennslu í að auka færni í notkun á hjólastólnum eftir að hafa notað hann í einhvern tíma og 19 sem töldu að „hjólastólaskóli“ eða sérstakt

námskeið kæmi að notum fyrir sig (mynd 2).


### Umræður

Í þessari könnun var verið að leita eftir upplýsingum frá mænusköðuðum

	Fjöldi
Fá meiri líkamlega þjálfun	9
Fá meiri kennslu í tæknatriðum og uppbyggingu hjólastólsins	8
Fá meiri þjálfun í að stilla hjólastólinn	8
Fá meiri þjálfun í að taka hjólastólinn í sundur og setja hann saman	3
Fá meiri kennslu í notkun á hjólastólnum	4
Fá meiri þjálfun í notkun á hjólastólnum	11
Fá meiri kennslu um setstöðu	8
Annað, hvað (sjá fylgiskjal B)	

**Tafla 2.** Hverju vildu þátttakendur breyta varðandi þá kennslu og þjálfun sem þeir höfðu fengið. Boðið var uppá svarmöguleikann annað þar sem þátttakendur gátu skrifð frá eigin brjósti .

hjólastólanotendum á Íslandi. Ekki eru til neinar upplýsingar um hversu margir mænuskaðaðir einstaklingar á Íslandi nota hjólastól. Ef þær upplýsingar hefðu legið fyrir hefði upplýsingaöflun orðið auðveldari og markvissari frá



**Mynd 2.** Þörf fyrir kennslu og þjálfun.

Hver sá um kennsluna/þjálfunina?	Hver telur þú að eigi að sjá um kennsluna/þjálfunina?
Ég sjálf(ur)	5
Ég las leiðbeiningarnar með stólnum	4
Annar einstaklingur sem notar hjólastól	8
Iðjuþjálfi	13
Sjúkrabjálfari	18
Einstaklingur með aðra heilbrigðismenntun	1
Ófaglærður einstaklingur	2
	(Var ekki boðið upp á þennan valkost)
	5
	17
	27
	28

**Tafla 1.** Samanburður á því hvar kennsla og/eða þjálfun hafði farið fram og hvar þátttakendur töldu að hún ætti að fara fram.

upphafi því þá hefði verið hægt að senda spurningalistann eingöngu til þeirra sem nota hjólastól.

Næstum allir nota hjólastólinn daglega, sem sýnir hve hópurinn er háður hjólastólnum og staðfestir það sem heimildir segja samanber rannsóknir Chaves, Boninger, Cooper, Fitzgerald, Gray og Cooper (2004), Hulting o.fl. (1995) og Routhier o.fl. (2003) um að hjólastóll sé eitt mikilvægasta hjálpertæknið sem mænuskaðaðir einstaklingar nota.

Færni þáttakenda í daglegum athöfnum var almennt góð og margir stunduðu vinnu eða nám utan heimilis sem gefur vísbendingu um að hópurinn sem svaraði séu virkir þáttakendur í iðju og hafi aðlagast og lært að lifa með þeim breytingum sem hafa orðið á lífi þeirra við það að skaðast á mænu. (Atkins, 2002; Kielhofner, 2002). Flestir voru sjálfbjarga með eigin umsjá eins og að klæða sig, fara í bað og flytja sig í og úr hjólastólnum. Við erfiðari athafnir eins og að setja hjólastólinn inn í bíl voru færri sjálfbjarga. Þetta endurspegladist einnig í atriðum sem tengjast hjólastóraleikni. Nánast allir voru færir um grunnatriði eins og að aka stólnum áfram, bakka og komast

### **Aukin leikni í hjólastól eflir þáttöku í iðju og eykur lífsgæði viðkomandi.**

yfir lága þröskulda. Færri gátu framkvæmt erfiðari atriði eins og að komast yfir háan þröskuld, aka stólnum á afturhjólunum, farið upp og niður tröppur. Þetta eru atriði sem öll krefjast leikni í að lyfta stólnum upp á afturhjólin og halda jafnvægi. Heimildum ber saman um að það þarf verklega þjálfun til þess að hjólastólanotendur séu færir um að lyfta stólnum upp á afturhjólin og halda jafnvægi þar. Þegar þeir hafa komist uppá lag með það þá eiga þeir auðveldara með að komast yfir hindranir, svo sem þröskulda eða gangstéttabréúnir. (Bonaparte o.fl., 2004; Routhier o.fl., 2003; Hammel, 1995). Hugsanlegt er að þáttakendur hafi ekki fengið þjálfun í þessum atriðum samanber niðurstöður úr spurningakönnumuninni. Samkvæmt Routhier o.fl. (2003) eflir aukin leikni í hjólastól þáttöku í iðju og eykur lífsgæði viðkomandi. Einnig skal bent á að vegna fötlunar sinnar eru ekki allir færir um erfiðari atriði í hjólastóraleikni, svo sem að fara upp og niður tröppur. Það voru 11 þáttakendur voru með háan alskaða en ekki er vitað hve háan skaða hver einstaklingur var með. Miðað við þann hóp sem þurfti alltaf aðstoð við daglegar athafnir, eins og að komast á salerni, í bað og að klæðast, má leiða líkum að því að þetta séu einstaklingar með skaða mjög ofarlega á mænunni og með það víðtæka lómum

að þeir hafi ekki líkamlega burði til að framkvæma athafnir sem krefjast mikillar leikni. Þessum einstaklingum eru því takmörk sett og þeir hafa ekki sömu möguleika til þáttöku í iðju eins og einstaklingar með lægri mænuskaða.

Flestir þáttakenda töldu að kennsla og þjálfun ætti að fara fram á endurhæfingarstofnun en næst flestir að hún ætti að vera úti í náttúrunni. Mun færri vildu fá kennslu og þjálfun í hjólastóraleikni á öðrum stöðum eins og á heimili sínu, í vinnu eða skóla. Hugsanlegt er að þáttakendur telji að með því að þjálfa inni á endurhæfingarstofnun þá geti þeir náð nægilegri leikni til að takast á við umhverfi heimilis og vinnu. Aftur á móti er erfiðara að þjálfa upp þá leikni inni á endurhæfingarstofnun sem náttúrulegt umhverfi krefst. Við veltum fyrir okkur hvort þörf þáttakenda fyrir þjálfun úti í náttúrunni sé tengd lífsstíl Íslendinga þar sem hefð er fyrir útilegum og notkun sumarhúsa. Allir hafa þörf fyrir fjölbreytta iðju hvort sem þeir eru notendur hjólastóla eða

### **Allir hafa þörf fyrir fjölbreytta iðju hvort sem þeir eru notendur hjólastóla eða ekki og vilja eiga möguleika á að komast meira út í náttúruna.**

ekki og vilja eiga möguleika á að komast meira út í náttúruna í stað þess að einblína eingöngu á að komast í og úr vinnu og inn og út heima hjá sér. Út frá því er mikilvægt að þjónusta iðjuþjálfa taki mið af þörfum einstaklingsins, hvað hann langar að gera, og að honum sé gert kleift að velja og framkvæma þær athafnir sem eru honum mikilvægar og tilheyra þeim menningarheimi sem hann býr í (Strong o.fl., 1999).

Það er athyglisvert að sjá að niðurstöðurnar sýna að þáttakendur höfðu síður fengið kennslu varðandi tæknatriði hjólastólsins og verklega þjálfun í að nota hann, heldur en kennslu (munnlega fræðslu og sýnikennslu) varðandi notkun á honum. Ef þessar niðurstöður eru skoðaðar í ljósi hugmyndafræði iðjuþjálfa og markmiða með endurhæfingu má ætla að breytinga sé þörf. Að bæta þurfi kennslu og þjálfun í leikni í að nota hjólastól. Fagstéttir

iðjuþjálfa og sjúkraþjálfa sem oftast sjá um að útvega hjólastóla, aðlaga þá og kenna notkun á þeim, þurfa að efla eigin fræðagrunn hvað þetta varðar, til að geta stutt enn betur við notendur. Þjálfarar sem sjá um þessa kennslu og þjálfun fyrir notendur ættu sjálfir að fá þjálfun í hjólastóraleikni.

Fáir þáttakendur í rannsókninni höfðu fengið kennslu af hálfu annars hjólastólanotanda, en 17 töldu það góðan kost. Í Svíþjóð, þar sem þróun virðist lengra á veg komin en á Íslandi, hafa notendur kennt öðrum notendum leikni í notkun á hjólastól (Rekryter-


### **Þjálfarar sem sjá um kennslu og þjálfun fyrir notendur ættu sjálfir að fá þjálfun í hjólastóraleikni.**

ingsgruppen, 2001). Það er þýðingarmikið að efla fræðslu og þjálfun og auka samvinnu milli fagfólks og mænuskaðaðra í að gera hana sem besta þannig að hún fullnægi þörfum beggja aðila. Koma mætti af stað samvinnu milli iðjuþjálfa eildar Háskólaans á Akureyri og SEM samtakanna til að gera kennslu í leikni í notkun á hjólastólmarkvissari fyrir mænuskaða einstaklinga og iðjuþjálfanema.

### **Heimildaskrá**

- Atkins, M. A. (2002). Spinal Cord Injury. I C. A. Trombly og M. V. Radomski (Ritstj.), *Occupational Therapy for Physical Dysfunction* (bls. 965-999). Maryland USA: Lippincott Williams & Wilkins.  
 Bonaparte, J. P., Kirby, R. L. og Macleod, D. A. (2004). Learning to Perform Wheelchair Wheelies: Comparison of 2 Training Strategies. *Archives of Physical Medicine and Rehabilitation*, 85, 785-793.  
 Canadian Association of Occupational Therapists. Townsend, E. (1997). *Enabling occupation, an occupational therapy perspective*. Ottawa  
 Chaves, E. S., Boninger, M. L., Cooper, R., Fitzgerald, S. G., Gray, D. B. og Cooper, R. A., (2004). Assessing the Influence of Wheelchair Technology on Perception of Participation in Spinal Cord Injury. *Arch Phys Med Rehabil*, 85, 1854-1858.  
 Cook, A. M. og Hussey, S. M. (2002). *Assistive Technologies: Principles and Practice*. Missouri USA: Mosby.  
 Coolen, A. L., Kirby, R. L., Landry, J., MacPhee, A. H., Dupuis, D., og Smith, C. (2004). *Wheelchair skills training program*

- for clinicians: A randomized controlled trial with occupational therapy students. *Archives of Physical Medicine and Rehabilitation*, 85, 1160-1167.
- Engström, B. (2002). *Ergonomic seating: A true challenge: Seating and mobility for the physically challenged: Risks & possibilities when using wheelchairs*. Stockholm: Posturalis Books.
- Guðrún Árnadóttir. (2000). A-ONE: Árnadóttir OT-ADL Neurobehavioral Evaluation: Fræðilegur bakgrunnur íslensk þýðing hugtaka. Akureyri: höfundur.
- Hammel, K. W. (1995). *Spinal cord injury rehabilitation*. London UK: Chapman & Hall.
- Högberg, J. (2000). *Rullstolen, Anpassningsteori & Funktion*. Stokkhólmur: Föreningen Rekryteringsgruppen för aktiv rehabilitering.
- Hulting, C. og Levi, R. (1995). *Spinalis - ny kraft för skadad ryggmärg*. Stokkhólmur: Stiftelsen Spinalis.
- Kielhofner, G. (2002). *Model of Human Occupation: Theory and Application*. Maryland USA: Lippincott Williams & Wilkins.
- Kilkens, O. J., Dallmeijer, A. J., Witte, L. P. og Woude, L. H. (2004). The Wheelchair Circuit: Construct Validity and Responsiveness of a Test to Assess Manual Wheelchair Mobility in Person With Spinal Cord Injury. *Archives of Physical Medicine and Rehabilitation*, 85, 424-431.
- Kirby, R. L. (2005). *Wheelchair skills program (WSP). version 3.2. manual*. Sótt 28. apríl 2005 af <http://www.wheelchairskillsprogram.ca/manual.htm>
- Marco, A., D., Russell, M. og Masters, M. (2003). Standards for wheelchair prescription. *Australian Occupational Therapy Journal*, 50, 30-39.
- Norsten, Å. (2001). *Drivkraft: Körergonomi, rullstolsteknik & metodik*. Stokkhólmur: Frösunda center.
- Pulaski, K. H. (1998). Adult Neurological Dysfunction. Í M. E. Neistadt og E. B. Crepeau (Ritstj.), *Willard og Spackman's: Occupational Therapy: Ninth Edition*. (bls. 660-680). Philadelphia: Lippincott Williams og Wilkins.
- Rekryteringsgruppen Aktiv Rehabilitering. (2001). Sótt 26. apríl 2005 af <http://www.rekryteringsgruppen.se>.
- Routhier, F., Vincent, C., Desrosiers, J., og Nadeau, S. (2003). Mobility of wheelchair users: A proposed performance assessment framework. *Disability and Rehabilitation*, 25, 19-34.
- Sitsite. (e.d.). *Námskeið í færni og akstursleikni á hjólastól*. Sótt 24. apríl 2005 af <http://www.sitsite.net/files/hjolastolanamsk.doc>
- Strong, S., Rigby, P., Stewart, D., Law, M., Letts, L. og Cooper, B. (1999). Application of the Person-Environment-Occupation Model: A practical tool. *Canadian Journal of Occupational Therapy*, 63, 122-133.
- Tryggingastofnun ríkisins – hjálpartækja-miðstöð. (2004). *Hjólastólar og göngu-hjálpartæki*. Reykjavík: Höfundar.



Bók þessi hefur að geyma mikið af upplýsingum fyrir alla heilbrigðisstarfsmenn sem vilja skara fram úr á sínu sviði og hafa metnað til að ná langt í starfi. Hún er mikilvæg bæði fyrir þá sem starfa við kennslu á heilbrigðissviði og aðra faglærða yfirmenn innan heilbrigðisgeirans. Hún er hjálpleg við að útskýra hinum miklu breytingar sem heilbrigðisþjónustan stendur frammi fyrir og útskýrir á aðgengilegan hátt hvernig sérhver heilbrigðisstarfsmaður getur farið fram í starfi sínu.

### Kynning á bókinni *Becoming an Advanced Healthcare Practitioner*.

## Hvernig á að verða framúrskarandi heilbrigðisstarfsmaður

- Bókin útskýrir hinum mörgu ólíku hliðar og breytingar á áherslum í íhlutun eru útskýrðar og ákveðin dæmi eru undirstrikuð. Höfundarnir útskýra það svigrúm sem framúrskarandi starfsmenn hafa í sínu starfi, og fara í gegnum það ferli sem er mikilvægt til að ná settu marki.
- Bókin útskýrir mögulega útsjónarsemi sem þarf til að nálgast aukna sjálfsprekkingu og aukna þekkingu á öðrum. Þetta er útskýrt í samhengi við stjórnun, skilningi á mismuni einstaklinga, hvernig íhlutun og úrræði eru notuð, og hvernig á að vera íhugull. Allir þessir þættir hjálpa til við áframhaldandi þroska í starfi (Continuing Professional Development CPD) og við að meta þörf á áframhaldandi menntun.
- Dæmi eru tekin um starfsframa og aðferðir til að innleiða skólastyrki á öllum stigum starfshjáfunarinnar. Í bókinni er notkunin á fræðilega

þættinum við íhlutun útskýrður, einnig ítarlega hvernig á að skapa áframhaldandi þroska í starfi (CPD) og hvernig á að setja sér bæði skammtíma- og langtíma markmið í símenntun.

Bók þessi er nauðsynleg öllum þeim heilbrigðisstarfsmönnum, sem vilja hafa frumkvæði í að bæta sig í starfi.

Höfundar bókarinnar eru:

Gillian Brown, yfirmaður iðjuþjálfunar við Barking Havering and Redbridge NHS Trust í London. Hann er einnig gestafyrirlesari við University of East London í Englandi.

Susan A. Easdale, prófessor í iðjuþjálfun við Eugene Applebaum College of Pharmacy and Health Sciences, Wayne State University í Bandaríkjunum.

Susan E. Ryan, prófessor í iðjuþjálfun við University College á Írlandi.

**Pýðandi af úrdrætti:  
Hrönn Guðmundsdóttir, iðjuþjálfu.**

# „Ég hef alltaf verið að fikra mig áfram hvernig ég á að eignast vini og svona en ég hef aldrei eignast vini“

– Rannsókn á félagslegri þáttöku unglings með hreyfifrávik



■ Gerður Gústavsdóttir, iðjupjálfari, Æfingastöð Styrktarfélags lamaðra og fatlaðra



■ Helga Guðjónsdóttir, iðjupjálfari, Æfingastöð Styrktarfélags lamaðra og fatlaðra



■ Valrós Sigurbjörnsdóttir, iðjupjálfari, Æfingastöð Styrktarfélags lamaðra og fatlaðra

Tilgangur rannsóknarinnar var að kanna félagslega þáttöku unglings með hreyfifrávik og skoða hvaða þættir skipta þá mestu máli í daglegu lífi. Notuð var eigindleg rannsóknaraðferð en hún gefur þátttakendum tækifæri á að tjá eigin upplifun og reynslu. Um var að ræða 12 unglings á aldrinum 15-17 ára sem greindir höfðu verið með hreyfiproskaröskun með eða án ADHD (Attention Deficit/Hyperactivity Disorder – ADHD).

Niðurstöður leiddu í ljós að þátttakendur skiptust í two nærafjnstóra hópa hvað varðar félagslega þáttöku. Annars vegar hóp unglings sem gekk vel félagslega og töku þeir frekar þátt í tómstundaiðju. Þeir voru með nokkuð gott sjálfstraust og sýndu tölувart frumkvæði í samskiptum. Hins vegar voru félagslega verr staddir unglingsar sem nefndu að kvíði, feimni og frumkvæðisleysi kæmi í veg fyrir að þeir tækju þátt að sama skapi og jafnaldrar þeirra.

Það kom ekki fram að hreyfifrávik háðu ungliningum í daglegu lífi, að minnsta kosti virtust þeir ekki upplifa þau sem hindrun. Niðurstöður rannsóknarinnar benda til að gefa þurfi félagsleiri þáttöku aukið vægi, finna leiðir til að efla félagsfærni barna og hvetja þau til aukinnar tómstundaiðkunar.

## Inngangur

Börnum með ýmiskonar frávik í hreyfiproska er vísað í iðjuþjálfun á Æfingastöð Styrktarfélags lamaðra og fatlaðra (ÆSLF). Flest þeirra eru greind með hreyfiproskaröskun ýmist með eða án athyglisrests og ofvkni (Attention Deficit/Hyperactivity Disorder – ADHD). Á síðastliðnum árum hefur aðaláhersla á vinnustað okkar á ÆSLF verið lögð á að bæta hreyfifærni barna og auka þáttöku þeirra í hagnýtum viðfangsefnum. Í starfi okkar höfum við iðjuþjálfar hins vegar orðið þess áskynja hversu algengt er að félagsfærni þeirra sé ábótavant. Foreldrar hafa enn fremur lýst áhyggjum sínum vegna þess að börnin eigi ekki félaga og þeim gangi illa í samskiptum við aðra. Þrátt fyrir að í flestum tilfellum hafi börnunum verið vísað í iðjuþjálfun vegna hreyfierfiðleika þá upplifa foreldrar yfirleitt félagslegu þættina sem þá mikilvægustu.

Í ljósi þessa þótti okkur áhugavert að kanna hvernig unglungum með hreyfiproskaröskun með eða án ADHD vagnar og hver félagsleg staða þeirra er. Við höfðum enn fremur áhuga á að fræðast um hvaða þættir hafa mest gildi að mati unglinganna.

Sjúkdómsreiningar barna og unglings með hreyfierfiðleika með eða án athyglisrests og ofvkni hafa í gegnum tíðina verið margbreytilegar og oft á tíðum ruglingslegar bæði hérlandis sem erlendis. Þar sem áður var talað um misþroska og ofvkni er nú talað um hreyfiproskaröskun og ADHD. Sem dæmi má nefna að það sem áður hét Foreldrafélag misþroska barna kallast nú ADHD samtökin. Í erlendum heimildum er meðal annars notað DCD (Developmental Coordination Disorder) um þennan hóp barna. Í rannsókninni var stuðst við það heiti sem algengast er nú á dögum en það er

■ Lykilord  
Félagsleg þátttaka, hreyfiproskaröskun, tómstundaiðja.

hreyfiþroskaröskun með eða án ADHD.

## Heimildayfirlit Pátttaka

Pátttaka í fjölbreytilegri iðju hefur margvísleg áhrif á einstaklinginn og með iðju tekstu fólk á við þær kröfur sem lífið gerir (Polgar og Landry, 2004). Pátttaka er háð ytri aðstæðum svo sem umhverfi, persónubundnum þáttum og félags- og menningarlegum þáttum auk þess sem þroski og líf- og erfðafræðilegir þættir hafa áhrif (Poulsen og Ziviani, 2004B). Iðja barna og unglings er af ýmsum toga svo sem eigin umsjá, leikur, nám og tómstundastörf og er pátttaka í daglegum viðfangsefnum mikilvæg í þroskaferli þeirra.

Pátttaka hefur jákvæð áhrif á heilsu og vellíðan og leiðir til ánægju og aukinnar hæfni. Fólk sem ekki er fært um að taka þátt finnur fyrir félagslegri einangrun og vanlíðan. Pátttaka er hluti af þroskaferli barna, þau vaxa úr grasi og þroskast í gegnum skólastarf, leik með félögum sínum, lestur, íþróttir eða aðra tómstundaiðju. Leikir eru mikilvægir fyrir félagslíf barna, en í leikjum koma hópar saman og vin-skapur myndast (Law og King, 2000).

Rannsóknir sýna að vináttubönd unglings geti haft mikil áhrif á andlegan og félagslegan þroska þeirra. Peir þjálfast í félagslegum samskiptum og eiga betur með að virða skoðanir og setja sig í spor annarra (Kristín Björnsdóttir, 2003).

## Gildi félags- og tómstundastarfs

Í skýrslu Menntamálaráðuneytisins frá 2003 kom fram að pátttaka ungs fólk í félags- og tómstundastarfi er undirstaða uppbyggilegrar þátttöku þeirra í samféluginu. Það er því mikilvægt að ungt fólk hafi vettvang þar sem hæfileikar þeirra og sköpunargleði fá að njóta sín. Gildi félags- og tómstundastarfs fyrir ungt fólk er af ýmsum toga. Sem dæmi má nefna uppeldislegt gildi, en pátttaka í félagsstarfi kennir ungu fólk í vinna saman og taka ákváðanir í samstarfi við aðra. Rannsóknir gefa sterkar vísbendingar um að pátttaka í skipulögðu félagsstarfi hafi forvarnargildi (Pórólfur Þórlindsson, Inga Dóra Sigfúsdóttir, Jón Gunnar Bernburg og Viðar Halldórsson, 1998). Skipulagt félagsstarf skapar aukna festu í lífi

unglinga og þeir eru líklegri til að líta á sig sem ábyrga þátttakendur í samféluginu. Þá vegur einnig þungt að skipulagt félags- og tómstundastarf er í senn vettvangur fyrir afþreyingu og félagsleg samskipti við jafnaldra, en hvort tveggja er ungu fólk í lífsnauðsyn (Menntamálaráðuneytið, 2003).

**Niðurstöður rannsóknarinnar  
benda til að gefa þurfi félagslegri  
þátttöku aukið vægi, finna leiðir til  
að efla félagsfærni barna og hvetja  
þau til aukinnar tómstundaiðkunar.**

Skortur á sjálfstrausti getur leitt til þess að unglings farðist félagsskap, dragi sig í hlé og einangrist. Sjálfstraust snýst meðal annars um hæfni til að mynda heilbrigð og gefandi tengsl við annað fólk (Erla Kristjánsdóttir, Jóhann Ingi Gunnarsson og Sæmundur Hafsteinsson, 2004). Í rannsókn Sigriðar Einarsdóttur (2003) kom fram hve miklu málí þátttaka í frístundastarfi skipti hvað varðar vináttutengsl. Það að hafa öðlast færni á ákveðnu svíði skipti sköpum um velgengni og virðingu meðal skólaþelaganna. Ennfremur kom fram að styrkleikar einstaklinganna tengdust oft áhugamálum, svo sem frístundastarfi og íþróttum. Law (2002) telur að pátttaka barna og unglings í tómstundaiðju minnki brottfall úr skóla, bæti frammistöðu og auki félagsleg tengsl þeirra við jafnaldra sína.

## Félagsleg þátttaka barna með hreyfiþroskaröskun

Rannsóknir sýna að börn með hreyfiþroskaröskun eigi oft í erfiðleikum með félagslegt samneyti. Í Rannsókn Smyth og Anderson (2000) kom fram að börn með hreyfirfrávik tóku minni þátt í hreyfileikjum, höfðu síður jákvæð samskipti við bekkjarfélaga og voru oft ein á skólavellinum. Að mati foreldra voru börnin einangruð, ómannblendin og óþroskuð félagslega og foreldrar höfðu iðulega meiri áhyggjur af félagsfærni barnanna en hreyfigetu þeirra (Chen og Cohn, 2003; Cohn, 2001).

Leikir geta reynst börnum með hreyfiþroskaröskun erfiðir og dregið úr þátttöku þeirra (Segal, Mandich, Polatajko og Cook, 2002). Í rannsókn

Mandich, Polatajko og Rodger (2003) kom fram að það að vera góður í einhverju skipti miklu varðandi það að vera viðurkenndur af félögum sínum og vera hluti af hópi. Í grein eftir Gresham og MacMillan (1997) kom fram að börnum með frávik var frekar hafnað af jafnoldrum sínum og að þau fundu frekar fyrir einmanaleika, þunglyndi og félagslegu óöryggi. Rannsókn Piek og Skinner (2001) á börnum með og án umtalsverða hreyfierfiðleika leiddi í ljós að unglings með frávik höfðu minni trú á eigin getu og lægra sjálfsmat en jafnaldar þeirra. Þótt drægi úr hreyfierfiðleikum með aldrinum áttu unglingsarnir oft í erfiðleikum sem tengdust námi og sál-félagslegum þáttum þegar þeir nálgudust fullorðinsár (Poulsen og Ziviani, 2004A; Mandich, Polatajko og Rodger, 2003; Piek, Dworcan og Barett, 2000). Að sögn Rögnu Freyju Karlsdóttur (2001) verða nemendur með ADHD oft fyrir aðkasti og einelti. Börn sem lögð eru í einelti líta oft á skólann sem ógnandi stað sem þeim finnst erfitt að aðlagast. Þau eru einmana og kvíða fyrir að fara í skólann (Kochenderfer og Ladd, 1996).

## Aðferðafræði

Í rannsókninni var notuð eiginleg aðferð en hún gefur þátttakendum tækifæri á að tjá eigin upplifun og reynslu. Þessi aðferð gefur möguleika á sveigjanleika hvað varðar umræðuefni og byggir að stórum hluta á virkni þátttakenda (Bogdan og Biklen, 1998).

Viðtöl voru tekin við 12 unglings á aldrinum 15–17 ára, níu stráka og þrjár stelpur. Þau áttu það sameiginlegt að hafa verið greind með frávik í hreyfiþroska. Um var að ræða unglings búsetta á höfuðborgarsvæðinu, sem notið höfðu þjónustu iðjuþjálfa á ÆSLF. Í samræmi við val á rannsóknaraðferð voru notuð óstöðluð opin viðtöl við upplýsingaöflun. Viðfangsefni sem komið var inn á voru meðal annars skóli, vinir, fjölskylda, tómstundaiðja og hvað skipti viðmælendur mestu máli í daglegu lífi.

## Niðurstöður og umræða

Flestir viðmælenda okkar eru ánægðir í skóla en nokkrir segja að sér líði illa og vísa meðal annars til eineltis í því sambandi.

Nokkrir nefna að þeir hafi orðið fyrir stríðni í skóla og urðu sumir fyrir einelti í langan tíma. Eineltið hefur haft þau áhrif að þeim líður illa og kvíða skóladeginum. Í því sambandi sagði einn viðmælandi okkar meðal annars:

„Ég var sko í mínum bekk aðal fórnarlambið. Krakkar voru svo mikil að draga mig á bak við lóðina, segjast ætla að sýna mér, en svo ætluðu þau bara að fara eitthvað að berja mig eða eitthvað. Sumir uppnefna mig alltaf í frímínútum og eitthvað og segja eitthvað ljótt“.

**■ Skortur á sjálfstrausti getur leitt til þess að unglingslegar forðist félagsskap, dragi sig í hlé og einangrist.**

Öðrum líður það illa í skólanum að hann hleypur heim í hverjum frímínútum til að forðast samneyti við skólaglögana. Viðmælendur okkar upplifa að skólinn hafi ekki brugðist við eineltinu af alvöru en þeir hafi frekar leitað til foreldra sinna eftir stuðningi.

Helmingur viðmælenda okkar hafa verið greindir með lesblindu og fá stuðning og aðlögun í námi vegna þess. Peir eru ósáttir við að vera teknir út úr tímum vegna sérkennslu þar sem þá langaraðverameira meðbekkjarfélögum sínum. Petta er í samræmi við rannsóknir þar sem fram kemur að það takmarki tækifæri nemenda til félagslegrar þáttöku með skólfelögunum ef þeir eru teknir úr tímum.

Val unglingsanna á framhaldsskóla virðist mólast af því hvaða skólar koma best til móts við þarfir þeirra. Sem dæmi má nefna hvort boðið er upp á sérstakan stuðning vegna lesblindu eða hvort þeim er gert kleift að sleppa einhverjum fögum. Stór hluti þeirra hefur ákveðnar skoðanir á því við hvað þeir vilja starfa í framtíðinni. Val þeirra tengist fremur verklegum greinum sem krefjast ekki langskólanáms. Það kemur okkur á óvart að jafn ungar krakkar hafi svo mótaða framtíðarsýn. Við veltum fyrir okkur hvort orsök þess geti verið að margir þeirra telji að erfiðleikar í námi takmarki námsval þeirra. Hugsanlega hafa foreldrar þeirra og skólakerfið bent á leiðir sem þau

telja heppilegastar og þannig haft áhrif á val þeirra.

Meirihluti viðmælenda okkar hefur stundað íþróttir reglulega í mörg ár, svo sem fótbalta, handbolta, dans, sund og fimleika. Priðjungur stundar hóp-íþróttir og eiga það sammerkt að eiga vini og vera félagslega vel staddir. Þeir unglingsar sem reyndust félagslega illa staddir virðast leita fremur í íþróttir þar sem lítið reynir á félagslegt samneyti.

Pátttaka í íþróttum og tómstundastarf hefur mikil félagslegt gildi að mati unglingsanna. Þeir hafa eignast vini í gegnum áhugamál og hafa mikil samskipti við þá í frístundum. Í mörgum tilfellum virðist stuðningur fjölskyldunnar skipta sköpum varðandi ástundun tómstundastarfs. Unglingarnir fengu hvatningu frá foreldrum sínum í byrjun og aðhald var sumum einnig mikilvægt til að halda áfram iðkuninni.

Þeir unglingsar sem taka þátt í skipulögðu tómstundastarf reyndust öruggari í fasi og virtust hafa meira

**■ Það að vera góður í einhverju skipti miklu varðandi það að vera viðurkenndur af félögum sínum og vera hluti af hópi.**

sjálfstraust en hinir. Jafnframt sögðu þeir að það skemmtilegasta sem þeir gerðu væri að stunda áhugamál sitt. Að öðlast færni á ákveðnu sviði hefur greinilega jákvæð áhrif á sjálfstraust unglingsa og virðingu annarra fyrir þeim. Einnig má velta fyrir sér orsakasamhengi, það er, hvort þau sem hafa gott sjálfstraust sæki fremur í skipulagið tómstundastarf en önnur þar eð þau ráða betur við það. Hjá viðmælendum okkar kemur berlega í ljós hversu sterk tengsl eru á milli þáttöku í tómstundastarfi og þess að eiga vini.

Helmingur unglingsanna segist eiga marga vini og vera í miklum samskiptum við þá. Hinir eru vinafáir en langar að eignast fleiri og betri vini. Einn lýsir því til dæmis á eftirfarandi hátt:

„Ég hef alltaf verið að fíkra mig áfram hvernig ég á að eignast vini og svona en ég hef aldrei eignast vini“.

Annar viðmælandi hefur átt erfitt uppdráttar vegna eineltis og er jafnframt

sá eini sem á alls enga vini. Hann hefur ekki stundað neina tómstundaiðju nema mjög stutt í senn. Hann á enga félaga í skólanum og eyðir frímínútunum inn síns liðs. Þegar hann var spurður um hvort hann saknaði þess að eiga ekki fleiri vini svaraði hann:

„Bara ég hugsa bara eins og ég eigi enga vini, bara eins og vinaorðið sé ekki til“.

Einn viðmælandi er vinamargur og hefur jákvæðni hans og sjálfstraust komið honum að góðu gagni. Hann er félagslyndur og útsjónarsamur þegar kemur að því að kynnast nýjum félögum eða eins og hann lýsir:

„Ég er að spá í að byrja... ég er að fara að byrja í golfi í summar... þegar þú ert að spila þá ertu skráður með einhverjum öðrum þó þú sért bara einn... þú endar alltaf með einhverjum“.

Einstaklingsbundnir þættir svo sem skapferli og viðhorf, viljastyrkur, sjálfstraust, framkoma og frumkvæði virðast skipta miklu máli þegar um vinatengsl er að ræða. Þessir þættir hafa greinileg áhrif á félagsleg samskipti unglingsanna sem tóku þátt í rannsókninni.

Feimni og skortur á frumkvæði kemur einnig í veg fyrir að sumir viðmælendur okkar taki þátt í tómstundaiðju og fara þar af leiðandi á mis við þann möguleika að eignast vini í gegnum félagsstarf. Kvíði getur haft áhrif á félagsleg samskipti og sem dæmi má nefna að einn unglingsanna er mikil einn en langar að fara út á meðal fólks en á erfitt með að taka af skarið eða eins og hann segir:

„Ég hef stundum hugsað hvernig það væri að fara svona af og til í bíó og svona einn bara... bara svona upp á skemmtunina, bara til að komast aðeins út... en svo bara þá verður ekkert úr því“.

Vinahópar unglingsanna koma bæði úr skóla og tómstundastarfi og virðist það hafa áhrif á félags tengsl þeirra hvort tómstundaiðkunin fer fram í þeirra hverfi. Þeir sem sækja tómstundaiðju utan hverfisins eru síður líklegir til að eignast vini sem tengjast tómstundunum.

## Niðurlag

Í rannsókninni leituðum við svara við því hvernig unglingsar með hreyfijþroskaróskun upplifa félagslega

þáttöku sína og hvað skiptir þá mestu málí í daglegu lífi. Viðmælendur okkar skiptust í two hópa hvað varðar félagslega þáttöku. Hluti þeirra voru virkir þáttakendur í félagsstarfi og áttu vini sem hafði mikil gildi fyrir þá. Peir voru jákvæðir og ánaegðir með lífið. Aðrir tóku lítinn sem engan þátt í tómstundaiðju. Peir voru vinafáir og söknuðu þess að vera ekki í meiri tengslum við jafnaldra sína. Það sem skipti flesta unglingsana mestu málí var að eiga vini, vera í samneyti við þá og stunda áhugamál sín.

Það kemur ekki fram að hreyfierfiðleikar hái unglingsnum í daglegu lífi, að minnsta kosti virðast þeir ekki upplifa þá sem hindrun. Peir sem eiga í félagslegum erfiðleikum nefna hins vegar að kvíði, frumkvæðisleysi, feimni og athyglisbrestur komi í veg fyrir að þau taki þátt að sama skapi og jafnaldrar þeirra. Við veltum fyrir okkur hvort hreyfierfiðleikar hafi háð þeim meira sem börnum og hafi komið í veg fyrir þáttöku í leikjum. Þau hafi þar af leiðandi ekki orðið hluti af hópi og síður náð að mynda vinatengsl. Þeim unglingsum sem gengur vel félagslega eru með áberandi betra sjálfstraust og sýna meira frumkvæði í samskiptum en hinir. Þarna er greinilegt hvað einstaklingsbundnr þættir skipta miklu málí hvað varðar félagslega þáttöku. Til þess að unglingsnar nái að nýta styrkleika sína sem skyldi er jafnframt mikilvægt að umhverfi þeirra sé styðjandi, ekki síst fjölskylda og skóli.

Par sem þáttakendur eru einungis 12 er ekki hægt að alhæfa út frá niðurstöðum. Prátt fyrir það teljum við að þær gefi innsýn í félagslega þáttöku unglings með hreyfifrávik.

Niðurstöður rannsóknarinnar gefa okkur vísbendingar um nauðsyn þess að breyta áherslum í þjónustu iðjuþjálfa þannig að félagsleg þáttaka fái aukið vægi. Þetta má gera með því að efla hópastarf, styrkja sjálfsmýnd barna, hlúa að sterkum hliðum þeirra og huga vel að samskiptum þeirra við félagahópinn. Ennfremur að hvetja til tómstundaiðkunar með það að markmiði að auka þáttöku þeirra, virkni og vinatengsl.

Í kjölfar rannsóknarinnar hefur þjónusta iðjuþjálfa á ÆSLF breyst að nokkru leyti. Aukin áhersla er á hópastarf þar sem félagsfærni skipar

## ■ Það sem skipti flesta unglingana mestu málí var að eiga vini, vera í samneyti við þá og stunda áhugamál sín.

stóran sess. Í veturn hafa verið starfandi í iðjuþjálfun fjórir hópar fyrir börn og unglings. Um er að ræða Stubbahóp fyrir börn á 4. ári, Fínþreyfi- og félagsfærnihópa fyrir 5-6 ára börn og í Eldhúshóp eru stúlkur með hreyfihömlun á aldrinum 9-13 ára. Auk þess eru iðjuþjálfi og sjúkraþjálfarar með Hreyfi - og félagsfærnihóp. Mikil ánægja er með þetta hópastarf bæði meðal barna og foreldra. Miðað við áhuga og eftirsprung munu iðjuþjálfar ÆSLF leitast við að efla þennan þátt starfsins enn frekar.

Grein þessi er byggð á B.Sc. verkefni höfunda í iðjuþjálfunarfræði við Háskólan á Akureyri 2005. Um var að ræða sérskipulagt nám fyrir starfandi iðjuþjálfa.

### Heimildaskrá

- Bogdan, R. C. og Biklen S. K. (1998). *Qualitative research for education: An introduction to theory and methods*. Boston: Allyn and Bacon.
- Chen, H. og Cohn, E. S. (2003). Social participation for children with developmental coordination disorder: Conceptual, evaluation and intervention considerations. *Physical and Occupational Therapy in Pediatrics*, 23 (4), 61-78.
- Cohn, E. S. (2001). Parent perspectives of occupational therapy using a sensory integration approach. *American Journal of Occupational Therapy*, 55, 285-294.
- Erla Kristjánsdóttir, Jóhann Ingi Gunnarsson og Sæmundur Hafsteinsson (2004). *Lífsleikni - sjálfstraust, sjálfsgagi og samkennd. Handbók fyrir kennara og foreldra*. Reykjavík: Námsgagnastofnun.
- Gresham, F. M. og MacMillan, D. L. (1997). Social competence and affective characteristics of students with mild disabilities. *Review of Educational Research*, 67, 377-415.
- Kochenderfer, B. J. og Ladd, G. W. (1996). Peer victimization: Cause or consequence of school maladjustment? *Child Development* 67, 1305-1317.
- Kristín Björnsdóttir (2003). Sérnámsbrautir og skólasamfélög. Samskipti þroskaheftra og ófatlaðra framhaldsskólanema. Í Rannveig Traustadóttir (ritstj.), *Fötlunarfræði. Nýjar íslenskar rannsóknir* (bls. 112-130). Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Smyth, M. M. og Anderson, H. I. (2000). Coping with clumsiness in the school playground: Social and physical play in children with coordination impairments. *British Journal of Developmental Psychology*, 18, 389-413.
- Pórólfur Þórlindsson, Inga Dóra Sigfusdóttir, Jón Gunnar Bernburg og Viðar Halldórsson (1998). *Vímuefnaneysla ungs fólks: Umhverfi og aðstæður*. Reykjavík: Rannsóknarstofnun uppeldis- og menntamála.
- Journal of Occupational Therapy, 56, 640-649.
- Law, M. og King, G. (2000). Participation! Every child's goal [Vefutgáfa]. *Premiere Issue of 'Today's Kids in Motion'* Sótt 29. október 2004 frá [http://canchild.interlynx.net/participation\\_article.html](http://canchild.interlynx.net/participation_article.html)
- Mandich, A. D., Polatajko, H. J. og Rodger, S. (2003). Rites of passage: Understanding participation of children with developmental coordination disorder. *Human Movement Science*, 22, 583-595.
- Menntamálaráðuneytið (2003). *Úttekt á stöðu félags- og tómstundamála ungs fólks á Íslandi* (rit 4) Reykjavík: Höfundur.
- Piek, J. P., Dworcan, M. og Barnett, N. C. (2000). Determinants of self-worth in children with and without developmental coordination disorder. *International Journal of Disability, Development and Education*, 47, 259-272.
- Piek, J. P. og Skinner, R. A. (2001). Psychosocial implications of poor motor coordination in children and adolescents. *Human Movement Science*, 20, 73-94.
- Polgar, J. M. og Landry, J. E. (2004). Occupations as a means for individual and group participation in life. Í C. H. Christiansen og E. A. Townsend (ritstj.), *Introduction to occupation: The art and science of living* (bls. 197-220). New Jersey: Prentice Hall.
- Poulsen, A. A. og Ziviani, J. M. (2004A). Can I play too? Physical activity engagement of children with developmental coordination disorders. *Canadian Journal of Occupational Therapy*, 71, 100-107.
- Poulsen, A. A. og Ziviani, J. M. (2004B). Health enhancing physical activity: Factors influencing engagement patterns in children. *Australian Occupational Therapy Journal*, 51, 69-79.
- Ragna Freyja Karlsdóttir (2001). *Ofvirknibókin fyrir kennara og foreldra*. Kópavogur: Höfundur.
- Segal, R., Mandich, A., Polatajko, H. og Cook, J. V. (2002). Stigma and its management: A pilot study of parental perceptions of the experiences of children with developmental coordination disorder. *American Journal of Occupational Therapy*, 56, 422-428.
- Sigríður Einarsdóttir (2003). Að vera í sérdeild. Átján fyrrum nemendur lýsa reynslu sinni. Í Rannveig Traustadóttir (ritstj.), *Fötlunarfræði. Nýjar íslenskar rannsóknir* (bls. 112-130). Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Law, M. (2002). Participation in the occupations of everyday life. *American*

# Handleiðsla

**Grein þessi er skrifuð til að benda á mikilvægi og gagnsemi handleiðslu fyrir fagfólk**



■ Gunnhildur Gísladóttir, iðjupjálf M.Sc. og sviðsstjóri á verkjasviði Reykjalundar-endurhæfingarmiðstöðvar.



■ Þórunn Gunnarsdóttir, iðjupjálf og sviðsstjóri á geðsviði Reykjalundar-endurhæfingarmiðstöðvar.

**V**ið stöllurnar erum tveir iðjuþjálfar með talsvert langa starfsreynslu, eða samtals ríflega 20 ár. Prátt fyrir að við teldum okkur vera góða fagmenn og vorum ánægðar í starfi þá vorum við komnar á þann stað að vilja efla okkur sem fagmenn. Á óskalistanum var að auka sjálfsprekkingu okkar og verða betri í að nýta styrkleika okkar, bæði persónulega og faglega. Eftir að hafa íhugað hvaða leiðir við vildum fara ákváðum við að nýta okkur faglega handleiðslu.

Við höfðum í byrjun óljósa hugmynd um hvað handleiðsla væri enda hefur ekki verið hefð fyrir því að starfsmenn heilbrigðisstofnana fái tækifær til handleiðsluferlis.

## Hvað er handleiðsla?

Eitt helsta markmið handleiðslu er að handleiðsluþegi megi öðlast aukinn

■ Á óskalistanum var að auka sjálfsprekkingu okkar og verða betri í að nýta styrkleika okkar, bæði persónulega og faglega.

lærdóm og þroska í starfi. Handleiðsla er lærdóms- og þroskaferli samkvæmt ákveðnum samningi. Handleiðslusamningur felur í sér gagnkvæma ábyrgð og gagnkvæmt traust, milli handleiðara og handleiðsluþega. Í upphafi er tímabil handleiðsluferlisins ákveðið, ásamt stað, stund, lengd hvers tíma, afboðunum og öðru sem lýtur að tímármum handleiðslunnar.

Algjör trúnaður þarf að ríkja. Markmið handleiðsluþegans eru starfsmiðuð og/eða persónuleg, eftir því sem við á. Sífellt endurskoðun er á markmiðunum gegnum allt handleiðsluferlið.

Handleiðsluþeginn ber ábyrgð á því hvaða efni skal tekið fyrir í hverjum tíma og handleiðari bregst við þeim og styður úrvinnslu.

Vinnuaðferðir eru einnig ákveðnar í byrjun ferlis. Handleiðsluþegi getur

notað ýmsar leiðir til að koma sínum málum á framfæri. Fyrir utan hið venjulega samtalsform getur hann notað uppþökur. Þá bæði myndbands- eða segulbandsupptökur af t.d. viðtölum eða hann getur valið að skrifa niður það sem fram kemur, allt eftir því hvað hentar honum best.

## Væntingar til handleiðsluferlisins.

Okkar væntingar til handleiðsluferlisins voru m.a.:

- að öðlast aukinn þroska í starfi, efla ákveðni og einbeitingu
- að auka skipulagsfærni okkar og þannig verða betri í að forgangsraða, undirbúa og ljúka verkefnum
- að auka áhrifamátt okkar sem einstaklinga og efla árangur faglegs starfs okkar á stofnun
- að takast á við sjálfan sig í örgrandi aðstæðum og koma auga á þá valmöguleika sem aðstæðurnar bjóða upp á
- að öðlast aukna færni í að greina á milli fagsjálfs og einkasjálfs

## Hvernig gekk handleiðsluferlið fyrir sig?

Reynsla okkar í handleiðslunni var að í byrjun vorum við sjálfmiðaðar. Það er að seja, við upplifðum að athygin var slík á eigin líðan og upplifanir að erfitt var að sjá aðstæðurnar í víðara samhengi; hvorki lausnir né önnur sjónarhorn.

Næsta stig handleiðslunnar var „að duga eða að drepast“. Þar var upplifun eins og synt væri í stórum potti af tilfinningum og hvergi sæist til lands. Sundtökin voru oft stór og erfið.

Priðja stig lærdómsferlisins var að öðlast fræðilegan skilning á aðstæðunum án hæfni til að samþætta. Við gerðum okkur grein fyrir „hvernig“ en ekki „af hverju“.

A eftir þessu kom svo stig þar sem við öðluðumst hæfni til að skilja, samþætta og beita. Við gerðum okkur grein fyrir hvernig og afhverju aðstæðurnar

■ Handleiðsluþeginn ber ábyrgð á því hvaða efni skal tekið fyrir í hverjum tíma og handleiðari bregst við þeim og stýður úrvinnslu.

voru eins og þær voru og gátum fundið lausnir og séð þá valmöguleika sem fyrir hendi voru.

Síðasta stigið, sem hægt er að ná í lærðómsferli handleiðslunnar, er hæfnin til að kenna/miðla til annars fagfólks því sem við höfðum upplifað í handleiðsluferli okkar. Það er líkt og við gerum með skrifum okkar nú, ásamt því sem við höfum verið að miðla til okkar starfsfélaga.

Petta lærðómsferli er í raun síendurtekið þar sem sem við erum meðferðaraðilar og alltaf að mæta nýjum aðstæðum og nýtt hringferli fer af stað. Þó má segja að við höfum breytt einhverju í hvert skipti, svo hringferlinu má frekar líkja við spiral - örlitið á öðrum stað en síðast.

Eitt er að hugsa í lausnum og festa sig ekki í hindrunum, annað er að „hoppa yfir“ vandamálið sjálf og yfir í lausnamiðaða hegðun. Vandamál eru ekki bara til að leysa heldur einnig til að skoða, skilgreina og gefa tíma. Tíma til að vera - tíma til að melta.

Pegar unnið er með sínar eigin tilfinningar/líðan sem tengjast skjólstæðingum eða aðstæðum þeirra er margt nýtt sem uppgötvast. Þrátt fyrir áralanga reynslu er, sem betur fer, enginn ósnortinn af sorgum, vanlíðan eða aðstæðum skjólstæðinga sinna. Það gefur lífinu nýja vídd og eykur styrk okkar að horfast í augu við eigin ótta, vanmátt eða hugrenningar. Mikilvægt er að hugleiða hvernig við vinnum úr okkar tilfinningum, hvað við notum til þess og hvernig við síðan komum því til skila til einstaklinganna í kring um okkur, hvort sem um er að ræða skjólstæðinga eða vinnufélaga. Þarna er mikilvægt að geta greint á milli fagsjálfs og einkasjálfs, til þess að eiga auðveldara með að halda athyglinni á þeim málefnum sem verið er að takast á við, í stað persónulegra tilfinninga eða aðstæðna hverju sinni.

Uppsofnun á vandamálum annara getur verið stór byrði. Mikilvægt er því að hlúa að sér og „aftengja“ á milli skjólstæðinga. Veita þannig sjálfum sér og hverjum skjólstæðingi þá virðingu

að hafa hugleitt hans mál í litla stund, áður en honum er mætt. Þá verða bæði skjólstæðingur og meðferðaraðili sáttar við þá vinnu sem fram fer.

Pegar unnið er náið með skjólstæðingum í mörg ár safnast smám saman fyrir ótal upplýsingar um sára reynslu, hræðilegar aðstæður og/eða andlega vanlíðan. Hvert fara þessar upplýsingar þegar unnið er undir þagnareið? Ein aðferð er að stafla þeim upp í „geymslu“

■ **Mikilvægt er að geta greint á milli fagsjálfs og einkasjálfs, til þess að eiga auðveldara með að halda athyglinni á þeim málefnum sem verið er að takast á við, í stað persónulegra tilfinninga eða aðstæðna hverju sinni.**

hugans og troða endalaust þangað inn án þess að sortera upplýsingarnar. Í handleiðslu gefst tækifæri til að taka til í „geymslunni“ - skoða hvað þar er að finna og vinna úr upplýsingunum. Sumu má pakka aftur ofan í „kassa“ en annað er orðið óþarf. Markmiðið er að læra að vinna jafnóðum úr fengnum upplýsingunum.

Það er stórkostlegt að fá tækifæri til að vinna með sjálfa sig á þessum vettvangi. - Það er ómetanleg reynsla að

hafa haft hlutlausan aðila til að deila með þeim vandamálum/erfiðleikum sem upp koma ásamt sigrum, án þess að viðkomandi dæmi heldur styðji, leiðbeini og hvetji. Handleiðsluþegi fær þannig það persónulega rými sem þarf til að vaxa í nýjum farvegi. Í okkar tilfellum var handleiðari okkar einnig með góða innsýn í störf iðjuþjálfa sem jók vídd/dýpt samtala um meðferð, meðferðarúrræði og úrvinnslu Við viljum hvetja fagfólk til að nýta sér þennan vettvang og þá sérstaklega það fagfólk sem er að vinna náið með fólk sem er að takast á við veikindi eða á föll af einhverjum toga. Petta er ómetanlegt og mikilvægt tækifæri til persónulegs vaxtar, efling á faglegrí vinnubrögðum

■ **Markmiðið er að læra að vinna jafnóðum úr fengnum upplýsingunum.**

og aukinni ánægju í starfi.

Að lokum viljum við þakka yfirstjórn vinnustaðar okkar, sem er Reykjavíkur - endurhæfingarmiðstöð, fyrir að hafa gert okkur það mögulegt að fá þessa faglegu handleiðslu. Sem að okkar mati kemur einnig stofnuninni til góða, þar sem útkoman er betri og ánægðari fagmenn.

## Faghópur iðjuþjálfa í heilsugæslu

Faghópur um iðjuþjálfun í heilsugæslu kom saman 18. janúar 2006 eftir rúmlega tveggja ára hlé. Alls voru 16 iðjuþjálfar, víðs vegar um landið, sem lýstu áhuga sínum með að taka þátt í að fylgjast með og starfa með hópnum. Ákvörðun var tekin um að hittast annan hvern mánuð og skiptast á skoðunum. Reynt verður að klára að útbúa bækling um iðjuþjálfun í heilsugæslu fyrir vorið, en sú vinna er langt komin. Einnig er á áætlun að vinna að upplýsingum, á heimasíðu Heilsugæslu Höfuðborgarsvæðisins, um iðjuþjálfun.

Peir sem hafa áhuga á að vera með í faghópnum eða vilja fræðast nánar um starfsemina geta haft samband við Guðrún K. Hafsteinsdóttur, netfang: gudrun.hafsteinsdottir@hlid.hr.is

*Fyrir hönd faghópsins,  
Guðrún K. Hafsteinsdóttir.*

# Kynning á iðjuþjálfun á bráðasjúkrahúsi



■ Kristín Einarssdóttir,  
yfiriðjuþjálfari  
Landspítala háskólasjúkrahúsi,  
Fossvogi



■ Alís Inga Freygarðsdóttir,  
iðjuþjálfari, fageiningastjóri  
Landspítala háskólasjúkrahúsi,  
Fossvogi

**L**andspítaliháskólasjúkrahús Fossvogi er bráðasjúkrahús sem þjónar öllu landinu. Iðjuþjálfunin tilheyrir endurhæfingasviði og er staðsett á endurhæfingaganginum á B-1 í návígí við sjúkraþjálfun. Iðjuþjálfun Fossvogi þjónar öllum sviðum spítálans, þau eru: *Lyflæknissvið 1, skurðssvið, öldrunarsvið og endurhæfing eftir krabbamein.* Verður fjallað sérstaklega um endurhæfingu eftir krabbamein.

Á lyflæknissviði er um að ræða, taugalækningadeild, lungnadeild, gitlækningadeild, meltinga og smitsjúkdómadeild.

Á skurðssviði eru 2 bæklunardeildir og heila og taugaskurðdeild, bruna og lýtalækningadeild.

Á öldrunarsviði er bráðaöldrunardeild.

Að auki sinna iðjuþjálfar gjörgæslu- og gæsludeild, MND-, parkison- og stroke teymi.

Í iðjuþjálfun Fossvogi starfa 8 iðjuþjálfar og 3 aðstoðarmenn.

Ég hef oft líkt starfi iðjuþjálfa á bráðasjúkrahúsi við „fyrstu hjálp eða skyndihjálp“. Iðjuþjálfar sinna ein-staklingum þegar þeir eru að fá sínar fyrstu sjúkdómsgreiningar og/ eða eru að vakna upp eftir slys eða önnur áföll með tilheyrandi færniskerðingu. Starfið er því mjög krefjandi og oft á tíðum erfitt, því einstaklingarnir og aðstand-endur þeirra eru oft í mikill sorg og krísu. Batahorfur sjúklinga geta verið óljósar. Sem betur fer gerist það oftar en ekki að við erum að horfa á eftir fólkis taka framförum og fara síðan frá okkur heim eða til frekari endur-hæfingar.

Meginstarf iðjuþjálfa á bráðadeildum sjúkrahússins er að meta færni einstaklingsins við iðju og eigin umsjá. Þeir útvega og kenna á viðeigandi hjálpartæki, útbúa spelkur ásamt því að kanna aðbúnað og aðstæður heima fyrir og gera viðeigandi ráðstafanir þar. Meðal innlagnartími sjúklinga á legudeildum er 7 dagar, þannig að oft þarf að hafa hraðar hendur. LSH hefur gert sérstakan samning við TR um flýtimeðferð

hjálpartækja og gengur það samstarf afar vel fyrir sig.

Á gjörgæsludeild horfir þó öðruvísi við. Þar getur iðjuþjálfunin falist framar öðru í að vinna með skerðingu á undirliggjandi hæfnipáttum sem þó er forsenda frekari iðjuþjálfunar s.s. að ná upp gripfærni, vinna með tal-meinafræðingi að ná upp sogfærni og kyngingu, svo viðkomandi einstaklingur geti matast, svo eitthvað sé nefnt. Einnig er töluvert gert af spelkum fyrir þá sjúklinga gjörgæsludeildarinnar, sem þurfa á þeim að halda.

Iðjuþjálfar í Fossvogi starfa í þverfaglegum teymum á þeim deildum sem þeir vinna á. Einnig er mjög náið samstarf milli iðju- og sjúkraþjálfunar. Leitast er við að nálgast sjúklingin á heildrænan hátt, þar sem hver og einn fagaðili kemur sínu að. Stofnunin býr svo vel að hún hefur sérstakt útskriftar- og öldrunarteymi, þar sem iðjuþjálfar starfar í 50% stöðu ásamt hjúkrunar-fræðingum, læknum og félagsráðgjöfum. Iðjuþjálfinn sinnir oft á tíðum eftirfylgni ef iðjuþjáfar á öðrum sviðum ná ekki að fullklára málin fyrir útskrift. Þannig er reynt eftir bestu getu að tryggja það að þau hjálpartæki sem búið er að panta, séu í fyrsta lagi sótt til HTM og í öðru lagi sjá til þess að hjálpartækin dagi ekki upp inni í geymslu. Einnig er gott samstarf varðandi eftirfylgni við iðjuþjálfá í miðstöð heimahjúkrunar og í heilsugæslunni.

Pann 10 mai 2001 var gerður sérstakur **Samstarfssamningur Há-skóla Íslands og Landspítala – há-skóla-sjúkrahúss um uppbyggingu há-skóla-sjúkrahúss, kennslu og rann-sóknir í heilbrigðisvínsindagreinum**

Markmið samningsins er að efla spítalann sem háskólasjúkrahús, þannig að fræðileg og verkleg menntun og kennsla heilbrigðisstéttá á Íslandi verði sambærileg því sem best gerist á hliðstæðum stofnunum erlendis. Sömuleiðis munu aðilar samningsins sam-eiginlega stuðla að framgangi vísinda-rannsókna heilbrigðisstéttá til fram-þróunar í læknisfræði, hjúkrunarfræði og öðrum heil-

brigðisvísindagreinum, sem samningurinn tekur til. Jafnframt er samningnum ætlað að stuðla að sem bestri nýliðun heilbrigðisstéttá á LSH til að tryggja við-hald og nýsköpun fræðilegrar þekkingar á sjúkrahúsini. Þá er samningnum ætlað að bæta aðgengi vísindamanna að rann-sóknæfnivið og tækjum LSH í samræmi við lög og reglur.

Innan LSH er starfrækt skrifstofa kennslu, vísinda og þróunar. Meginhlutverk skrifstofunnar er að vinna að eflingu háskólastarfs, vísindastarfs og kennslu fyrir heilbrigðisstéttir. Fjölmög námskeið sem nýtast vel öllu starfsfólki iðjuþjálfunnar eru haldin á vegum skrifstofunnar á hverri önn. Tvisvar á ári er gefin út sérstök námskrá, þar sem gefur að líta öll þau námskeið sem boðið er uppá. Námskráin er álíka viðamikil og námsskrá Endurmenntunarstofnunar HÍ. Skrifstofan veitir einnig starfsmönnum sjúkrahússins ráðgjöf varðandi vísindarannsóknir, úrvinnslu gagna og veggspjaldagerð, svo eithvað sé nefnt.

Nemar í iðjuþjálfun við HA hafa einnig komið í verknám í Fossvog og er mikill velvilji af hálfu iðjuþjálfunar endurhæfingarsviðs til frekara samstarfs á þeim vettvangi. Þar er liðið svo á að á bráðasjúkrahúsi sé grunnurinn lagður að svo mörgu er lýtur að áframhaldandi iðjuþjálfun. Því telja þeir sem starfa á háskóla-sjúkrahúsini að það væri æskilegt að hver nemandi kæmi í eitt vettvangsnám innan spítalans.

Leitast er við að hafa þá þjónustu sem boðið er upp á gagnreynda og styðjast ávallt við nýjustu rannsóknir.

Á bráðasjúkrahúsi gefst kostur á að geta fylgst með ferli sjúklings allt frá sjúkdómsgreiningu og þar til hann annað hvort útskrifast til frekari endurhæfingar eða heim. Þar er möguleiki á að fá að vera viðstaddir flóknar skurðaðgerðir t.d. heilaskurð-aðgerðir og fylgja síðan einstaklingnum fyrstu skrefin í endurhæfingunni.

Vist er að sá hraði sem um ræðir hentar ekki öllum iðjuþjálfum sem ákjósanlegt vinnuumhverfi, því sú tengingsemi iðjuþjálfar á bráðasjúkrahúsi hafa við sjúklinginn spannar yfirleitt ekki langt tímabil. Því þurfa verkin að vinnast hratt.

En við sem störfum hér í Fossvogi erum þó sammála um að starfið sé afar gefandi og lærðómsríkt.

Kristín Einarsdóttir

## Kynning á endurhæfingu LSH fyrir krabbameinsgreinda

Um fjögurra ára skeið hefur endurhæfing krabbameinsgreindra verið rek-in í formi göngudeildar á vegum Landspítala háskólasjúkrahúss. Fyrstu árin var endurhæfingin til húsa í Kópavogi, en vorið 2004 fluttist starfsemin á endurhæfingardeildina í Fossvogi. Í kjölfar flutninganna hefur starfsemi deildarinnar verið tekin til gagngerðrar endurskoðunar. Meðal annars var skipaður þverfaglegur vinnuhópur, sem í eru læknir, félagsráðgjafi, sálfræðingur, sjúkra-þjálfari og iðjuþjálfir sem undanfarið hefur unnið stefnumótunarvinnu til að kortleggja, samhæfa og þroa endurhæfingarþjónustu krabbameinsgreindra innan LSH.

Markmið endurhæfingarinnar er að bjóða upp á þverfaglega einstakl-ings-miðaða endurhæfingu, sem nær til líkamlegrar-, sálrænnar- og félagslegrar skerðingar á heilsu, starfsorku og lífs-gæðum af völdum krabbameins og meðferðar. Auk þess að auka heilsutengd lífsgæði, fræða og upplýsa, að efla þol og styrk sem hefur raskast af völdum meðferðar og að auka og viðhalda færni til að takast á við daglegt líf.

Dæmi um lítlutun sem boðið er uppá er:

1. Listasmíðja, þar hittast skjólstæðingar í litlum hópum og vinna að skapandi iðju. Í þessum hóp hafa skjól-stæðingarnir félagslegan stuðning hver af öðrum og myndast oft náin tengsl milli fólks og góður andi.
2. Fræðsla, sem opin er öllum skjólstæðingum endurhæfingarinnar og aðstand-endum þeirra. Að fræðslunni koma mismunandi fagaðilar og í lok hvers erindis gefst tækifæri til spurninga og umræðna. Um fræðsluna sjá sálfræðingur, prestur, næringarráðgjafi, félags-ráðgjafi, hjúkrunarfræðingur, sjúkraþjálfari og iðjuþjálfir.
3. Einstaklingsmat og þjálfun þegar það á við.
4. Ýmis konar hópastarf/námskeið eru síðan í farvatninu sem eru m.a. afrakstur vinnuhópsins sem tekur mið af því hvar fólk er statt í sjúkdómsferlinu. Til

dæmis er verið að undirbúa hóp fyrir þá sem eru nýgreindir og fyrir þá sem eru að ljúka meðferð og fara að taka þátt í daglegu lífi á ný. Eins er fyrirhug-að námskeið fyrir þá sem koma ekki til með að ljúka læknanlegri meðferð og margt fleira.

5. Iðjuþjálfar Endurhæfingardeildar krabbameinsgreindra í Fossvogi hafa í samstarfi við Halldór Jónsson umboðsmann Clarins á Íslandi og Zontaklúbbinn Sunnu, sett á laggirnar námskeið byggð á erlendri fyrirmynnd er ber nafnið „Look good, feel better“ eða „Gott úllit, betri líðan“ eins og við höfum kosið að kalla það. Þessi námskeið eru haldin í flestum löndum Evrópu, Ameríku, Canada og Ástralíu og ávallt í tengslum við spítala. ([www.lookgood-feelbetter.org](http://www.lookgood-feelbetter.org))

Námskeiðið miðar að því að byggja upp þrek og sjálfstraust kvennanna til að sinna eigin umsjá á ný. Á námskeiðinu er farið í grundvallaratríði umhirðu húðar, hárs og nagla ásamt því sem leiðbeint verður í förðun. Sérfræðingar frá Clarins leiðbeina á námskeiðinu, sem miðast við þarfir kvenna sem eru í krabbameinsmeðferð. Í lok nám-skeiðs fá allir þátttakendur tösku sem inniheldur Clarins snyrtílnu ásamt kynningabæklingi sem inniheldur einnig leiðbeiningar í klútahnýtingum.

Starfandi við deildina eru 3 sjúkraþjálfarar sem skipta með sér 1.5 stöðugildi, ritari í 70% starfi, iðjuþjálfir í 80% stöðu og aðstoðarmaður iðjuþjálfar í 50%. Iðjuþjálfir og sjúkraþjálfarar auk félagsráðgjafa og sálfræðings mynda síðan endurhæfingarteymi.

Göngudeildarþjónusta sinnir einstaklingum sem greinst hafa með krabbamein, eru í meðferð eða hafa nýlokið meðferð og hafa þörf fyrir og geta nýtt sér þá þverfaglegu endurhæfingu sem boðið er upp á við endurhæfingardeild LSH í Fossvogi.

Leitast er við að hafa þjónustuna gagnreynda og nota nýjustu þekkingu og rannsóknarniðurstöður. Mikil uppygging er í gangi og hugur í fólk og er framtíð endurhæfingar krabbameinsgreindra innan LSH björt.

*Alís Inga Freygarðsdóttir.*



# Vettvangsteymi Barna- og unglingsageðdeildar LSH



■ Kristjana Milla Snorradóttir,  
iðjuþjálfí Barna- og unglingsageðdeildar  
Landspítala háskólasjúkrahúss,  
Fossvogi

■ Lykilord:  
**BUGL, eftirfylgni**

**B**arna- og unglingsageðdeild Landspítala háskólasjúkrahúss (BUGL) sérhæfir sig í mati og meðferð barna og unglings sem glíma við geðraskanir. Vettvangsteymi BUGL er þverfaglegt teymi sem veitir skjólstæðingum innlagnardeilda eftirfylgd eftir útskrift. Hlutverk teymisins er að aðstoða skjólstæðing og fjölskyldu hans við að yfirlæra heim þá færni sem áunnist hefur á innlagnardeild og aðlaga hana að daglegu lífi. Með markvissri eftirfylgni tekst oft að koma í veg fyrir endurinnlögn, stytta innlagnartíma og auka meðferðarheldni. Eftirfylgd hefst, meðan á innlögn stendur, með heimaþjónustu starfsfólks deildar. Smám saman eftir útskrift og í samvinnu við heimaþjónustu deilda tekur Vettvangsteymið við þjónustunni við skjólstæðinginn. Lögð er áhersla á góða samvinnu heimaþjónustu deilda og Vettvangsteymis og eru þarfir skjólstæðingsins ávallt hafðar að leiðarljósi. Gerð hefur verið könnun á þjónustu teymisins og leiða niðurstöður hennar í ljós að þjónustan hafi jákvæð áhrif á líðan skjólstæðinganna.

## Vettvangsteymi Barna- og unglingsageðdeildar LSH

Í þessari grein er uppbygging og starfsemi Barna- og unglingsageðdeilda Landspítala háskólasjúkrahúss (BUGL) kynnt í stuttu máli og fjallað um Vettvangsteymi BUGL. Markmið Vettvangsteymisins er að styðja skjólstæðinginn og fjölskyldu hans í að fylgia eftir þeirri meðferð sem veitt hefur verið inni á innlagnardeild.

### Hvað er BUGL?

Barna- og unglingsageðdeild Landspítala - háskólasjúkrahúss (BUGL) sérhæfir sig í mati og meðferð barna og unglings sem glíma við geðraskanir. Starfsfólk BUGL heldur einnig uppi samstarfi við aðrar deildir LSH og stofnanir sem veita börnum, unglingu og fjölskyldum þeirra þjónustu. Jafnframt sér starfsfólk BUGL um kennslu

og handleiðslu þeirra fagstéttu sem þar starfa og sinnir rannsóknunum.

Starfsemi BUGL skiptist í þrjár megininingar; göngudeild og tvær innlagnardeildir sem eru barnadeild og unglingsdeild. Flestir skjólstæðingar hefja göngu sína á göngudeild og reynt er að sinna sem flestum málum þar. PEGAR meðferð á göngudeild dugar ekki til er gripið til dag- eða sólarhrings-innlagnar. Á innlagnardeildunum fer fram frekari greining og meðferð og eru foreldrar virkir þáttakendur í þeirri vinnu.

Barnadeildin er fimm daga deild ætluð börnum til 12 ára aldurs. Þar er gert ráð fyrir fimm börnum í sólarhringsdvöl, fjórum í dagdeildar-úrræði og þremur í heimaþjónustu frá deild. Unglingadeildin er sjö daga deild ætluð börnum frá 13 ára til 18 ára aldurs. Þar er pláss fyrir níu unglings og skiptast þau í sólarhringsdvöl, dagdvöl og heimaþjónustu frá deild.

Nán samvinna er við Brúarskóla við Dalbraut, sem sér um kennslu barnanna og mat á námsstöðu þeirra á meðan á innlögn stendur.

Unnið er í þverfaglegum teymum sem saman standa af læknum, hjúkrunarfræðingum, sálfræðingum, félagsráðgjöfum, listmeðferðarfræðingi og iðjuþjálfum. Á innlagnardeildunum starfa jafnframt ráðgjafar með ólíkan faglegan bakgrunn, má þar nefna þroskaþjálfa, sjúkraliða, leikskólakennara, einstaklinga með BA gráðu í sálfræði sem og nema í ólíkum fögum. Einnig koma prestur og músikþerapisti inn í starfsemina víkulega.

Meðferð felur meðal annars í sér stuðnings- og eða meðferðarviðtöl við barnið/ unglingsinn og fjölskyldu þess, þjálfun einstaklings og/ eða foreldris/ foreldra, umhverfismedferð, hópmedferð, listmeðferð, lyfjameðferð, samvinnu við skóla, félagsþjónustu eða önnur úrræði í umhverfi barnsins.

### Vettvangsteymi BUGL

Haustið 2004 var sett af stað eins árs tilraunaverkefni um heimaþjónustu



**LANDSPÍTALI**  
HÁSKÓLASJÚKRAHÚS

frá göngudeild BUGL fyrir börnin og fjölskyldur þeirra eftir útskrift af innlagnardeildum BUGL. Þessi þjónustu hefur nú þróast í Vettvangsteymi BUGL. Vettvangsteymi BUGL er samstarfsverkefni milli göngudeilda og innlagnardeilda og er í yfirumsjón deildarstjóra hjúkrunar beggja deilda.

Vettvangsteymið er þverfaglegt og samanstendur af fjórum hjúkrunarfræðingum, leikskólasérkennara og tveimur iðjuþjálfum. Markmið teymisins er að veita skjólstæðingum innlagnardeilda eftirfylgd eftir útskrift. Hlutverk teymisins er að aðstoða skjólstæðing og fjölskyldu hans við að yfirfæra heim þá færni sem áunnist hefur á deild og aðlaga hana að daglegu lífi. Með markvissri eftirfylgni tekst þannig oft að koma í veg fyrir endurinnlögn, stytta innlagnartíma og auka meðferðarheldni.

## Pjónustuferli

Í samvinnu við barnið og fjölskyldu þess er metin þörf fyrir eftirfylgd eftir útskrift. Eftirfylgd hefst, meðan á innlögn stendur, með heimaþjónustu starfsfólks deilda. Smám saman eftir útskrift, í samvinnu við heimaþjónustu deilda tekur Vettvangsteymið við þjónustunni við skjólstæðinginn. Lögð er áhersla á góða samvinnu heimaþjónustu deilda og Vettvangsteymis. Mikill sveigjanleiki er í því samstarfi og eru þarfir skjólstæðingsins ávallt hafðar að leiðarljósi. Í sumum tilfellum hefur heimaþjónusta deilda lokið þjónustuferlinu án viðkomu Vettvangsteymis.

Þjónusta Vettvangsteymisins felst meðal annars í símtölu við barn og eða foreldra, vitjunum á heimili, samstarfi við skóla, félagsþjónustu og eða vinnustað skjólstæðings og/eða að tengja skjólstæðing við tómstundarúrræði og vini. Unnið er að því í samvinnu við barnið og fjölskylduna að aðlaga þá færni og þau úrræði, sem mælt hefur verið með í innlögn, að daglegu lífi. Einnig að aðstoða fjölskylduna við að auka þáttöku og virkni barnanna í heimilislífi, skóla, tómstundarstarfi og við að efla félagsleg tengsl. Í því getur falist að fylgja eftir eða aðlaga atferlismótandiumbunarkerfi að heimili eða skóla. Aðstoða barnið við aðlögun að sínum heimaskóla á ný og hvetja barnið til samskipta við

jafnaldra og finna leiðir með barninu til þess.

Miðað er við að þjónustan standi í sex til átta vikur en getur orðið lengri eða styrti allt eftir aðstæðum hverju sinni. Þegar þjónustu Vettvangsteymisins lýkur heldur fjölskyldan áfram samskiptum sínum við BUGL í gegnum fyrirfram ákveðinn tengilið göngudeilda.

Vettvangsteymið fundar vikulega. Á þeim fundum er farið yfir stöðu skjólstæðinga teymisins og nýjar beiðnir teknar fyrir. Einnig gefst þar tækifæri til að deila reynslu og vinna að því að finna úrræði og leiðir til að veita bestu mögulegu þjónustu hverju sinni. Náið og gott samstarf er á milli meðlima teymisins og fá styrkleikar hverrar stéttar og hvers einstaklings að njóta sín. Hin góða samvinna og traust sem ríkir meðal teymismeðlima skilar sér í bættri þjónustu til skjólstæðinga. Mikilvægt er að leggja áherslu á að vinnan með barninu og fjölskyldunni í nærumhverfi hennar skili sér í margvíslegum ávinnungi fyrir barnið og fjölskyldu þess. Í vitjunum er teymið gestur og barnið og fjölskylda þess eru í sínu eðlilega umhverfi, sem veitir þeim öryggi til að takast á við og leysa þau verkefni sem liggja fyrir.

## Árangur

Á meðan á tilraunarverkefninu stóð var gæðakönnun lögð fyrir. Þar voru fjölskyldurnar beðnar um að fylla út spurningalista í upphafi, á miðju tímabili og í lok þjónustunnar. Í upphafi þjónustunnar týðu nánast allir foreldrar að mikil álag væri á þeim og merktu við að líðan þeirra væri oft erfið og að þau upplifðu reiði, geðlægðir og tilfinningu um að bera byrgði. Einnig upplifðu þau líttinn stuðning frá umhverfinu og að þau stæðu fremur ein, fyrir utan þjónustu fagfólks. Foreldrarnir greindu litlar breytingar á miðju tímabili þjónustu. Í lok þjónustu kom fram að líðan þeirra hefði breyst til hins betra, að þjónustan hefði haft jákvæð áhrif á samskipti þeirra við börnin og sáu flest þeirra jákvæðar breytingar á börnum sínum. Foreldrarnir töldu einnig flestir að þjónustan hefði verið í samræmi við væntingar þeirra, en þó að hún hefði mátt standa yfir í lengri tíma.

Erfiðlega gekk að fá börnin til að fylla út spurningalistana en samtals skil-

uðu fjögur börn inn listunum. Af þeim töldu þrjú að þjónustan hefði haft jákvæð áhrif á líðan þeirra og samskipti við foreldra. Einnig töldu þau að þjónustan hefði verið í samræmi við væntingar þeirra. Mat þriggja barna var að þjónustan hefði verið hæfilega löng en það fjórða taldi tímabilið of langt. Spurt var um viðmót og samfylgd starfsfólks og voru börnin og foreldrar sammála um að viðmót starfsfólks væri gott.

Hér hafa aðeins nokkrar af þeim niðurstöðum sem komu fram verið teknar saman. Varlega ber að fara í að túlka þessar niðurstöður þar sem úrtakið var lítið og ekki er um rannsókn að ræða. Þó má leiða líkur af því að þjónustan hafi jákvæð áhrif á líðan fjölskyldunnar og samskipti þeirra á milli.

Upplifun teymismeðlima er að góður árangur sé af því starfi sem veitt er og að það veiti skjólstæðingum stuðning og auki færni þeirra og virkni í daglegu lífi eftir útskrift.

## Framtíðarsýn

Framtíðarsýn Vettvangsteymisins er að sinna einnig skjólstæðingum göngudeilda. Sú þjónusta yrði fyrst og fremst fólgin í því að fylgja eftir þeirri meðferð sem þegar er hafin á göngudeild og styrkja fjölskylduna í að nýta sér þau meðferðarúrræði sem komið hefur verið á í samráði við hana.

Starfsemi Vettvangsteymisins er í stöðugri þróun. Meðferð barnsins í nærumhverfi er að aukast og því er ljóst að hlutverk Vettvangsteymisins mun skipa æ stærri sess í heildarmeðferð barnsins. Þessi þróun kallað á frekari uppbyggingu teymisins og á allri aðstöðu þess.

Kærar þakkar fyrir yfirlestur og aðstoð við greinina fá Gísli Kort Kristófersson og Ragnheiður Alfreðsdóttir, hjúkrunarfræðingar.



**Heilbrigðisstofnunin  
Akranesi**

# Starfsendurhæfing á Norðausturlandi



■ Elsa S. Þorvaldsdóttir  
iðjuþjálfí á Heilbrigðisstofnun  
Þingeyinga

Hér verður fjallað um starfsendurhæfingu á Norðausturlandi. Í byrjun verður því ferli sem fram fór þegar starfsendurhæfingarferlið byrjaði á Húsavík gerð skil, hvernig það verkefni byggðist upp og þróuninni hingað til lýst. Eins verður stuttlega sagt frá þeiri vinnu sem farin er af stað á Akureyri, en hún byggist að mestu leyti á því ferli sem fram fór á Húsavík. Kraftar, reynsla og vitneskjá þeirra sem stóðu að verkefninu þar, verður nýtt í framtíðinni.

Starfsendurhæfing á Íslandi á sér langa sögu, en hingað til hefur skort á sameiginlega stefnu þrátt fyrir vilja margra aðila til að standa að þessum málaflokki. (Guðmundur Hilmarsson o.fl. 2005). Þegar kemur að starfsendurhæfingu þurfa margir fagaðilar að vinna saman og ólíkar stofnanir að stilla saman strengi. Starfsendurhæfing beinist að þeim einstaklingum sem ekki hafa komist inn á vinnumarkað, hafa horfið af eða eiga á hættu að hverfa af vinnumarkað vegna félagslegra og /eða læknisfræðilegra vanda-mála. Markmið starfsendurhæfingarinnar er að styðja einstaklinginn með markvissri og skipulagðri, líkamlegri, andlegri og félagslegrí þjálfun og þannig öðlast fótfestu á vinnumarkaði.

Á Norðurlandi eystra er hæsta tölulega hlutfall öryrkja á Íslandi og því er nauðsynlegt að fyrirbyggja ótímabæra örorku með markvissum aðferðum sem starfsendurhæfing er. (Guðmundur Hilmarsson o.fl. 2005).

## Almennt um starfsendurhæfingu

Markmið hennar miðar að því að koma fólk til vinnu á nýjan leik eftir sjúkdóma eða slys. Pannig er leitast við að auka lífsgæði þessara einstaklinga og fjölskyldu þeirra. Lokamarkið verður svo að sem flestir fái starf við hæfi að endurhæfingu lokinni eða haldi áfram að mennta sig. (Geirlaug Björnsdóttir, 2005).

Flestir vita hvaða merkingu menn leggja í vinnuna sem athöfn og hvernig

vinnan tengist sjálfsmýnd manna. Hún er til að halda ákveðinni stöðu í samfélaginu. Ennfremur er vinnan talin leið til að halda sjálfsvirðingu og fá viðurkenningu og virðingu annara. Vinna er því afar mikilvæg fyrir flesta fullorðna einstaklinga. Hæfnin til að vera virkur þjóðfélagsþeign hefur í för með sér bæði líkamlega og sálarlega vellíðan. (Elsa S. Þorvaldsdóttir, 2001).

Neikvæð afleiðing þess að vera án vinnu er ekki bara fjárhagslegs eðlis heldur líka hlutverkamissir, félagsleg einangrun, lélegt sjálfsmat og sjálfsvirðing. (Sawney og Challenor, 2003). Að hverfa af vinnumarkaði við þessar aðstæður getur haft mjög neikvæð áhrif á líf fólks og lífsgæði, sjálfssöryggi og sjálfsbjargarviðleitni. Því er afar brýnt að mögulegt sé að grípa mjög fljótt inn í þennan vítahring með starfsendurhæfingu, þannig að viðkomandi verði ekki að óþörfu öryrki fyrir lífstíð. Slíkt er einstaklingnum og samfélaginu dýrkeypt. Þess vegna verða þeir sem koma að endurhæfingu að samhæfa krafta sína, fjármuni og framtíðarsýn. Þeir einstaklingar sem geta nýtt sér slíka þjónustu eru m.a. þeir sem eru mjög óvirkir og með lág lífsgæði. (Árni Magnússon, 2001).

## Starfsendurhæfingin á Húsavík „Byr“

Pað var að frumkvæði Heilbrigðisstofnunar Þingeyinga árið 2002 að boðað var til fundar um starfsendurhæfingu öryrkja. Í samstarfsteymingu sem sá um að koma þessari vinnu af stað voru yfirmenn Heilbrigðisstofnunnarinnar, Félags- og skólaþjónustunnar og Framhaldsskóla Húsavíkur. Iðjuþjálfí kom að verkefninu sem fulltrúi frá Heilbrigðisstofnun Þingeyinga. Iðjuþjálfinn hafði reynslu af því að vinna með einstaklingum, sem áttu það sameiginlegt að hafa þurft að hætta vinnu vegna líkamlegra eða andlegra veikinda. Einnig var þroskaþjálfí sem fulltrúi frá Félags- og skóla-

þjónustu Húsavíkur. Hann var með mikla reynslu af vinnu með atvinnulausum og hafði aðstoðað einstaklinga, sem lent höfðu í fjárhagsörðugleikum, og þurft að skipuleggja fjármál sín upp á nýtt. Fulltrúi frá Atvinnuþróunarfélagi Þingeyinga kom með hugmyndir að nýsköpun og annar fulltrúi frá Verkalýðsfélagi Húsavíkur hafði hugmyndir um sjóði og styrki sem hægt var að sækja í.

Verkefni fyrsta fundar var að velta upp hugmyndum um hvernig hægt væri að mæta þörfum þeirra einstaklinga sem fara eða eru á leiðinni á örorkubætur, með endurhæfingu í huga og auka þar með lífsgæði þessa hóps.

Áður en farið var af stað með verkefnið á Húsavík þurfti að finna út hvaða stofnanir kæmu til með að vinna saman. Farið var yfir hvaða þættir þyrftu að vera til staðar til að koma af stað svona starfsendurhæfingu og allt skráð niður. Í fyrsta lagi þurfti fjármagn til að fjármagna verkefnið, eins varð að vera góð samvinna á milli þessara stofnanna sem stóðu að því að koma þessu í kring. Til að það gæti orðið varð að skilgreina ítarlega hvaða hlutverk hver stofnun hefði, hverjir væru styrkleikar og veikleikar hverrar stofnunar fyrir sig og búa til fjölfagleg teymi: samstarfsteymi og þverfaglegt teymi.

Þessi hópur hittist síðan reglulega og velti fyrir sér hvernig æskilegt væri að mæta þörfum þessara einstaklinga. Margir hverjir höfðu ekki fengið endurhæfingu við hæfi, höfðu litla menntun, stutta atvinnusögu eða unnið mjög einhæfa vinnu og höfðu oft afar brotna sjálfsmýnd. Það þurfti að skoða hvaða bjargir við hefðum og hvað þurfti að koma til svo að verkefni sem þetta gæti orðið að veruleika.

Mikilvægt var að finna út hvernig ætti að fjármagna verkefnið. Leitast var eftir því að hafa góða samvinnu við Tryggingastofnun ríkisins. Sótt var um styrk til Leonardo da Vinci (Starfsmenntunarsjóð Evrópusambandsins) og samvinna fengin við fjögur önnur lönd í Evrópu sem voru að gera svipaða vinnu. Styrkurinn sem fékkst var bundinn til þriggja ára. (Geirlaug G. Björnsdóttir, 2002).

Niðurstaða samstarfsteymisins var að endurhæfingin þyrti að vera byggð upp á heildstæðan hátt út frá;

heilbrigðissjónarmiðum, félagslegum gildum, fjárhagslegri afkomu, endurmenntun og í nánum tengslum við atvinnulífið. Endurhæfingin ætti að vera byggð upp á þann hátt að einstaklingurinn gæti með góðu móti móttkið endurhæfinguna, án þess að hafa áhyggjur af afkomu sinni eða fjölskyldunnar. (Geirlaug Björnsdóttir, 2002). Til að vel tækist til var ljóst að samvinna milli stofnana væri grundvallaratriði. Út frá fyrsta hópnum sem hittist, þróaðist verkefnið í samstarfsverkefni þriggja stofnanna sem voru Heilbrigðisstofnun Þingeyinga, Félags- og skólaþjónusta Þingeyinga og Framhaldsskóli Húsavíkur.

Fyrir utan samstarfsteymið sem í dag heldur utan um verkefnið og sér um fjárhagslega afkomu þess, var stofnað annað teymi sem er þverfaglegt teymi.

Í þverfaglega teymingu eru verkefnastjóri, læknir, sjúkrapjálfari, iðjuþjálfari og sálfræðingur. Verkefnastjórinn heldur utan um verkefnið. Hann styður þátttakendur í því að setja sér markmið með starfsendurhæfingunni og aðstoðar við fjármál. Læknirinn hittir einstaklinginn og greinir hann út frá læknisfraðilegum mælikvarða. Sjúkrapjálfarin fer yfir líkamsástand einstaklingsins og sér um hreyfingu tvísvar sinnum í viku. Iðjuþjálfinn sér um hópefli tvísvar sinnum í mánuði, ásamt því að leggja mat fyrir einstaklingana sem aðstoðar fólk í atvinnuleit og sálfræðingurinn veitir viðtöl eftir þörfum hvers og eins.

Þetta teymi hittist tvísvar sinnum í mánuði eða oftar ef þörf krefur. Auk þess koma að þessari vinnu einstaklingar sem halda námskeið um ýmiss mál eins og fjármál sem haldið er þrisvar sinnum á vetri fyrir sama hópinn.

### Hvers vegna er teymisvinna mikilvæg í starfsendurhæfingunni?


Í þjónustu við þennan hóp fólk fær íhlutunin að vera margvísleg því vandamálin eru misjöfn. Með teymisvinna er hægt að dreifa álaginu og vinna með einstaklinginn á heildrænan hátt. Virk teymisvinna með vel skilgreindum markmiðum skilar mun betri árangri heldur en þegar fagaðili vinnur einn síns liðs. (Póra Leósdóttir, 2004).

Teymisvinna í starfsendurhæfingunni er því ekki síður mikilvæg þar

sem bata má ná með árangursríku stuðningskerfi, þekkingu um mikilvægi vinnu og fjárhagslegt öryggi, það að hafa hlutverk í samféluginu, öðlast jákvætt sjálfsmat og eiga von um að komast yfir sjúkdóminn.

### Staða starfsendurhæfingarinnar s

Frá því að starfsendurhæfingin hófst hafa 48 einstaklingar tekið þátt í starfsendurhæfingunni á Húsavík og nágrenni. Þar af eru 38 konur og 10 karlar. Þess má geta að fyrsti hópur starfsendurhæfingarinnar gaf starfsendurhæfingunni nafnið „Byr“ (sem þýðir að fá vind undir seglin).



Í virkri endurhæfing eru 14 einstaklingar, sem ennþá eru í fyrsta hluta prógrammsins og 5 einstaklingar, eru ennþá í virkri endurhæfingu frá fyrrí hópum.

### Húsavíkurmódelið breiðir úr sér

Kennsla í gegnum fjarfundarbúnað frá Heilbrigðisstofnun Þingeyinga til íbúa á Pórshöfn, Kópaskeri og Raufarhöfn hófst 2004. Linda Pherson iðjuþjálfari heldur utan um þann hóp.

Árið 2005 var ákveðið að setja á fót skipulagða starfsendurhæfingu á Akureyri undir sömu formerkjum og „Húsavíkurmódelið“ og reynsla þeirra notuð í upphyggingu. Á vinnufundi sem var haldinn, var eitt af verkefnum innan Vaxtasamninga Eyjafjarðar að útfæra aðferðarfræði þeirra sem stóðu að upphyggingu starfsendurhæfingarinnar á Norðausturlandi við starfsendurhæfingu fyrir Norðurland. (Ingvar Póroddsson, 2006).

### Framtíðarsýn

Framtíðarsýn vinnuhópsins, sem hleypti af stað starfendurhæfingarverkefninu á Húsavík, er að þetta „Húsavíkurmódel“ verði notað á stöðum út um allt land, þar sem

aðstæður eru hagstæðar til að koma af stað samvinnu milli mismunandi þjónustuaðila. Ef „Húsavíkurmódelið“ heldur áfram að breiða úr sér er það von míni og annarra sem stóðu að verkefninu á sínum tíma að það megi hjálpa sem flestum einstaklingum að verða virkir þjóðfélagsþegnar á nýjan leik og eftir nokkur ár getum við sagt að hlutfall öryrkja eða þeirra sem eru án atvinnu vegna sjúkdóma eða eftir slys sé lægst á Norðausturlandi.

Af þessari reynslu okkar af starfsendurhæfingu á Húsvík má draga þá ályktun að árangur starfendurhæfingaránnar á Norðausturlandi sé góður og að þverfagleg endurhæfing sé þjóðhagslega hagkvæm. Því ef maður

skoðar tölur þá er ávinnungur þess að forða manni frá örorku um 30 miljónir á einstakling. Þá er einungis verið að tala um beinar greiðslur frá T.R og lífeyrissjóðum. Þá er ekki tekið með í reikninginn tapaðar skatttekjur og kostnaður T.R í sjúkratryggingum vegna aukinnar niðurgreiðslu læknis-þjónustu, lyfja og sjúkraþjálfunar fyrir örorkulífeyrisþega. Reiknað er með að 1 króna sem varið er í starfsendurhæfingu skili 9 krónum til baka til samfélagsins. Að ógleymdu því að einstaklingur sem áður hafði sama og enga trú á sjálfum sér, hafði litla sem enga framtíðarsýn hefur upplifað trú á eigin áhrifamátt. Hann er orðin virkur einstaklingur í þjóðfélagini og hann og fjölskyldan

eru sátt og börnin hafa öðlast nýja fyrirmynnd.

### Heimildaskrá

Árni Magnússon (2001). *Málþing um starfsendurhæfingu*. Ávarp flutt á málþingi um starfsendurhæfingu. Reykjavík.

Elsa S. Þorvaldsdóttir (2001, 8. ágúst). Iðjuþjálfun í dagvist. *Morgunblaðið*, bls. 8

Geirlaug G. Björnsdóttir (2003). *Prórunarverkefni um endurhæfingu öryrkja*. Húsvík.

Geirlaug G. Björnsdóttir. (2005). *Starfsendurhæfing*. Fyrirlestur fluttur á ráðstefnu um starfsendurhæfingu, Reykjavík, Ísland.

Guðmundur Hilmarsson, Gunnar Kr. Guðmundsson. Hrafn Magnússon, Ragnar Árnason, Sigurður P. Sigmundsson, Sigurður Thorlacius og Þór G. Þórarinsson (2005). *Lokaskýrsla starfshóps um starfsendurhæfingu á Íslandi*. Reykjavík.

Ingvar Þóroddsson endurhæfingarlæknir Kristnesspítala, munnleg heimild, 19. janúar 2006.

Sawney, P., og Challenor, J.(2003). *Poor communication between health professionals is a barrier to rehabilitation*. Occupational Medicine, 53, 246–248.

Þóra Leósdóttir (2004). *Teymisvinna-fagmennska iðupjálfá*. Háskólinn á Akureyri.



## ÞEGAR GRANNT ER SKOÐAÐ ER AÐEINS EITT SEM LEGGUR GRUNNINN AÐ VELGENGNI OKKAR...

HJÓLASTÓLAR  
HJÁLPARMÓTORAR  
HITAHLÍFAR  
SPELKUR  
ADL TÆKI  
SMÁHJÁLPARTÆKI  
HÆKJUR  
STAFIR  
BAÐTÆKI

RAFMAGNSHJÓLASTÓLAR  
GÖNGUGRINDUR  
VINNUSTÓLAR  
RAFSKUTLUR  
SJÚKRARÚM  
RÚMBORD  
REIDHJÓL  
KERRUR  
STANDBEKKIR

HÁRKOLLUR  
GERVIBRJÓST  
SUNDBOLIR  
SJÚKRASOKKAR  
HJÓLASTÓLAR  
ÞRÍHJÓL  
HITAHLÍFAR  
SPELKUR  
SMÁHJÁLPARTÆKI

...ÁNÆGÐIR

VIÐSKIPTAVINIR



Trönuhrauni 8 • Hafnafjörður • Sími 565 2885 • [www.stod.is](http://www.stod.is)

# Spjall um sjúkrakennslu



**Iðjubjálfafélag Íslands stendur nú á tímamótum. 30 ár eru liðin frá stofnun félagsins og þá er gjarnan litið yfir farinn veg til upphafsára og þróunar fagsins hér á landi. Ein af frumkvöldum í iðjubjálfun á Íslandi er Kristín Tómasdóttir. Birtum við hér viðtal við Kristínu Tómasdóttur, með góðfúslegu leyfi hennar og Ingibjargar R. Magnúsdóttur hj.fr. sem tók viðtalið. Viðtalið birtist í tímariti Hjúkrun árið 1967.**

**V**ið Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri starfar nú sjúkrakennari - ung húsmóðir - sem flutti til bæjarins fyrir 2 árum síðan. Hún heitir Kristín Tómasdóttir, er fædd og uppalið í Reykjavík, dóttir Tómarsar heitins Jónssonar, borgarlögmanns og Sigríðar Thoroddsen.

Kristín byrjaði með sjúkrakennslu eða vinnulækningar á s.l. ári og á hér miklum og síauknum vinsældum að fagna. Hún hefur sætt sig við þróng húsakynni, lítil sem engin hjálpgögön og því erfið starfskilyrði, í von um, að framtíðin gefi meiri möguleika. Á s.l. ári flutti hún erindi á félagsfundum hjúkrunarkvenna um nám og starf sjúkrakennara. Í trausti þess, að fleiri hafi gaman af frásögn hennar, bað ég hana að svara nokkrum spurningum fyrir blaðið.

## - Hvað er sjúkrakennsla?

Pví vil ég helst svara með skilgreiningu dr. Helga Tómassonar: „Við vinnulækningar ber að skilja þá lækningaaðferð, sem beitir andlegrí eða líkamlegri starfsemi til þess að léttá fyrir sjúklingum um stundarsakir, stuðla að eða flýta fyrir bata á sjúkdómi eða afleiðingum af slysi. Starfsemi þessi ervalin handa sjúklingum á vísindalegan hátt af lækni eða undir læknishendi“. Sjúkrakennsla hefur verið þekkt og viðurkennd lækningaaðferð í mörgum löndum um árabil. Pessi lækningaaðferð er notuð á almennum sjúkrahúsum með handlækninga- og lyflækningadeildum, barnasjúkrahúsum, orthopediskum sjúkrahúsum, geðsjúkrahúsum, fávitahælum, elliheimilum og auk þess fangelsenum og fleiri slíkum stofnunum.

## - Þú varst í Danmörku, Kristín, var það í Kaupmannahöfn eða Árósum?

Ég stundaði nám í Kaupmannahöfn á árunum 1960-1963. Skólinn var stofnsettur árið 1935 og ber nafnið Skolen for beskæftigelsesterapeuter.

## - Hver voru inntökuskilyrði í skólann?

Pegar ég fékk inngöngu í skólann var nóg að hafa gagnfræðapróf, en

sökum umsækjendafjölda, sem eykst með ári hverju, og meiri hluti þeirra eru stúdentar, ganga þeir fyrir. Umsækjandi verður að vera orðinn 20 ára og ekki eldri en 32 ára, hafa helzt lokið námskeiði í vélritun og hjálp í viðlögun og hafa starfað eitthvað með lömuðum, vangefnum eða á einhvern hátt sjúku fólk. Skólinn þarf að fá upplýsingar um heilsufar, þroska og hæfileika umsækjenda til að umgangast annað fólk.

## - Viltu segja mér ofulítíð um námið?

Árið 1953 var menntun sjúkrakennara löggilt af danska læknafélaginu og í Danmörku eru 2 skólar starfræktir. Skólagjald var 900 íslenzkar krónur á mánuði í 22 mánuði, þar var innifalin greiðsla á bókum, kennslu og lítið eitt af námsvörum, svo sem basti, tágum, efni í smíðavinnu, handavinnuefni og fleira. Auk þess þurftum við að kaupa ýmsar smávörur: Máliningu, horn, sagarblöð og þ.u.l. Í skólanum voru teknir nemendur tvisvar á ári, í september og marz. Í hvert skipti komust aðeins 18 nemendur að, karlar og konur, en um skólavist sækja að meðaltali 100 fyrir hvert námskeið. Námstíminn var tæp 3 ár og kennsla fór fram að mestu leytti í skólanum sjálfum og stofnunum, þar sem löggiltur sjúkrakennari verður að vera. Fyrstu 4 mánuðina fór kennsla fram í skólanum, en næstu 4 mánuði vorum við látin hjálpa til á sjúkrahúsum í Kaupmannahöfn fyrri hluta dagsins, en síðari hlutann var venjulegur skóli og heimavinna þar á eftir. Eftir þessa 8 mánuði fengum við úrskurð um, hvort við vorum fær um að ljúka náminu og starfa sem sjúkrakennarar eða ekki. Annað árið var kennsla í skólanum og þá tókum við próf í öllum verklegum og flestum bóklegum greinum. Á 3. ári unnum við svo allan daginn, 4 mánuði á geðsjúkrahúsum og 4 mánuði á handlækningadeildum eða sérstökum æfingastöðum fyrir sjúklinga. Pann tíma þurfum við ekki að greiða skólagjald, en fengum í þess stað laun frá ríkinu eða stofnuninni, sem svaraði um 700 ísl. krónum á

mánuði. Auk þess fengum við frítt fæði, en urðum að greiða húsnæði sjálf. Að þessum 8 mánuðum loknum vorum við í skólanum í 2 mánuði, þar sem við fengum viðbótarkennslu, upprifjun og lukum þeim prófum, sem eftir voru.

#### **- Hvaða námsgreinar voru kennar?**

Náminu var skipt í tvennt, bóklegt og verklegt, en meira var lagt upp úr því bóklega.

#### **Aðal bókleg fögin voru:**

**Líffærfræði**, ca. 170 stundir, aðaláherzla var lögð á vöðva, bein og hreyfingar, sérstaklega hendur og fætur.

**Sjúkdómafræði**, ca. 170 stundir, aðaláherzla lögð á beinbrot, taugasjúkdóma og vöðvabólgrur.

**Lifeðlisfræði**, ca. 90 stundir, geðsjúkdómafræði, ca. 70 stundir, sálarfræði, ca. 40 stundir, reikningshald, ca. 20 stundir og auk þess voru ýmis smáfög.

#### **Aðal verklegu fögin voru:**

**Handavinna**, ca. 200 stundir, tré, málm- og beinsmíðar, ca. 200 stundir, knippling ca. 150 stundir.

**Að lokum** var hagnýt sjúkrakennsla.

Pá fórum við í heimsókn á sjúkrahús íborginni og næsta nágrenni, skoðuðum þessar stofnanir og fengum síðan 1–2 sjúklinga að sjá og spjalla við og áttum við svo, þegar heim kom, að skrifa um þá ritgerðir, skipuleggja vinnu þeirra og meðhöndlun hjá sjúkrakennara. Mikil áherzla var lögð á hjálparbögn fyrir sjúklinga og hvaða hreyfingar og verkefni hæfði þeim í hverju tilfelli. Í þessum aðalnámsgreinum lukum við prífi, en auk þess lærðum við vefnað, bast- og tágavinnu, leirsmíði, málningu á efni (stoftryk) og sitt hvað fleira. Ýmsar aðrar stofnanir en sjúkrahús heimsóttum við, svo sem söfn og verksmiðjur og hlustuðum á fjölmarga fyrilestra um sjúkdóma og sjúkrakennslu.

#### **- Hvað getur þú sagt mér um starfið sjálft, um sjúkrakennsluna sjálfa?**

Á flestum sjúkrahúsum í Danmörku fer sjúkrakennsla fram, bæði á deildunum og sérstökum vinnustofum. Álið er að kennsla á vinnustofunni sé betri, að öðru leyti en því, að þá fer sjúkrakennarinn á mis við þá snertingu við starfslið deildanna, sem



er bráðanauðsynleg, eigi að skapast góð samvinna. Í vinnustofunum eru meiri möguleikar á starfsgreinum og betra og léttara fyrir okkur sjúkrakennara að vinna, þar sem við höfum öll okkar verkfæri. Í stórum dráttum er hægt að skipta sjúkrakennslu í tvennt, kennslu eða þjálfun fyrir þá, sem haldnir eru líkamlegum sjúkdómum og þá, sem eru haldnir andlegum sjúkdómum.

Æfingarnar má svo flokka í: Liðamótaæfingar, æfingar til að byggja upp vöðvastyrkleika og meðhöndlun á skjálfta, á jafnvægisskyni, vöðvaspennu,



svima og fleiru, sem of langt væri upp að telja. Efni og áhöld eru valin með tilliti til hvað æfa þarf og er það allt frá grófu, þykku og þungu efni í létt og fíngert.

Ýmiss konar áhöld og breytingar á fatnaði má kenna sjúklingum að nota. Má þar nefna höld á skeiðar og gaffla, löng sköft á greiður, þvottahanzka með vasa fyrir sápu, nagla í brauðbretti, króka og lykkjur á föt og margt annað er auðveldar starf þeirra.

Meðhöndlun á andlega sjúkum er afar breytilegt. Þá er lagt kapp á að ná eftirtekt sjúklings og byggja upp andlegan þrótt, lífsáhuga og sjálfstraust. Reynt er að hálfa sjúklingum í sambandi við umheiminn og raunveruleikann og endurvekja starfs- og atvinnugetu. Á sumum sjúkrahúsum hefur verið komið upp eldhúsum, saumastofum, skrifstofum o.fl. slíku.

Öll kennsla okkar miðar að því að hjálpa sjúklingi til að hjálpa sér sjálfur.

#### **- Finnst þér ekki sárt, Kristín, að hafa ekki betri starfsskilyrði, en þú hefur hér hjá okkur?**

Jú, ekki er hægt að neita því. Sérstaklega þegar ég fái sjúkling, sem ég sé, að ég gæti hjálpað eitthvað, ef ég hefði stærra húsnæði og fleiri hjálparbögn. En þetta er auðvitað allt á byrjunarstigi og t. d. hér áður fyrr varð sjúkrakennari í Danmörku oftast að láta sér nægja litlar kytrur, jafnt í kjöllurum sem háaloftum, en nú á seinni árum er gert ráð fyrir sjúkrakennurum við nýjar stofnanir og byggðar sérstakar, sólríkar og góðar stofur fyrir starfsemi þeirra.

Pá er líka að athuga, að þar sem ég get ekki starfað meira að þessu en 3 morgna í viku, get ég ekki vænzt þess, að fá allt sem mig vanhagar um fyrsta árið.

Í von um, að sjúkrahúsið bæti starfsskilyrði sín og megi njóta starfeskrafta Kristínar sem lengst, þakka ég henni fyrir spjallið.

*Ingibjörg R. Magnúsdóttir.*



**REYKJALUNDUR**  
endurhæfing

# Ágrip úr B.Sc. verkefnum iðjuþjálfanema frá Háskólanum á Akureyri

## Stöðlun A-ONE matstækisins fyrir börn: Forathugun á norðlenskum leikskólabörnum

Tilgangur lokaverkefnirannsóknarinnar tengist því að útbúa stöðluð viðmið fyrir framkvæmd á athöfnum daglegs lífs (ADL) á ákveðnum þroskastigum. Slíkt er forsenda þess að hægt verði að nota matið fyrir börn á mismunandi aldursskeiðum. Rannsóknin er hluti af stærri rannsókn Guðrúnar Árnadóttur sem felst í því að þroa og staðla matstækið A-ONE fyrir börn. Guðrún hefur nú aðlagða hugtök, skilgreiningar og kvarða A-ONE matstækisins fyrir börn, til notkunar í rannsóknar- og þróunarvinnu. Hugmyndin með A-ONE barnamatstæki er að tengja framkvæmdafærni barns í ADL athöfnum við þroskaþætti í stað skerts tauga-afterlis eins og gert er hjá fullorðnum.

Með forathugun munu rannsakendur afla upplýsinga um frammistöðu norðlenskra barna á aldrinum 5-6 ára sem þroskast hafa eðlilega. (Athafnirnar sem barnið framkvæmir eru: Klæðnáður, snyrtung, að borða, tjáskipti og að fara um á dvalarstað.) Niðurstöður forathugunarinnar ásamt upplýsingum um frammistöðu barna á þessu aldursskeiði úr stærri rannsókn Guðrúnar Árnadóttur munu nýtast til að finna út viðmið um eðlilega frammistöðu barna á þessum aldri við framkvæmd athafna daglegs lífs.

Vonast er til að A-ONE matstæki fyrir börn nýtist til skimunar og nákvæmrar greiningar á iðjuvanda.

**Höfundar:** Erla Alfreðsdóttir og Pálína S. Halldórsdóttir

**Leiðbeinandi:** Guðrún Árnadóttir

## Fjölskyldumiðuð nálgun á þjónustu við börn og fjölskyldur þeirra. – Rannsóknaráætlun

Markmið rannsóknarinnar er að afla upplýsinga um það hvernig foreldrar/forráðamenn fatlaðra barna upplifi framkomu heilbrigðisstarfsfólks í tengslum við þjónustu sem þeim er veitt. Jafn-

framt er þetta fyrsta athugun á notagildi matstækisins The Measure of Processes of Care og íslenskri þýðingu þess. Niðurstöður matsins gefa vísbendingar um þjónustuna og gefa aðilum sem hana veita tölk að koma til móts við þarfir foreldra/forráðamanna. Úrtak rannsóknarinnar eru 30 foreldrar/forráðamenn fatlaðra barna sem hafa fengið þjónustu hjá ákveðinni þjónustumiðstöð í a.m.k. sex mánuði. Matstækið er spurningalisti sem hefur verið þýddur af rannsakendum úr ensku með bakþýðingaraðferð og aðlagðaður að íslenskum aðstæðum. Nær öll matstæki sem iðjuþjálfar á Íslandi nota eiga uppruna sinn erlendis. Mikilvægt er að þýða þau og aðlaga að íslenskum aðstæðum til einföldunar á notkun þeirra hér á landi.

**Höfundar:** Helena Halldórsdóttir og Nanna Bára Birgisdóttir

**Leiðbeinandi:** Valerie Harris

## Endurhæfing og eftirfylgd - Reynolds, þátttaka og virkni skjólstæðinga -

Markmið rannsóknarinnar er tvíþætt. Í fyrsta lagi að kenna reynslu skjólstæðinga af endurhæfingu inni á stofnun og eftirfylgd að henni lokinni. Í öðru lagi að fá mynd af aðstæðum þessara skjólstæðinga, þátttöku þeirra og virkni eftir að nokkur tími er liðinn frá útskrift.

Hingað til hafa erlendar rannsóknir aðallega beinst að sjálfsbjargargetu einstaklinga eftir endurhæfingu og aðlögun þeirra að samfélaginu. Minna hefur verið kennað viðhorf þeirra til þjónustunnar og þátttöku þeirra í samfélaginu.

Um er að ræða megindlega forrannsókn gerða í þeim tilgangi að kenna hvernig virkni, þátttöku og lífsgæðum er hátt að hjá þeim sem hafa fengið endurhæfingu ásamt eftirfylgd á taugasviði Reykjalundar. Til að kenna það bjuggu rannsakendur til mælitæki (spurningalisti). Við gagnaöflun fóru rannsakend-

ur heim til þátttakenda með mælitækið og voru þátttakendum innan handar á meðan svarað var.

Rannsóknarþýðið eru skjólstæðingar, sem hafa fengið endurhæfingu á taugasviði Reykjalundar í a.m.k. 4 vikur og eftirfylgd á tímabilinu 1. janúar 2004 til 31. desember 2005. Um það bil 40 einstaklingar uppfylltu þessi skilyrði og var leitað til þeirra allra um þátttöku. Alls var safnað upplýsingum hjá 32 einstaklingum með áður nefndum hætti. Við úrvinnslu gagna var tölfræðiforritið SPSS notað. Lýsandi tölfræði var notuð og tengsl milli breyta könnuð.

Reykjalundur mun koma til með að nýta niðurstöðurnar í gæðastarfi á taugasviði, til að bæta endurhæfingu og eftirfylgd við skjólstæðinga, og ásamt því að fá upplýsingar um notagildi mælitækisins. Pessi könnun er innlegg í umræðu um skipulagningu og endurskoðun endurhæfingar, en í því samhengi er mikilvægt að fá fram sjónarmið notenda. Pátttakendur í rannsókninni munu leggja sitt af mörkum við að meta árangur endurhæfingar og eftirfylgdar og munu skjólstæðingar endurhæfingarstofnanna í framtíðinni njóta góðs af því.

**Höfundar:** Anna Dís Guðbergsdóttir og Rakel Björk Gunnarsdóttir

**Leiðbeinandi:** Margrét Sigurðardóttir

## Pekking stjórnsýsluáætluna á International Classification of Functioning, Disability and Health (ICF): Rannsóknaráætlun

Í samfélaginu eru nokkuð áberandi umræður um fjölgun öryrkja og aukningu á útgjöldum ríkisins til heilbrigðismála, hér á landi. Einnig er tilfinnanlegur skortur á upplýsingakerfi sem skráir færni og færniskerðingar fólks.

Þjónusta tengd einstaklingum með færniskerðingu í samfélaginu er fjölbreytt og oft skipt upp í þrennt. Fyrst er það stjórnsýslulegt umhverfi,

sem er löggjafinn og framkvæmdaraðilinn í ráðuneytum málaflokkins. Næst er umhverfi fagstétt og stofnanir sem bera ábyrgð á þjónustu við fatlaða og innst er þjónustan við einstaklinginn.

Fyrirhugað er að þýða á íslensku ICF sem er alþjóðlegt flokkunar- og kóðunarkerfi WHO og skráir færni og færniskerðingu. Stjórnvöld hafa skuldbundið sig, með alþjóðasamkomulagi, að innleiða ICF á Íslandi og tillaga um það frá Landlæknisembættinu liggur fyrir í dag.

Þarf er að skoða þekkingu á fyrsta þjónustustigi í innleiðingu á ICF, það er hjá stjórnsýsluaðilum. Pannig að hægt sé að ákveða hvernig og hvar nauðsynleg kynning á viðfangsefninu fer fram. Markmið fyrirhugaðrar rannsóknar er að kanna þekkingu hjá stjórnsýsluaðilum ráðuneyta sem koma að skipulagningu og framkvæmd á máleznum fatlaðra, það eru Félagsmálaráðuneytið, Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið ásamt Landlæknisembættinu.

Rannsóknarspurningin er: Hver er þekking aðila stjórnsýslunnar á flokkunar- og kóðunarkerfinu ICF? Fyrirhuguð rannsóknaraðferð verður tvíþætt, fyrri hlutinn lýsandi meginleg netkönnun. Spurningalistar verða send á netföng starfsmanna tveggja fyrrnefndra ráðuneyta og Landlæknisembættisins. Seinni hlutinn verður eiginleg greinandi viðtöl við nokkrar lykilpersónur sömu stofnanna sem bera ábyrgð á máleznum fatlaðra. Rannsóknin mun nýtast í kynningu á ICF og sem lóð á vogarskál umræðna um færni og færniskerðingu fólks á Íslandi.

**Höfundur:** Kristín Thorberg

**Leiðbeinandi:** Guðrún Pálmadóttir

## Notkun kenninga og starfslíkana í iðjuþjálfun

Verkefnið er heimildasamantekt, þar sem leitast er við að svara spurningunni: Nota iðjuþjálfar kennigar og starfslíkön í starfi – hvað hvetur og hvað hindrar notkun þeirra?

Skýrt er frá niðurstöðum helstu rannsókna sem fjalla um notkun og þekkingu iðjuþjálfar á kenningum og starfslíkön. Dregnir eru fram þeir þættir sem ýmist eru taldir hvetja eða

hindra iðjuþjálfar í að nota þau í starfi. Fjallað er um hvernig stöðugt er unnið að bættri þjónustu iðjuþjálfar með því að leggja aukna áherslu á notkun kenninga og faglíkana, faglega rökleiðslu og skjólstæðingsmiðað og gagnreynst starf. Einnig er rætt um hvað góð grunnmenntun skiptir miklu máli og nauðsyn þess að eiga kost á fjölbreyttri endurmenntun þar sem hægt er að fylgjast með nýjungum og þróun fagsins. Að lokum er komið inn á hvernig kröfur um endurnýjun starfsleyfa geta virkað sem hvatning til þess að halda menntun sinni við.

Út frá niðurstöðum heimildasamantektarinnar eru settar fram tillögur um hvernig hægt er að stuðla að notkun íslenskra iðjuþjálfar á kenningum og starfslíkönum í framtíðinni.

**Höfundur:** Harpa Lind Kristjánsdóttir  
**Leiðbeinandi:** Margrét Sigurðardóttir

## Skynúrvinnsla íslenskra barna og ungmenna með Aspergers heilkenni og svipaðar raskanir á einhverfurófi

**Lykilord:** *Aspergers heilkenni, skynúrvinnsla, hegðun og færni*

Tilgangur: Markmið rannsóknarinnar var að afla upplýsinga um hvað einkennir skynúrvinnslu barna og ungmenna sem greinst hafa með Aspergers heilkenni og svipaðar raskanir á einhverfurófi og áhrif á hegðun og færni við dagleg viðfangsefni. Ennfremur að gera samanburð á niðurstöðum úr bandarísku stöðlunarúrtaki og úrtaki úr íslenskri forrannsókninni.

Bakgrunnur: Fræðimenn hafa bent á að börn með raskanir á einhverfurófi búa oft við frávik í skyn- og hreyfijöroska. Vandi í skynúrvinnslu getur verið til staðar og haft neikvæð áhrif á hegðun barnanna og færni við dagleg viðfangsefni þar með talið nám og leik og tómstundaiðju. Þessi vandi á sinn þátt í erfiðleikum við félagsleg samskipti. Ekki er vitað til þess að rannsóknir hafi verið gerðar á skynúrvinnslu hjá þessum hópi hér á landi og er þessi rannsókn því sú fyrsta sinnar tegundar.

Aðferð: Notuð var meginleg rannsóknaraðferð og gagna aflað með spurningakönnun þar sem forráða-

menn barna og ungmenna, sem fædd eru á árunum 1991–1995 fylltu út matslistann Sensory Profile fyrir unglings og fullorðna (AASP). Rannsóknin náði til 30 barna og ungmenna sem öll höfðu greiningu frá Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins. Öll tilskilin leyfi voru fengin. Gagnaöflun fór fram í febrúar og mars 2006. Við skráningu og úrvinnslu gagna var Statistical Package for the Social Sciences (SPSS) tölfræðiforritið nýtt. Niðurstöður voru skoðaðar með lýsandi tölfræði og t-prófi eins úrtaks var beitt til að kanna marktekt, auk þess sem fylgnistuðlar voru fundnar.

Niðurstöður: Svarhlutfall var 77%. Í rannsóknarhópi voru 17 drengir og 6 stúlkur. Miðsækni heildarskora var skoðuð með hliðsjón af viðmiðum og flokkunarkerfi matstækisins. Frumniðurstöður benda til þess að börn í rannsóknarhópnum búi við skyn-úrvinnslu sem er ólík því sem almennt gerist í öllum þeim flokkum sem metnir eru með AASP. Ennfremur benda niðurstöður til þess að marktækur munur sé á skynúrvinnslurann-sóknarhópsins samanborið við banda-ríska stöðlunarúrtakið og úrtakið úr íslensku forrannsókninni.

Gildi: Það er von rannsakenda að niðurstöður geti varpað ljósi á hvað einkennir skynúrvinnslu barna og ungmenna með Aspergers heilkenni og svipaðar raskanir á einhverfurófi. Með því að kortleggja skynúrvinnsluvanda og áhrif hans á hegðun og færni við dagleg viðfangsefni er hægt að efla skilning foreldra og fagfólks og stuðla að markvissari íhlutun. Upplýsingarnar geta einnig nýst við skipulagningu á þjónustu fyrir þennan hóp, börnunum og fjölskyldum þeirra til hagsbóta.

**Höfundar:** Sigríður O. Guðjónsdóttir  
og Þóra Leósdóttir

**Leiðbeinandi:** Snæfríður Þóra Egilson

**Plastiðjan  
BJARG**

# LIK lyftarar



í mörgun stærðum  
og gerðum

**J.Eiríksson ehf**  
**Tangarhöfða 5**  
**Reykjavík**  
**Simi 564 2820**  
**je.is**

# Pistill frá Siðanefnd

Á aðalfundi IPÍ 10. mars 2001 voru siðareglur Iðjubjálfafélags Íslands samþykkтар. Í kjölfar þess var skipuð fyrsta siðanefnd IPÍ. Í nefndinni sitja Auður Axelsdóttir, Guðrún Áslaug Einarsdóttir og Margrét Sigurðardóttir. Varamenn eru þrír og eru boðaðir á fund með nefndinni einu sinni á ári og síðan er hægt að kalla þá til þegar á þarf að halda vegna einstakra mála.

Eitt fyrsta verk nefndarinnar var að láta prenta siðareglurnar á plakat og hafa félagsmenn jafnframt verið hvattir til að útvega sér þær og hengja upp á vinnustöðum sínum. Bent er á að hægt er að nálgast plakatið með siðareglunum á skrifstofu félagsins í Lágmúla og eins í Háskólanum á Akureyri.

Samhliða þessu verkefni vann nefndin að því að gera starfsreglur sem unnið skal eftir hverju sinni í þeim málum sem berast. Leituðum við fanga hjá ýmsum öðrum sambærilegum félögum við samningu þeirra. Starfsreglurnar voru samþykktar á aðalfundi árið 2003. Nefndin hefur haldið reglulega fundi og hefur meðal annars lagt áherslu á að ræða innihald starfsreglna og siðareglna, ásamt mikilvægi þess að þær séu endurskoðaðar reglulega. Nefndin hefur skrifað pistla í fagblað iðjubjálfa, sem hafa byggt á einstökum siðareglum í þeim tilgangi að skapa umræðu meðal félagsmanna um gildi reglnanna, starfs okkar almennt sem og nálgun við skjólstæðinga. Það hefur verið á ferðinni hvatning til félagsmanna um að vera meðvitaðir um hvað siðareglur okkar innibera fyrir okkur sem fagmenn og skjólstæðinga okkar. Mikilvægt er að gera sér grein fyrir hvað hver siðareglastendur fyrir og hvernig við förum eftir þeim dags daglega.

Það hafa ekki borist mörg formleg erindi til nefndarinnar sem ef til vill er jákvætt. Einnig má velta fyrir sér hvort það geti ekki stafað að því hve ung nefndin er og ekki mjög kunn félagsmönnum. Þegar erindi berst nefndinni er það að sjálfsögðu skoðað frá öllum hliðum og framgangur ávallt háður hverju máli fyrir sig. Svona rétt til glöggunar er vitnað hér í heimasíðu Iðjubjálfafélagsins þar sem fram kemur eftirfarandi:

„Komi upp óvissa eða ágreiningur varðandi túlkun eða notkun siðareglanna, skal beina fyrispurnum til siðanefndar Iðjubjálfafélags Íslands (IPÍ). Hver sá sem telur að iðjubjálfi hafi brotið gegn siðareglum þessum getur kaert ætlað brot til siðanefndar IPÍ“.

Regluleg umræða hefur farið fram meðal nefndarmanna um hvort siðanefndin sé nógu sýnileg og hvernig megi bæta þar úr. Heimasíðan er að sjálfsögðu mikilvægur hlekkur þar og bindum við miklar vonir við nýja heimasíðugerð innan félagsins.

Á afmælisárinu er fyrirhugað að siðanefndin sækji námskeið um hlutverk siðanefnda. Markmiðið er að nefndin verði betur í stakk búin að taka á þeim málum sem kunna að berast í framtíðinni. Með þetta að leiðarljósi var sótt um styrk til fræðslusjóðs Iðjubjálfafélagsins, sem var veittur og mun hann koma í góðar þarfir. Það er siðfræðistofnun Háskóla Íslands sem mun verða innan handar með skipulagningu námskeiðsins.

Það má merkja nýjar áherslur í dag um þjónustu og nálgun við skjólstæðinga. Talað er um að skjólstæðingar og aðstandendur eigi nú að koma að stefnumótun í heilbrigðisþjónustu, að efla beri þátttöku fólks í samfélagini og að auðvelda skuli aðgengi að allri þjónustu svo eitthvað sé nefnt.

Í siðareglu 1.5 má greina þetta viðhorf:

„Iðjubjálfi eflir skjólstæðinga sína til að auka eigin færni, virðir sjálfs-ákvörðunarrétt þeirra og upplýsir þá um valkostina sem koma til greina við lausn á færnvanda“.

Almennt er mikil áhersla lögð á virðingu fyrir manneskjunni í siðareglum okkar og fordómaleysi fyrir okkar skjólstæðingum. Þessi gildi eru öll það sjálfsögð að eflaust finnst okkur ekki að við þurfum að hugleiða þau dags daglega. En við minnum á mikilvægi þess að hafa þau í heiðri þegar unnið er að því að efla þjónustu á einhverjum sviðum. Um þessar mundir er rætt töluvert um þörfina á aukinni þjónustu iðjubjálfa úti í samfélagini. Við verðum að spyrja okkur spurninga eins og hvort við séum í raun að mæta skjólstæðingum okkar á þeirra eigin forsendum? Erum við að nýta reynslu þeirra til að gera betur og kanna gæði, eða er stundum verið að taka mið af einhverju sem við teljum að hafi virkað án þess að gera á því almennilega greiningu?

Í siðareglum okkar segir enn fremur í siðareglu 4.3:

„Iðjubjálfi hefur frumkvæði að og er virkur þátttakandi í stefnumótun heilsueflingar, hæfingar- og endurhæfingarþjónustu innan heilbrigðis-, félags- og menntakerfis“.

Ef litið er yfir framgang mála á undanförnum árum má segja að iðjubjálfar hafi í auknu mæli tekið frumkvæði að nýjum leiðum og áherslum og brautryðendum fjölgar. Á afmælisárinu verður eflaust farið vel yfir þróun félagsins og þær miklu breytingar sem hafa átt sér stað með fjölgun félagsmanna og breyttum áherslum í tímans rás.

Það verður æ mikilvægara að huga að gildum okkar og leiðum eftir því sem fagið okkar þróast og er siðanefnd mikilvægur hlekkur í þeirri þróun í samstarfi við stjórn, félagsmenn og skjólstæðinga.

**Fyrir hönd siðanefndar  
Iðjubjálfafélags Íslands,  
Auður Axelsdóttir, formaður.**

## Iðjubjálfi óskast

Iðjubjálfi óskast til afleysinga í 100% stöðu í allt að eitt ár frá 1. september 2006. Umsóknarrestur rennur út 1. júlí.

Nánari upplýsingar í síma 450-4500 veita Harpa Guðmundsdóttir, iðjubjálfi harpa@fsi.is og Sigurveig Gunnarsdóttir, deildarstjóri veiga@fsi.is





## HÁSKÓLINN Á AKUREYRI

[www.unak.is/heilbrigdisdeild](http://www.unak.is/heilbrigdisdeild)

HEILBRIGÐISDEILD



Á [www.unak.is](http://www.unak.is) er að finna gagnlegar upplýsingar, m.a. um námsframboðið, lesaðstöðu, stúdentagarða, félagslíf, umsóknarferlið og skólabænn Akureyri. Þar er einnig hægt að skrá sig til að fá kynningarrefni sent heim að dyrum.



### ⌚ Hjúkrunarfæði ⌚ Iðjuþjálfun

### ⌚ Diplómu- og meistaranám í heilbrigðisvíssindum

#### Hjúkrunarfæði

Markmið námsins er að búa nemendur undir að gegna almennum hjúkrunarstörfum svo og stjórnunar- og fræðslustörfum á flestum sviðum heilbrigðispjónustu. Námið skiptist í raunvísindi, hug- og félagsvíssindagreinar og hjúkrunarfæðigreinar. Klínískt nám hefst strax á fyrsta ári, fer fram víða um land og tekur samtals 24 vikur.

#### Iðjuþjálfun

Háskólinn á Akureyri er eini íslenski háskólinn sem býður upp á nám í iðjuþjálfun. Markmið námsins er að búa nemendur undir fjölbreytt störf sem iðjuþjálfar í heilbrigðis- og félagspjónustu, skólakerfinu og á almennum markaði. Námið skiptist í raunvísindi, hug- og félagsvíssindagreinar, heilbrigðisvíssindi og iðjuvísindi. Vettvangsnám er 25 vikur.

#### Diplómu- og meistaranám í heilbrigðisvíssindum

Við heilbrigðisdeild er í boði nám til meistaragráðu í heilbrigðisvíssindum. Námið er 60 einingar og samanstendur af sex 5 eininga námskeiðum og 30 eininga rannsóknarverkefni. Einnig er í boði 30 eininga diplómanám og hægt er að skrá sig í einstök námskeið.

#### Aðstaða

Á háskólasvæðinu á Sólborg er sérstök álma fyrir verklegt nám í heilbrigðisvíssindum. Húsnæðið er ríkulega búið tækjum sem notuð eru við kennslu og er aðstaða fyrir nemendur eins og hún gerist best.



## Við leggjum þér lið



### Úrval af hjálpartækjum og heilbrigðisvörum

Höfum fyrirliggjandi rampa og sliskjur sem auðvelda aðgengi fyrir hjólastóla og rafskutlur. Sliskjurnar er hægt að fá í mismunandi lengdum en römpunum er hægt að raða saman og byggja upp eftir þörfum. Úrval af rafskutlum. Sérpöntum einnig hjólastóla fyrir börn og fullorðna.

Verslunin er opin virka daga kl. 9-18.  
Persónuleg þjónusta og fagleg ráðgjöf.



Eirberg